



# Fjölnir

ÁRSSKÝRSLA 2019









# Ávarp framkvæmdastjóra

Árið 2019 hófst með krafti hjá okkur í Fjölni. Félagið hefur aldrei verið stærra, þjónustan mikil og breið hún nær til sífellt stærri og fjölbreyttari hóps af iðkendum á öllum aldri en þetta kemur meðal annars fram í skýrslu sem ÍTR vann og kynnti núna á árinu 2020. Að vanda hófst árið á glæsi- legu þorablóti sem var nú haldið í fyrsta skipti í Fjölnishöllinni í Egilshöll. Uppselt var á blótið og voru rúmlega 1.250 gestir í mat og hátt í 1.500 hundruð manns skemmtu sér vel á kvöldinu. Ég vil nota tækifærið hér og þakka öllum fyrir skemmtunina og mínu frábæra samstarfsfólki Málfríði Sigurhansdóttur, Jósep Grímssyni og Valgerði Sigurðardóttur fyrir frábært samstarf.

Við höldum áfram að efla starfið okkar og aðstöðu á árinu. Félagið tók í notkun seint á árinu tvo nýja búningsklefa fyrir meistaraflokka í knattspyrnu í Egilshöll sem gjörbreytir þeirra aðstöðu og umgjörð. Á árinu var líka klárað eftir mikla undirbúningsvinnu að koma Austurenda Egilshallar í nothæft ástand til að geta boðið frjálsíþróttadeild félagsins langþráða aðstöðu fyrir sína iðkendur og þá aðallega þá yngri. Stendur til að vígja þessi rými formlega á árinu 2020.

Frjálsíþrótt- og sunddeild í samstarfi við HFR (hjólreiðafélag Reykjavíkur) lögðu grunn að stofnun á þríþrautahóp í lok ársins.

Skautadeildirnar okkar, hokki og listskautar voru í aðlögunarferli á árinu sem gekk vel. Það verður spennandi að þróa þessar deildir með fólkinu þar á næstu misserum undir merkjum Fjölnis. Við stefnum á að halda áfram þróun á svæðinu okkar í kringum skautasvellið á árinu 2020 í samstarfi við Reginn og Reykjavíkurborg.

Uppbygging á félagssvæðinu okkar í Egilshöll hélt áfram, m.a.

- ▶ Fjölgun á búningsklefum
- ▶ Nýr íshefill á skautasvellið
- ▶ Nýir búningsklefar fyrir mfl. karla og – kvenna í knattspyrnu
- ▶ Kynningar- og auglýsingaskjá í anddyri
- ▶ Áframhaldandi þróun á keppnisástöðu í Fjölnishöll
- ▶ Þróun nýjum keppnisvelli í knattspyrnu við Egilshöll

Frístundaakstur var keyrður allt árið 2019 og er almenn ánægja með þessa þjónustu en aðalmarkmiðið með þessu er að aðstoða fjölskyldur og börn í 1.-2. bekk að mæta strax til æfinga eftir skóla og vera búin með sinn vinnudag kl. 16. Getu þar með notið þess að vera með fjölskyldunni eftir það. Þetta er líka umhverfisvæn þjónusta, minnkar skutl og gerir sumum börnum einfaldlega kleift að stunda íþróttir.

En þessi þjónusta kostar og þrátt fyrir styrk frá Reykjavíkurborg þá dugur það ekki til og leggst því milljóna kostnaður á félagið. Ekki hefur verið fjárhagslegur vilji hjá Reykjavíkurborg að skoða þetta betur með okkur. Við





verðum því miður að skoða hvort við getum haldið þessari þjónustu áfram frá næsta hausti.

Við viljum hins vegar mikla samvinnu við leikskóla, skóla og frístundaheimili en allir þessir aðilar gegna hlutverki í uppeldi og þroskaferli barna og unglunga. Þessir aðilar sinna þjónustu fyrir íbúana og eru allir reknir af borginni eða njóta styrkja frá borginni til að sinna sínu hlutverki. Það er því mikilvægt að þeir geti unnið saman og samhæft sína þjónustu gagnvart íbúum, sérstaklega með því að tryggja að þjónustutíminn rúmist innan hefðbundins vinnudags, en einnig til að styrkleikar hvers einstaklings fái notið sín. Með hliðsjón að þessu og góðri nýtingu mannvirkja þá teljum við frístundaakstur og gott samstarf við skólaumhverfið mikilvægt og vonandi tekst okkur að þróa það með hagsmuni iðkenda og foreldra að leiðarljósi.

Ný heimasíða var tekin í notkun í byrjun ársins 2019 og er henni ætlað að styrkja við markaðs- og kynningarstarf félagsins en við höfum aukið áherslur á þessu sviði bæði til að kynna starfsemina og að reyna að fjölga börnum og fólki á öllum aldri til að nýta sér það sem félagið hefur uppá að bjóða.

### **Stærð og fjármál félagsins**

Þrátt fyrir ungan aldur er Fjölnir með langflesta iðkendum á aldrinum 6–18 ára eða nær tvöfalt fleiri en önnur félög í Reykjavík sem nota frístunda- styrk Reykjavíkurborgar. Hjá okkur voru 66% barna og unglunga á aldr-





inum 6–18 ára sem sækja þjónustu hjá félaginu skv frístundakorti 2019 en það er yfir meðaltali sem er 63%. Okkar markmið er að þetta hlutfall verði í kringum 80% á næstu árum.

Hins vegar er ljóst að fjárhagsleg afkoma félagsins er orðin erfið þar sem stærð félagsins og fjölbreytt úrval á þjónustu, auknar kröfur frá iðkendum, foreldrum, afrekshópum og samfélaginu veldur því að við höfum þróast hraðar heldur en stuðningur Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir. Við munum vinna í því á næstu mánuðum að fá aukinn rekstrarstyrk til að geta þróað félagið áfram, veitt þá þjónustu sem krafist er af okkur. Það er hins vegar alveg ljóst að rekstur meistaraflokka í boltagreinum er orðin alltof dýr og komin úr öllu samhengi við þann fjárhagsveruleika sem þær búa við og verður það okkar verkefni að aðlaga þann rekstur að veruleikanum ef ekki á illa að fara fyrir félagið í heild sinni.

## Sjálfbæðiáætlunin

Stuðningur og þátttaka foreldra er mikilvæg fyrir börn og unglinga til að þau ílengist í íþróttastarfi. Eflir það tengsl barna og foreldra ásamt því að styrkja félagsleg tengsl þeirra. Fjölirnir reidur sig mikið á þátttöku foreldra í starfsemi sinni og er hún því einnig mjög mikilvægur hlekkur í allri keðjunni. Ég vil hvetja foreldra og aðra forráðamenn að taka virkan þátt í starfinu hjá félaginu svo okkur takist að halda vel utan um börnin og að afreksstarf geti þróast og blómstrað hjá okkur.

Nokkrir viðburðir á árinu,

- ▶ Sambíómótið í körfubolta
- ▶ Extramótið í knattspyrnu
- ▶ Árgangamótið í knattspyrnu
- ▶ Fjölнисjaxlinn
- ▶ Vorsýning fimleikadeildar
- ▶ Íslandsmót í fimleikum
- ▶ Fjöllidamót í handbolta og körfubolta
- ▶ Fjölnishlaupið
- ▶ Fjölirnir Cup handboltamót
- ▶ Skautamót
- ▶ Þorrablót
- ▶ Októberfest
- ▶ Önnur mót og viðburðir

Eldri borgurum hefur verið að fjölga í starfinu hjá okkur á árinu og er mjög ánægjulegt að sjá þennan flotta hóp mæta, æfa og hittast svo í kaffi í Miðjunni okkar í Egilshöll. Þar eru heimsmálin krufin og oft mikið fjör. Stór hluti af þessum hóp er svo að fara til Grikklands í sumar á Golden age leikanna. Við erum þess viss að hérna verður stöðug aukning á næstu misserum og mun þetta styrkja félagið og samfélagið í framtíðinni.

Bæði liðin okkar í karlaflokki í körfubolta og handbolta fóru upp í efstu deild en þessar línur eru skrifadar þá er líklegt að þau séu bæði á leiðinni í 1. deild á næsta keppnistímabili. Hokkí liðið í karlaflokki vann Lýsisbikarinn og þeir munum heyja baráttu við Skautafélag Akureyrar um íslandsmeistaratitilinn. Kvinnaliðin í boltaíþróttum eru öll í 1 deild en þar er verið að byggja upp framtíðarlið. Þegar þetta er skrifað er ljóst að körfubotlaliðið



verður í úrslitakeppninni um að komast upp í Domios deildina. Við erum svo með sameiginlegt lið í kvenna hokki með SR.

Sjálfbodaðliðar og stjórnarfolk hafa allir staðið sig vel á árinu og sýnt að þeir hafa metnað og getu til að takast á við stór og smá verkefni, vinna úr þeim félaginu og sér til sóma. Mikið mæðir oft á formönnum deilda og vil ég þakka þeim sérstaklega fyrir óeigingjarnt og gott starf en án þeirra, annara stjórnarmanna og sjálfbodaðliða yrði ekkert íþróttalíf sem við öll njótum á einn eða annan hátt. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum fyrir samstarfið á árinu, sérstaklega vil ég þakka samstarfsmönnum mínum fyrir mikinn áhuga og metnað fyrir hönd félagsins.

Á árinu hættu tveir starfsmenn hjá félaginu, þau Hermann Kr Hreinsson og Sigríður Rut. Bæði höfðu þau starfað lengi hjá félaginu og er þeim þökkúð fyrir góð störf fyrir félagið. Á árinu hætti líka góð samstarfskona hún Þorgerður Ósk Jónsdóttir rekstrarstjóri hjá fimleikadeildinni og vil ég þakka henni fyrir frábært samstarf á liðnum árum. Nýir starfsmenn bætust í hópinn á árinu en það eru uppalinn Fjölnisdrengur hann Arnór Ásgeirsson sem hefur leitt sókn okkar í markaðs- og skipulagsmálum og Margrét Björg Hallrímsdóttir sem er starfsmaður í Dalhúsum. Ég vil þakka starfsfólki Knatt-hallarinnar fyrir gott samstarf á árinu.

Framundan hjá okkur er mikil vinna við að tryggja fjárhagslega afkomu afreksflokka félagsins og félagsins sjálfs ásamt því að styrkja innviði í félagi sem hefur vaxið hratt á undanförunum árum ásamt því að tryggja nýjan heimavöll við Egilshöll fyrir knattspyrnudeild félagsins.

#### **#FélagiðOkkar**


Guðmundur L Gunnarsson  
Framkvæmdastjóri





# Fáðu næsta pakka á N1

Nú geturðu valið að sækja sendinguna þína frá netverslunum ELKO og ASOS á sjö af þjónustustöðvum N1 á höfuðborgarsvæðinu – jafnvel allan sólarhringinn. Við tökum netverslunina alla leið svo þú getur strax byrjað að hlakka til næsta pakka!





# Aðalstjórn

.....

## Stjórn kjörin á aðalfundi 19. mars 2019

Jón Karl Ólafsson, formaður

Ásta Björk Matthíasdóttir, varaformaður

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir

Styrmir Freyr Böðvarsson

Elísa Kristmannsdóttir

Hreinn Ólafsson

Jósep Grímsson



# Starfsmenn

## Starfsmenn Egilshallar

### SKRIFSTOFA FJÖLNIS

#### FRAMKVÆMDASTJÓRI

Guðmundur L. Gunnarsson  
gummi@fjolnir.is

### ÍÞRÓTTA- OG FÉLAGSMÁLASTJÓRI

Málfríður Sigurhansdóttir  
frida@fjolnir.is

### MARKAÐSFULLTRÚI

Arnór Ásgeirsson  
arnor@fjolnir.is

### BÓKHALD

Ragnheiður G Jóhannesdóttir  
bokari@fjolnir.is

Hjá þeim er hægt að fá allar upplýsingar um starfsemi félagsins.



Guðmundur L. Gunnarsson



Málfríður Sigurhansdóttir



Arnór Ásgeirsson



Ragnheiður G Jóhannesdóttir



Zoran Stosic



Boban Ristic

**Starfsmenn Dalhúsa - Íþróttahús****REKSTRAR- OG VALLARSTJÓRI**

Zoran Stosic  
zoran@fjolnir.is

**STARFSMAÐUR**

Boban Ristic  
dalhus@fjolnir.is

**STARFSMAÐUR**

Margrét Björg Hallgrímsdóttir  
dalhus@fjolnir.is



Margrét Björg Hallgrímsdóttir



Berglind Bjarnadóttir

**Aðrir starfsmenn****VERKEFNASTJÓRI FIMLEIKAEILDAR**

Berglind Bjarnadóttir  
fimleikar@fjolnir.is

**VERKEFNASTJÓRI HÓPFIMLEIKA**

Jónas Valgeirsson  
jonas@fjolnir.is

**VERKEFNASTJÓRI FIMLEIKAEILDAR**

Steinunn Sif Jónsdóttir  
steinunn@fjolnir.is

**YFIRÞJÁLFARI KNATTSPYRNUDEILDAR**

Gunnar Már Guðmundsson  
gunnar@fjolnir.is

**YFIRÞJÁLFARI KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR**

Halldór Karl Þórsson  
halldor@fjolnir.is



Steinunn Sif Jónsdóttir




Gunnar Már Guðmundsson





# Fjölnir skipulag





# Skýrsla aðalstjórnar Fjölnis fyrir rekstrarárið 2019



**Jón Karl Ólafsson**  
formaður Fjölnis

Nú er enn eitt starfsár að baki hjá okkur og það má segja að árið hafi verið viðburðaríkt eins og undanfarin ár. Félagið okkar hefur haldið áfram að vaxa og dafna og mikill árangur hefur náðst í uppbyggingu innra starfs hjá okkur. Aðstaða félagsins hefur einnig lagast mikið. Sérstaklega hefur tilkoma Fjölnishallarinnar gjörbreytt aðstöðu inniboltagreina hjá Fjölni. Nú hefur einnig langþráð aðstaða fyrir frjálsar íþróttir verið klárud í austur-enda Egilshallar. Ekki hefur fengist niðurstaða í endanlega áhorfendaaðstöðu fyrir keppni í knattspyrnu, en þar hafa Fjölnismenn verið með undanþágu í nokkuð mörg ár, þar sem keppnisaðstaða félagsins á Extravellinum uppfyllir ekki skilyrði KSÍ um slíka aðstöðu. Almennu hefur æfingaraðstaða félagsins batnað á undanförunum árum og við erum stolt af þeirri fjölbreyttu starfsemi og þjónustu sem við bjóðum iðkendum hjá Fjölni.

Það er líklega að koma að ákveðinni ögurstund í rekstri íþróttafélaga. Við Fjölnismenn höfum rætt opinskátt um það, að núverandi rekstrarform íþróttafélaga gengur ekki upp til lengdar. Afkoma Fjölnis sýnir kannski stöðuna í hnotskurn og við vitum, að það eru mörg íþróttafélög komin í þrönga stöðu. Sem fyrr er það afreksstarf sem hefur hleypt kostnaði félaga upp. Staðan er einna verst í hópíþróttum, en þó má segja að afreksstarf almennt vegi þungt í rekstri íþróttafélaga. Yfirvöld hafa lagt mesta áherslu og fjármagn í uppbyggingu á íþróttastarfi fyrir ungmenni, enda er það óumdeilt að betri forvörn er ekki til fyrir ungt fólk. Það hefur hins vegar almennt ríkt minni skilningur á rekstri afreksstarfs og í fæstum tilfellum er stutt við slíka starfsemi hjá íþróttafélögum. Það er þó mjög erfitt að slíta ungmenna- og afreksstarf í sundur. Reynslan hefur sýnt, að um leið og dregið er úr afreksstarfi hjá íþróttafélaga, þá reynist oftast en ekki erfitt að fá nýja iðkendur inn í starfið hjá félögunum. Það er nú einu sinni þannig, að flestir iðkendur í íþróttum eiga sér drauma um afrek í íþróttum og þeir leita því oft frekar í félög, þar sem afreksfólk eru fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur. Við þekkjum þetta hjá Fjölni, þar sem við höfum áður dregið úr afreksstarfi tímabundið í ákveðnum deildum og það hefur alltaf leitt til fækkunar yngri iðkenda í viðkomandi deild. Það verður því að finna leiðir til að láta þessa hluti ganga betur saman.

Það hefur reynst nokkuð erfitt að fá opinskáa umræðu á milli forráðamanna íþróttafélaga um leiðir til að mæta þeim breytingum á forsendum sem eru að verða á rekstri félaganna. Aðstæður íþróttafélaga eru mjög mismunandi og hugsanlega flækir það aðeins sameiginlega sýn þeirra á málið. Það hlýtur að vera markmiðið að þeir sem best þekkjja til reksturs félaganna komi að mótun framtíðarsýnar þeirra. Ég held að það séu fáir sem trúa því, að rekstrarform íþróttafélaga verði óbreytt eftir um 10 ár. Það verða að koma



til breytingar og nýjar hugmyndir til að félögin nái vopnum sínum til framtíðar. Það er sífellt erfiðara að fá fyrirtæki til að styðja við starf íþróttafélaga. Mörg fyrirtæki hafa breytt áherslum og líta nú þannig á, að samfélagslegri ábyrgð þeirra verði best sinnt, með því að horfa til umhverfismála og jafnréttismála. Það hefur því almennt dregið úr framlögum fyrirtækja til íþróttafélaga. Við Fjölnismenn sjáum þetta mjög greinilega í okkar rekstri. Það er nú svo komið, að engin fyrirtæki eru lengur í flokki aðalstyrktaraðila félagsins. Fyrirtæki velja fremur að draga úr framlagi sínu og styðja þá frekar ákveðnar deildir eða flokka. Aðalstyrktaraðilar félagsins voru yfirleitt 3–4 og framlög þeirra og aðstoð náði til allra deilda félagsins. Við erum enn með marga góða samstarfsaðila, sem eru mjög mikilvægir í starfinu hjá okkur og við erum gríðarlega þakklát fyrir framlög þessara aðila. Það má einnig segja, að nú eru engin fyrirtæki eða samningar sem binda hendur deilda, sem vilja fá fyrirtæki til að styrkja deildir hjá Fjölni. Við viljum áfram hvetja forráðamenn íþróttafélaga til að koma að samtali um framtíðarstefnu í rekstri félaganna, það verður vart komist hjá því mikið lengur.

Það er langt frá því að vera augljóst hvaða leiðir væru bestar til að leysa rekstrarvanda íþróttafélaga. Mörgum hefur verið tíðrætt um að það þurfi einfaldlega að koma til aukið framlag frá opinberum aðilum, hvort sem það eru ríki eða sveitarfélög. Þar halda menn mjög á lofti mikilvægi forvarnarstarfs íþróttafélaga og telja að það eitt og sér nægi til að réttlæta aukið framlag til að rétta af stöðu félaganna. Það er ekki alveg ljóst hvernig opinberir aðilar gætu fjármagnað slíkt framlag. Það hafa einnig verið ræddar hugmyndir um að auka skattalegt hagræði fyrir fyrirtæki, sem styðja við starf íþróttafélaga, þannig að framlag þeirra gæti t.d. nýst til skattafrádráttar. Þá hafa verið nefndar hugmyndir um lækkun á laga á íþróttafélög, en kostnaður vegna starfsmanna hefur vaxið undanfarin ár og ýmis launatengd gjöld hafa íþyngt rekstri margra félaga.

Á seinni stigum hafa einnig komið fram hugmyndir um að sameining íþróttafélaga og stækkun rekstrareininga gæti aukið hagkvæmni. Þegar litið er til nágrannalanda okkar, þá eru sameiningar íþróttafélaga nokkuð algengar og mörg félög sem við sjáum í dag berjast um sæti í alþjóðlegum keppnum eru félög sem hafa komið fram eftir sameiningar. Þessar hugmyndir eru örugglega umdeildar og bara sú hugmynd, að gamalt og gróið félag og jafnvel „stórveldi“ sameinist hugsanlega gömlum óvini – sú hugmynd er nær ómöguleg í huga margra trygggra aðdáenda. Hvaða leið sem valin er, þá er það staðreynd, að rekstrarkostnaður hefur hækkað og er orðinn þannig, að félögin standa einfaldlega ekki undir honum. Það verður því annað hvort að finna leiðir til lækkunar kostnaðar, eða til að gera rekstur félaga hagkvæmari. Þetta eru mjög krefjandi verkefni og því fyrr sem samtalið fer af stað því betra.

## Stefnumál og gildi

Samkvæmt stefnumótun Fjölnis, skilgreinum við okkur sem fjölgreinafélag. Við höfum litið á það sem hlutverk félagsins, að skapa sem besta og fjölbreyttasta aðstöðu til íþróttaiðkunar í Grafarvogi fyrir iðkendur félagsins. Það er ekki hlutverk aðalstjórnar að ákveða hvaða íþróttagreinar eru stundaðar eða ekki hjá Fjölni. Ef einstaklingar hafa áhuga á íþróttagrein, leggja fram hugmyndir um rekstur og fjármögnum og áhugasama aðila, sem tilbúnir eru að vinna til að efla framgang greinarinnar, þá reynir aðalstjórn að athuga með aðstöðu og reynir að skapa umgjörð í kringum slíkan rekstur. Það koma reglulega fram raddir, sem telja það betri stefnu að takmarka fjölda greina



og það sé betra að einbeita sér að rekstri stærri deilda, sem laða að sér sem flesta iðkendur. Ég held að það sé mjög hollt að ræða slík grundvallarmál með reglubundnum hætti. Við höfum séð, að íþróttafélög hafa mörg verið að fækka greinum og mörg rötgróin félög bjóða í raun mjög takmarkaðan fjölda íþróttagreina undir sínum merkjum. Það er ljóst, að fleiri íþróttagreinar kalla á aukna vinnu hjá starfsmönnum á skrifstofu félagsins. Auk þess hefur verið bent á, að það er oft erfiðara að fá fyrirtæki til að styðja félagið, þar sem fleiri deildir eru að sækja og biðja fyrirtækin um aðstoð. Við reiknum með að þessi spurning verði enn og aftur borin upp í stefnumótunarvinnu félagsins, sem líklega fer fram síðar á þessu ári.

Megingildi Fjölnis eru fjögur og reynum við að hafa þau að leiðarljósi í öllu starfi okkar hjá félaginu:

## **Virðing - Heilbrigði - Samkennd - Metnaður**

Við berum virðingu fyrir félaginu okkar, iðkendum hjá félaginu, samherjum sem og mótherjum. Við berum virðingu fyrir starfi allra deilda innan okkar raða, búningum félagsins og eigum. Að sjálfsgöðu berum við almennt virðingu fyrir umhverfi okkar. Við erum einnig stolt af félaginu okkar og við erum stolt af þeim afrekum sem allar deildir eru að vinna.

Við viljum hvetja alla féлага í Fjölni til heilbrigðs lífarnis. Við berjumst gegn misnotkun allra skaðnautna, svo sem tóbaks, áfengis og eiturlyfja. Við viljum hvetja alla féлага í Fjölni og þá sem tengjast félaginu til holls mataræðis og aukinnar almennrar íþróttaiðkunar.

Við viljum auka samkennd og samvinnu innan félagsins. Nýtum stærð okkar á réttan hátt og lærum af afrekum og vandamálum hvers annars. Höfum gaman að því sem við erum að gera, það einfaldar allt starf og leiðir til betri afreka. Félagsstarf verður að vera mikilvægt öllum þeim, sem að félaginu komu.

Við höfum mikinn metnað fyrir framgangi félagsins og stefnum að því að gera Fjölni að enn frekara stórveldi í íþróttastarfi. Við höfum metnað fyrir afrekum allra iðkenda í öllum deildum félagsins.

Fjölnir hefur áfram stækkað og nú eru 3.554 iðkendur skráðir hjá félaginu og er kynjahlutfall iðkenda félagsins nánast alveg jafnt 1.795 karlar og 1.759 konur sem stunda íþróttir sínar í mismunandi íþróttagreinum hjá 11 deildum félagsins. Fagleg vinna innan félagsins er að mestu unnin í deildum Fjölnis og stjórnir deilda vinna þar frábært starf og bera auk þess ábyrgð á daglegum rekstri hverrar deildar fyrir sig. Meginverkefni aðalstjórnar eru fjármál félagsins í heild, stefnumótun og samræming starfseminnar. Aðstöðumál félagsins hafa einnig tekið mikið af tíma aðalstjórnar. Félagið hefur vaxið og dafnað og velta og umsvif hafa aldrei verið meiri en á síðasta ári. Ég vil fyrir hönd félagsins færa öllum þeim sem starfa fyrir félagið, starfsmönnum, stjórnarmönnum hjá deildum og öðrum sjálfbodaliðum okkar bestu þakkir fyrir framlag þeirra til Fjölnis.

## **Aðstöðumál**

Það hefur mikið áunnist í aðstöðumálum Fjölnis á undanförunum árum, en það eru áfram mörg verkefni sem bíða. Með tilkomu íshokki- og listskauta-deildar hefur mikilvægi Egilshallar vaxið enn í starfsemi Fjölnis og fer nú mest af starfi félagsins fram þar. En það er ýmislegt ennþá óunnið. Mikilvægasta málið er, að klára áhorfendaaðstöðu fyrir knattspyrnu hjá Fjölni. Við höfum ekki verið með fullnægjandi aðstöðu um árabíl og erum að vinna

á undanþágum frá leyfiskerfi KSÍ. Það verður ekki lengur beðið eftir lausn á þeim málum, þar sem við getum ekki reiknað með því að fá frekari undanþágur frá regluverkinu. Það er hins vegar ekki eini vandinn sem núverandi aðstaða við Dalhús skapar. Það er ljóst, að við þurfum að þola tekjutap vegna þessa, þar sem við finnum fyrir minni aðsókn ef veður eru válynd. Auk þess er aðstaða til að selja þjónustu af mjög skörnum skammti. Núverandi aðstaða hefur einnig áhrif á vilja leikmanna til að koma og spila fyrir félagið. Aðstaða hjá öðrum félögum er orðin miklu betri en það sem við getum boðið. Það er því kominn tími til aðgerða og við verðum að fá lausn á þessu ári, annað er ekki valkostur fyrir Fjölni.

Það er einnig komið að því að skoða stækkun á skrifstofuhúsnæði Fjölnis og sérstaklega þarf að horfa til stækkunar á félagsaðstöðu, sem er tengd núverandi skrifstofu. Með tilkomu aðstöðu skrifstofunnar við inngang Egilshallar, hefur notkun á félagsaðstöðu aukist mjög og er það að sjálfsögðu hið besta mál. Við þurfum hins vegar stærra pláss og auk þess er aðstaða til fundarhalda að mestu sprungin nú þegar. Viðræður eru þegar hafnar um breytingar og bindum við miklar vonir við að úr þessu rætist á næstu vikum eða mánuðum.

Mest hefur breyting orðið á aðstöðumálum fimleikadeildar og innibolta-greina hjá Fjölni á undanförunum árum og líklega er best að lýsa þessum breytingum sem byltingu í aðstöðu þessara greina. Fimleikahúsið hefur algjörlega gjörbreytt starfsemi fimleikadeildar og deildin hefur vaxið og dafnað og er nú stærsta einstaka deildin hjá Fjölni. Það fylgja þessu þó ákveðnir vaxta-verkir, því að um leið og árangur batnar fara kröfur í afreksstarfi vaxandi. Eins og í öðrum íþróttagreinum skapar þetta nýjar áskoranir í rekstri deildarinnar, en framtíðin er mjög björt í fimleikum hjá Fjölni. Það er væntanlega ekki langt í stóra titla í fimleikum hjá félaginu okkar.

Fjölnishöllin hefur gjörbreytt æfingaraðstöðu félagsins í handknattleik og körfubolta. Það er verið að vinna að því, að koma upp aðstöðu fyrir áhorfendur í húsinu, þannig að það geti nýst til framtíðar sem glæsilegt keppnishús fyrir Fjölni. Vonast er til, að slík aðstaða geti verið komin seinna á þessu ári en það hefur þó ekki verið staðfest. Aðalkeppnishús okkar er því áfram í Dalhúsum og hefur aðstaða þar verið lagfærð nokkuð að undanförmu. Þorablót Grafarvogs hafa nú í tvö ár verið í Fjölnishöllinni og hefur tekist mjög vel til á þessum skemmtunum. Það er ljóst, að Fjölnishöllin býður ýmsa möguleika varðandi viðburði, sem gætu hæglega verið í þessu glæsilega húsi. Enn fremur skapar þessi glæsilega aðstaða möguleika á iðkun fleiri íþróttagreina hjá Fjölni.

Fasteignafélagið Reginn á og rekur öll mannvirki í Egilshöll og leigir aðstöðuna til Reykjavíkurborgar fyrir íþróttastarf í borginni. Stóra knatt-húsið er leigt fyrir öll íþróttafélög í borginni, þar sem húsið er enn það eina sem til staðar er í Reykjavík. Nú er verið að byggja smærri knatt-hús á nokkrum stöðum í borginni og auk þess hefur bætt aðstaða á gervigras-völlum nokkurra liða leitt til þess, að þau lið æfa meira á heimavelli en áður. Við Fjölnismenn reiknum með, að við fáum fleiri tíma í knatt-húsi Egilshallar þegar tímar losna, þar sem stærð félagsins kallar eftir fleiri tímum þar í framtíðinni. Önnur mannvirki, eins og fimleikahúsið, Fjölnishöllin, skauta-aðstaða, frjálsíþróttaaðstaða, aðstaða fyrir bardagalistar og skrifstofu nýttast mest í starfsemi Fjölnis og eins og áður hefur komið fram hefur bætt aðstöðu okkar til æfinga mikið. Samstarf Fjölnis og Regins hefur verið mjög gott og ég vil nota tækifærið til að þakka Helga, Sunnu og öllu starfsfólki Regins





fyrir frábært samstarf. Reginn er nú einn af stærri styrktaraðilum Fjölnis og fyrir það erum við þakklát. Rekstrarfélag Egilshallar er ennþá starfandi, en það er samstarfsverkefni Fjölnis og Regins. Umræður hafa verið um að auka og bæta enn í þetta samstarf, m.a. með auknu samstarfi í daglegum rekstri Egilshallar.

Samningur á milli Fjölnis og Borgarholtsskóla um aukið samstarf á sviði íþróttamála er ennþá í gildi. Skólinn nýtir íþróttamannvirki Grafarvogs til kennslu fyrir sína nemendur. Fjölnir er í samstarfi við íþróttakademíu skólans og tel ég að samstarfið muni efla afrekstarf okkar til framtíðar. Það eru gríðarlega spennandi tækifæri í samstarfinu og verður áhugavert að fylgjast með þróun þessara mála á næstu árum.

Eins og fram kemur hér að framan, þá er stærsta verkefnið framundan að byggja upp framtíðarkeppnisadstöðu fyrir knattspyrnu hjá Fjölni. Það hafa verið tveir valkostir til skoðunar og því er ekki að leyna, að nokkuð mismunandi skoðanir eru um þessa kosti. Annar kosturinn er að byggja stúku við núverandi knattspyrnuvöll við Dalhús, sem í daglegu tali gengur undir nafninu Extravöllurinn. Ágreiningur hefur verið við hönnuði íþróttahúss um hvort tengja megi stúku við núverandi íþróttahús. Líkleg niðurstaða yrði, að byggja léttu stúku austan knattspyrnuvallar, sem ekki tengist íþróttahúsi burðarþolslega. Það er ekki talin ásættanlega niðurstaða að byggja yfir núverandi stúku við völinn. Hún er í engum tengslum við þjónustukjarna á svæðinu og bygging á slíkum kjarna fengist líklega seint samþykkt vestan vallarins. Það er síðan annar ágreiningur um hvort að leggja ætti gervigras á núverandi knattspyrnuvöll, til að auka nýtingu þeirra mannvirkja sem þarna yrðu byggð. Hvernig sem litið er á málið, þá yrði væntanlega fjárfesting borgarinnar veruleg, eða á bilinu 400-900 milljónir, eftir því hvort að gervigras yrði lagt eða ekki. Þróunin hefur verið í átt til gervigrass hjá flestum félögum og líklegt má telja, að sama krafa yrði uppi ef þessi leið verður valin hjá Fjölni.

Hinn kosturinn er að byggja þessa aðstöðu við Egilshöll. Það er gervigrasvöllur norðan við Egilshöll og fram hafa komið hugmyndir um að byggja 4-5 hæða hús í kringum þann knattspyrnuvöll og að stúka eða stúkur yrðu hluti þessara bygginga. Hugsunin með þessu byggingum væri bæði að skapa skjól við völinn, en einnig að samnýta ýmsa aðstöðu í þessum húsum, m.a. sali, salerni og annað sem þarf vegna áhorfenda á svæðinu. Þetta mun taka lengri tíma í uppbyggingu, en óneitanlega væri slík aðstaða í tengslum við knattstúk og aðra starfsemi í Egilshöll áhugaverð, svo ekki sé meira sagt. Þessir valkostir hafa verið lagðir fyrir borgaryfirvöld og væntanlega mun niðurstaða liggja fyrir á næstu mánuðum. Það hefur þó tekið allt of langan tíma að komast að niðurstöðu og það er einfaldlega kominn tími til aðgerða, ef ekki á illa að fara fyrir keppnisleyfi Fjölnis í meistaraflokkum í knattspyrnu.

Það er rétt að ítreka, að almennt er aðstaðan til æfinga í knattspyrnu góð hjá Fjölni, því að það gleymist oft í daglegri umræðu. Æfingarsvæði félagsins við Dalhús er mjög gott og eitt það besta sem völ er á í borginni. Aðstaðan í og við Egilshöll er líka glæsileg, þar sem nýlegt gervigras er nú komið á báða knattspyrnuvellina í og við höllina. Nú er búið að taka í notkun nýja búningsklefa í Egilshöll og m.a. hafa meistaraflokkar okkar í knattspyrnu kvenna og karla nú mjög glæsilega aðstöðu í þar.

Sunddeildin er með allt yngriflokkastarf í sundlauginni í Dalhúsum, en aðstaða þar er þegar orðin mjög takmarkandi fyrir vöxt deildarinnar. Afrekstarf deildarinnar fer sem fyrr allt fram í Laugardalslaug, þar sem iðkendur

æfa með afreksmönnum frá öðrum íþróttafélögum í Reykjavík. Fjölnir hefur formlega farið fram á það, að félagið fái viðbótaradstöðu í nýrri sundlaug sem fyrirhugað er að reisa í Úlfarsárdal.

Aðstaða frjálsíþróttadeildar hefur loks batnað mikið, með tilkomu nýrrar aðstöðu í austurenda Egilshallar. Þar hefur verið lögð hlaupabraut og útbúin aðstaða fyrir stökkgreinar og er þessi nýja aðstaða bylting í aðstöðumálum yngri íðkenda hjá Fjölni. Sem fyrr fer afreksstarf deildarinnar að mestu fram í frjálsíþróttadstöðu í Laugardal, þar sem afreksfólk flestra félaga í Reykjavík æfa saman.

Ekkert hefur breyst í aðstöðumálum tennisdeildar og eru æfingar að mestu stundaðar í Sporthúsinu í Kópavogi. Viðræður við Reykjavíkurborg um bættu sameiginlega aðstöðu til tennisíðkunar í Reykjavík hafa ekki borið árangur. Skákdeildin er með sína öflugu starfsemi í frábæru samstarfi við Rimaskóla.

## Starfsemi félagsins

Skrifstofa félagsins sér sem fyrr um allan daglegan rekstur félagsins og er fjármálum allra deilda sinnt af starfsfólki þar. Innheimta íðkendagjalda og önnur innheimta fer í gegnum skrifstofuna og greiðslu reikninga allra deilda fer einnig þar í gegn. Félagið hefur á að skipa frábæru starfsfólki, sem gegnir lykilhlutverki í rekstri félagsins. Framkvæmdastjóri félagsins er eins og áður Guðmundur L. Gunnarsson, en hann hefur einnig sinnt stöðu fjármálastjóra félagsins. Auk þess starfa á skrifstofunni Málfríður Sigurhansdóttir, sem er íþrótt- og félagsmálastjóri, Ragnheiður G. Jóhannesdóttir, sem sér um færslu á bókhaldi og Arnór Ásgeirsson, sem er í starfi markaðsstjóra Fjölnis. Gunnar Már Guðmundsson, yfirþjálfari knattspyrnudeildar, Berglind Bjarnadóttir, verkefnastjóri fimleikadeildar og Jónas Valgeirsson, verkefnastjóri hóp fimleika hafa einnig aðstöðu á skrifstofu félagsins í Egilshöll. Í Dalhúsum ræður nú ríkjum Zoran Stosic, rekstrar- og vallarstjóri, en þar vinna einnig Boban Ristic og Margrét Björg Hallgrímsdóttir við hússtjórn og rekstur íþróttahússins í Dalhúsum, auk starfsmanna sem koma til tilfallandi starfa, sérstaklega yfir sumartímann.

Hjá Fjölni starfa auk fastra starfsmanna reglulega um 186 manns við þjálfun og önnur verkefni hjá hinum ýmsu deildum félagsins. Sjálfbodaðliðar eru hverju sinni um 250 og þeir eru gríðarlega mikilvægir fyrir Fjölni. Það eru ótalin ársverk í mönnun stjórna deilda, mönnun hinna margvíslegu viðburða sem eru haldnir reglulega, mönnun ráða og vinnuhópa, sem taka að sér öll þau ótal verkefni sem til falla við slíkan rekstur. Ég vil persónulega þakka öllum starfsmönnum og sjálfbodaðliðum félagsins fyrir frábær störf þeirra og gott samstarf á árinu og á undanförunum árum.

Í aðalstjórn Fjölnis starfsárið 2019 sátu: Jón Karl Ólafsson, formaður, Ásta Björk Matthíasdóttir, varaformaður, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, gjaldkeri, Styrmir Freyr Böðvarsson, ritari, Hreinn Ólafsson, Jósep Grímsson og Elísa Kristmannsdóttir. Stjórnarfundir voru venju samkvæmt haldnir mánaðarlega, fyrir utan það að frí er tekið í júlímánuði. Ef sérstök mál koma upp, þá var boðað til aukafunda ef nauðsyn var. Á starfsárinu voru haldnir 12 bókaðir stjórnarfundir. Ég vil fá að þakka öllum meðstjórnendum mínum fyrir frábært samstarf og ómetanlega vinnu á árinu.

## Fjármál

Eins og fram kemur í upphafi þessarar skýrslu, þá höfum við almennt miklar áhyggjur af rekstrarumhverfi íþróttafélaga og teljum að komið sé að ákveð-



inni ögurstund í þeim málum. Afkoma ársins 2019 hjá Fjölni endurspeglar þetta, en þetta er þriðja árið í röð, sem félagið er rekið með halla. Sem fyrr er það afreksstarf sem vegur þyngst í þessari afkomu hjá félaginu. Það er rétt að vísa í sundurlíðaða reikninga og skýringar, sem er hér aftar í ársskýrslu félagsins. Markmið okkar á hverju ári er hallalaus rekstur, en það reynist sífellt erfiðara að ná þeirri niðurstöðu eins og reikningar sýna. Við teljum daglegan rekstur skilvirkan og reynt er að fylgjast vel með þróun tekna og gjalda í hverri deild. Sem fyrr eru miklar sveiflur í rekstri deilda og reynum við að láta aðalsjóð sveiflujafna eins og unnt er. Fleiri deildir glíma nú við áskoranir í rekstri og tengist það að mestu auknu afreksstarfi. Það er hálfgrátlegt, að eftir því sem árangur í afreksstarfi er betri, því meiri áskoranir eru í rekstrinum !

Félagið hefur kappkostað við að halda rekstrarkostnaði meistaraflokka í lágmarki og það er staðreynd, að Fjölmiðilabinn hefur lagt minna fjármagn í þennan rekstur en flest ef ekki öll önnur íþróttafélög. Þrátt fyrir þetta, hafa tekjur ekki dugað fyrir útgjöldum og hefur það að sjálfsögðu bein áhrif á afkomu deildanna og þar með félagsins. Í almennri umræðu hafa menn haldið því fram, að metnaður félagsins sé ekki nægilegur, þar sem ekki hafi verið fjárfest nægilega vel í nýjum og dýrari leikmönnum eða afreksmönnum. Metnaður okkar er mikill, en við höfum ekki verið tilbúin til að skuldsetja félagið meira en þegar er gert. Það verður einfaldlega annað hvort að auka tekjur verulega eða breyta rekstrarformi með einhverju hætti, til að unnt verði að standa undir hækkun kostnaðar, sem þessi rekstur hefur verið að glíma við á undanförunum árum. Á sama tíma hafa styrktaraðilar því miður verið að draga úr stuðningi við íþróttastarf. Það er rétt að taka það skýrt fram, að flest íþróttafélög eru að glíma við sama vandamál, þannig að þetta er ekki aðeins tengt rekstri Fjölnis. Við munum sem fyrr halda baráttunni áfram. Við erum stærsta íþróttafélag landsins, með flesta iðkendur. Auðlegð okkar er því mikil, en við verðum með einhverjum hætti að tryggja að sjálfbært afreksstarf blómstri hjá félaginu. Við viljum skapa okkar íþróttafólki bestu aðstöðu sem völ er á, en einnig áhugavert, eftirsótt og sjálfbært afreksstarf, þannig að íþróttafólkið geti stundað sínar íþróttir hjá okkur.

Samningar við Reykjavíkurborg um daglegan rekstur hafa batnað á undanförunum árum og hefur m.a. náðst sá árangur, að þessir samningar eru nú verðtryggðir. Verðtrygging var aflögð eftir hrun og hafði verðgildi samnings lækkað mikið í kjölfarið. Við Fjölmiðilabinn höfum þó bent á, að stærð félagsins okkar endurspeglar ekki framlag til reksturs félagsins. Við erum með allt að helmingi fleiri iðkendur skráða hjá Fjölni en næst stærsta íþróttafélag í borginni. Við höfum einnig bent á, að við erum með stærra svæði en mörg sveitarfélög eru að sinna, þar sem jafnvel eru 2-4 íþróttafélög að sinna sama starfi og við gerum í Grafarvogi. Við höfum því farið fram á endurskoðun á þessu, þar sem við teljum að við náum ekki þeirra hagkvæmni stærðar sem ætti að vera til staðar. Framundan eru einnig samningar um stærri svæði, þar sem reiknað er með fjölgun íbúa á svæðum, sem teljast til starfsvæðis Fjölnis. Við höfum einnig formlega farið fram á, að ný sundlaug í Úlfarsárdal verði nýtt fyrir sunddeild Fjölnis, þar sem engin sunddeild er starfrækt í hverfinu. Unnið verður í þessum samningum á næstu mánuðum.

Afreksstarf tekur mikinn tíma af stjórnarmönnum flestra deilda félagsins. Það er erfitt starf að þurfa sífellt að sækja fjármagn til fyrirtækja og velunnara til að reyna að halda starfinu gangandi. Rekstur yngri flokka er alls staðar til fyrirmyndar og stendur sá rekstur undir sér hjá nær öllum deildum. Það



hefur verið vaxandi áskorun að fá fólk til starfa, sérstaklega þegar rekstur deilda er þungur og tími stjórnarmanna og sjálfbóðaliða fer að mestu í fjárfestingu og vinnu tengt slíku starfi. Þetta er mjög misskemmtilegt og það er seint hægt að ítreka þakkir til þeirra sem leggja slíkt starf á sig og sína. Starfið byggir mikið á persónulegum tengslum við fyrirtæki og ég vil hvetja fyrirtæki og þá sem þeim tengjast til að koma og aðstoða okkur enn frekar í þessum málum, stuðningur allra við félagið er ómetanlegur og gríðarlega mikilvægur fyrir daglegt starf. Öll umsýsla eins og bókhald, greiðsla reikninga, innheimta félags- og iðkendagjalda fer fram á skrifstofu félagsins og hefur það létt á starfsemi stjórnar deildanna.

Rekstur körfuknattleiksdeildar var erfiður á síðasta ári. Við unnum okkur sæti í Úrvalsdeild karla og leiddi það til hækkunar á rekstrarkostnaði deildarinnar. Þrátt fyrir fjárfestingu, náðum við ekki að fóta okkur í deild hinna bestu og þegar þetta er skrifað liggur fyrir, að félagið er fallið aftur í 1.deild. Kvinnaliðið hefur staðið sig mjög vel í vetur og mun örugglega taka þátt í úrslitakeppni um sæti í Úrvalsdeild á næsta ári. Það verður spennandi að fylgjast með þróun þar, en auk þess verður það áskorun að eiga lið þar á meðal hinna bestu. Ungmennastarf gengur vel og hefur bætt aðstaða greinilega skilað árangri. Stefna okkar er því áfram ljós, við eigum alltaf að stefna að því að eiga lið á meðal hinna bestu í þeim greinum sem við stundum hjá félaginu.

Rekstur handknattleiksdeildar er þungur eins og undanfarin ár. Karlalið okkar hefur spilað í Úrvalsdeild í vetur, en hefur ekki gengið sem skyldi. Liðið er í mikilli fallbaráttu og er líklegt að niðurstaðan verði fall aftur í 1.deild. Bætt aðstaða hefur ýtt undir fjölgun hjá yngri flokkum og því er framtíðin nokkuð björt. Kvinnaliðið okkar hefur spilað í 1.deild í vetur og hefur líklega tryggt sér rétt til að spila í úrslitakeppni um sæti í Úrvalsdeild. Við verðum að tryggja meiri stöðugleika hjá liðunum okkar, við höfum verið að fara mikið á milli deilda á undanförunum árum. Þetta eru skemmtileg verkefni, sem stjórn deildarinnar mun eflaust vinna í á næstu misserum.

Rekstur knattspyrnudeildar var áfram þungur og hefur reynst erfitt að tryggja tekjur í rekstur deildarinnar. Karlalið okkar mun spila í Pepsídeild á þessu ári, eftir að við unnum okkur rétt til þess í 1.deild á síðasta ári. Liðið er að miklu leyti byggt upp af Fjölnismönnum og við gerum ráð fyrir að sýna mikið aðhald í rekstri þessa árs. Það er hins vegar alveg ljóst, að stefnt er að því að halda stöðu sinni í deild hinna bestu. Kvinnaliðið okkar hefur verið að vaxa mjög á undanförunum árum og það verður mjög spennandi að fylgjast með þeim í 1.deildinni á þessu ári. Tekjur knattspyrnudeilda snúast annars vegar um árangur og þátttöku í Evrópukeppni og hins vegar um atvinnumennsku uppalinna leikmanna. Við höfum átt marga frábæra knattspyrnumenn, sem gert hafa garðinn frægan erlendis á undanförunum árum. Þetta hefur skapað miklar tekjur til félagsins. Það hefur þó hægt á þessari þróun og skýrir það að hluta erfiðari stöðu deildarinnar. Við eigum hins vegar mikið af mjög efnilegum og glæsilegu íþróttafólki, sem hæglega gæti átt framtíð í atvinnumennsku í framtíðinni.

Rekstur fimleikadeildar var þyngri á síðasta ári en mörg ár á undan. Eins og áður hefur komið fram, þá hefur bætt aðstaða aukið afreksstarf hjá félaginu og við höfum aðeins verið í vanda með þær áskoranir sem það skapar. Þetta verður krefjandi verkefni fyrir stjórn deildarinnar. Við höfum hins vegar frábæran grunn og frábæra aðstöðu, þannig að framtíðin er björt.

Sunddeild félagsins er gamalgróin og hefur verið starfrækt lengi undir



merkjum félagsins. Eins og í fleiri deildum hefur aukið afreksstarf þyngt rekstur deildarinnar og afkoma síðasta árs sýnir miklar breytingar frá fyrri árum. Á undanförunum árum hefur rekstur sunddeildar verið í járnnum, en á árinu 2019 var nokkur halli á rekstri deildarinnar. Stjórn deildarinnar vinnur nú að endurskipulagningu og við verðum að tryggja að við getum aukið árangur, en á sjálfbæran hátt.

Rekstur frjálsíþróttadeildar gekk vel á síðasta ári og starfið í deildinni er blómlegt. Bætt aðstaða í Egilshöll mun eflaust skapa enn frekari tækifæri í framtíðinni.

Tennisdeildin hefur starfað lengi hjá Fjölni og afkoma deildarinnar er í járnnum. Aðstöðumál eru þar einnig ofarlega á baugi. Afkoma deildarinnar var í járnnum á árinu.

Karatedeildin er í fínnum gangi og rekstur þar er í góðu jafnvægi. Eins og áður hefur komið fram, hafa aðstöðumál takmarkað stækkunarmögu-leika deildarinnar.

Skákdeild er rekin í góðu samstarfi við Rimaskóla og er aðstaða deildarinnar í góðu yfirlæti þar.

Íshökkídeild og listskautadeild eru nýjar í rekstri félagsins og er þetta fyrsta starfsárið, þar sem rekstur þeirra hefur bein áhrif á heildarreikning félagsins. Í íshökkídeild er rekstur meistaraflokka umfangsmikill og eins og áður er það áskorun. Rekstur listskautadeildar er einnig nýr fyrir Fjölni. Afkoma þessara tveggja eininga var aðeins neikvæður á árinu 2019.

Almenningsdeildin hefur verið að vaxa undanfarin ár. Íþróttaskóli fyrir 3 – 5 ára börn er rekinn þar í samstarfi handknattleiks- og körfuknattleiksdeilda. Auk þess eru ýmis fleiri samstarfsverkefni deilda fyrir bæði yngstu iðkendur okkar og einnig eldra fólkið í félaginu. Reksturinn er í jafnvægi.

Til að fá frekari upplýsingar um starf einstakra deilda er vísað í ársskýrslur stjórna deildanna, sem fylgja hér með, þar sem helstu atriði eru dregin fram.

Afkoma aðalsjóðs var verri á árinu 2019 eftir að rekstur hans hefur verið nokkuð góður undanfarin ár. Hlutverk aðalsjóðs er fyrst og fremst að jafna sveiflur í rekstri deilda og vegna þungs rekstrar á árinu 2019 varð aðalsjóður að hlaupa undir bakka í fleiri deildum en áður. Framkvæmdastjóri félagsins mun fara nánar yfir reikninga og skýringar við þá.

## Styrktaraðilar

Eins og áður hefur komið fram eru nú engin fyrirtæki sem flokkast sem aðalstyrktaraðilar hjá Fjölni eins og almennt var á árum áður. Helstu styrktaraðilar okkar hafa breytt samningum sínum við félagið. Nú hafa bæði N1 og Bónus valið, að styðja myndarlega við bakið á ákveðnum deildum, en eru ekki lengur skilgreind sem styrktaraðilar við félagið í heild. Nokkur ár eru síðan Landsbankinn hætti beinum stuðningi við félagið. Það er þó ljóst, að mörg fyrirtæki eru að styðja myndarlega við rekstur hinna ýmsu deilda hjá Fjölni og verður sá stuðningur seint að fullu metinn. Mig langar að þakka forráðamönnum allar fyrirtækja og félaga sem með einum eða öðrum hætti styðja við rekstur hjá okkur kærlega fyrir hjálpinu og vil hvetja alla áfram til að koma með eins myndarlegum hætti og mögulegt er til aðstoðar daglegum rekstri. Það er ljóst að það starf sem unnið er í íþróttafélögum er besta forvarnarstarf sem mögulegt er og ætti vel að samrýmast öllum stefnum og leiðum fyrirtækja til samfélagslegrar ábyrgðar. Þar sem Bónus og N1 eru enn okkar stærstu styrktaraðilar, þá vil ég þakka þeim fyrirtækjum sérstaklega fyrir aðstöðina. Ég vil einnig draga sérstaklega fram Ölgærd Egils Skalla-

grímssonar, sem aðstoðar okkar mjög veglega í flestum deildum og Reginn, sem eins og áður hefur komið fram vinnur með okkur í Egilshöll og félagið hefur stutt vel við rekstur Fjölnis.

## Daglega starfið

Faglegu starfi allra deilda er samkvæmt skipulagi stýrt af stjórnnum þeirra og þær eru einnig ábyrgar fyrir daglegu starfi deildanna. Við höfum á að skipa frábæru fólki, sem leggur á sig mikið og óeigingjarnt starf fyrir félagið. Í skýrslum formanna deilda er fjallað nánar um deildirnar og ég vísa í þessar skýrslur til frekari upplýsinga um daglegt starf og ætla ekki að fjalla nánar um það hér.

Þorablót Grafarvogs var sem fyrr haldið af Fjölni núna í janúar. Þorra-blótið er orðið langstærsti einstaki fjáröflunaraðili Fjölnis. Eins og á síðasta ári var blótið í Fjölnishöllinni og var það stærra og veglegra en nokkru sinni áður. Tæplega 1.400 manns gæddu sér á þorramat og skemmtu sér síðan fram á nótt við glæsilega dagskrá. Það seldist upp á þorablótið á nokkrum klukkutímum og miðað við hve vel tókst til, má reikna með mikilli eftirspurn á næsta ári. Þorablótsnefndin á mikinn heiður skilinn fyrir framkvæmdina og ég vil þakka þeim sérstaklega fyrir frábært starf. Ég vil líka þakka öllum þeim sem komu á þorablótið fyrir að koma og styðja við starfsemi félagsins með þessum hætti. Þetta er ómetanlegt í reksturinn og ekki er verra að allir virðast hafa gaman af.

Á síðasta ári reyndum við í fyrsta skipti að vera með Októberfest og var hún haldin í Dalhúsum. Mjög vel tókst til og um 400 manns mættu, margir í réttum búningum og skemmtu sér vel fram á nótt. Við munum reyna að vera með þetta sem árlegan viðburð og vonumst til, að þetta auk þorablótsins muni koma að hluta á móti minni framlögum fyrirtækja til reksturs félagsins okkar. Þetta hefur einnig þau jákvæðu áhrif að byggja upp félagsanda hjá félaginu. Það er gríðarlega mikilvægt og leiðir vonandi til vaxandi þátttöku í öllum viðburðum á vegum félagsins, kappleiki, mót, sýningar, eða hvað annað sem eru á dagskrá í nafni Fjölnis á hverjum tíma.

Herra- og konukvöld Fjölnis verða vonandi áfram mikilvægur þáttur í starfi okkar. Deildir félagsins munu sjá um þessa viðburði, á meðan Þorra-blót og Októberfest eru sameiginleg verkefni alls félagsins og eru rekin af aðalstjórn Fjölnis.

Sú breyting varð á síðasta aðalfundi UMFÍ, að aðild íþróttabandalaga að sambandinu var samþykkt. Þetta þýðir í raun, að Fjölnir er ekki lengur með beina aðild að UMFÍ eins og áður, heldur verður sú aðild í gegnum ÍBR eins og hjá öðrum íþróttafélögum í Reykjavík. Samkomulag er um, að ekki verði gerðar breytingar á úthlutunarreglum Lottótekna fyrir en heildarendurskoðun verður gerð á þeim málum. Þetta hefur því ekki áhrif á þær tekjur sem félagið hefur haft af Lottó á undanförunum árum. Við munum leggja til breytingar á lögum félagsins í samræmi við þetta, þar sem í þeim kemur fram að Fjölnir hafi beina aðild að UMFÍ og að lög sambandsins gildi einnig hjá félaginu. Það er ekki reiknað með að daglegt starf breytist hjá félaginu vegna þessa, þar sem við höfum fulla heimild til að taka þátt í öllu starfi UMFÍ sem áður, en nú í gegnum aðild ÍBR að sambandinu. Samstarfið við UMFÍ hefur verið frábært á undanförunum árum og vil ég nota tækifærið til að þakka öllum þeim aðilum sem við höfum átt farsælt samstarf við á undanförunum árum fyrir það góða samstarf. Það er þó langt því frá að samstarfinu sé lokið, þó að einhver formbreyting verði á beinni aðild félagsins og við hlökkum til





áframhaldandi samstarfs og uppbyggingu UMFÍ með tilkomu þessar stóru nýju aðila þar inn.

## Viðurkenningar

Einn skemmtilegasti viðburður hvers árs er þegar við hittumst í lok ársins og heiðrum afreksfólkið okkar. Undafarin ár höfum við heiðrað sérstaklega íþróttakonu Fjölnis og íþróttamann Fjölnis. Auk þess veljum við Fjölnismenn ársins og koma þeir iðulega úr hópi okkar frábæru sjálfboðaliða.

Viðurkenningar fyrir árið 2019 hlutu:

- ▶ Íþróttakona Fjölnis: Eygló Ósk Gústafsdóttir, sunddeild
- ▶ Íþróttakarl Fjölnis: Úlfur Jón Andrésson, íshökkídeild
- ▶ Fjölnismenn ársins: Lilja Björk Ólafsdóttir og Guðmundur Magni Þorsteinsson, hlauparar í hlaupahópi Fjölnis.

**Eygló Ósk Gústafsdóttir** hefur átt mjög glæsilegan feril og hefur verið afrekskona í sundi frá þrettán ára aldri. Hún hefur m.a. keppt á tvennum Ólympíuleikum og hún var valin Íþróttakona ársins á Íslandi árið 2015. Árangur hennar í baksundi er á heimsmælikvarða og hún hefur keppt á meðal hinna bestu á undanförunum árum. Eygló Ósk stefnir að því að komast aftur í hóp þeirra bestu og hún stefnir ótraud að því að ná því aftur að verða í topp átta í Evrópu. Hún stefnir að því að ná lágmarkum á árinu til að komast á Ólympíuleikana í Japan seinna á þessu ári. Nýlega var Eygló Ósk valin Sundkona Íslands fyrir árið 2019.

**Úlfar Jón Andrésson** er mjög efnilegur leikmaður, sem hefur verið lykilmaður í liði Fjölnis/Bjarnarins og auk þess hefur hann verið lykilmaður í landsliði Íslands í íshokki. Eins og menn vita, þá er íshökkídeildin ný hjá félaginu, eftir sameiningu Bjarnarins og Fjölnis á síðasta ári. Það er mjög ánægjulegt að hafa liðsmann eins og Úlfar Jón í okkar röðum. Hann er mikið trúðmenni og miðlar óspart af reynslu sinni til yngri leikmanna. Hann hefur tekið að sér þjálfun yngri flokka og hefur unnið mikla sjálfboðavinnu fyrir deildina. Hann er góð fyrirmynd allra íþróttamanna.

**Hjónin Lilja Björk Ólafsdóttir og Guðmundur Magni Þorsteinsson** eru hlauparar í hlaupahópi Fjölnis. Þau hjón eru í hópi mjög fárra, sem klárað hafa sex stærstu maraþonhlaup í heimi og eru þau elst íslenskra hjóna sem það hafa gert. Þau hófu ekki hlaup fyrir en þegar þau voru rúmlega fertug, en hafa stundað hlaup reglulega síðan og ávallt í hlaupahópi Fjölnis. Þau hafa lokið maraþonhlaupi í London, New York, Boston, Berlín Tókýó og Chicago, en þetta eru talin stærstu maraþonhlaupin í heiminum í dag. Þau segjast þó hvergi nærri hætt að hlaupa og verður gaman að fylgjast áfram með árangri þeirra. Hjónin hafa auk þess verið óþreytandi í sjálfboðastarfi fyrir félagið og eru alltaf tilbúin til að hjálpa til á mótum eða öðrum viðburðum á vegum frjálsíþróttadeildar Fjölnis. Fyrir það erum við mjög þakklát, því að starf félagsins gæti aldrei gengið nema með hjálp sjálfboðaliða.

Það var fjölmenni þegar viðurkenningar voru veittar þann 27. desember s.l. og var mjög gaman að sjá hve margir komu til að samfagna með okkar glæsilegu iðkendum. Auk þess að velja þau þrjú sem að framan getur voru afreksmenn og konur allra deilda félagsins sérstaklega heiðraðir. Lista yfir þetta frábæra afreksfólk okkar er að finna á heimasíðu Fjölnis – [www.fjolnir.is](http://www.fjolnir.is).

## Verkefni framundan

Það er eins og fyrr nægileg verkefni framundan hjá okkar frábæra félagi. Fjölnir er og verður stórveldi á sviði íþróttá hér á landi og við tökum stöðu okkar sem stærsta íþróttafélag landsins mjög alvarlega. Eins og áður hefur komið fram þá hafa 3.554 iðkendur valið að stunda sínar íþróttir undir merkjum félagsins og við erum stolt ef hverjum einasta þessara iðkenda. Við skilgreinum okkur sem íþróttafélag Grafarvogs og viljum þjóna hverfinu okkar og nærumhverfi á sem bestan hátt. Við þurfum hins vegar einnig stuðning frá hinum fjölmörgu íbúum í hverfinu okkar og ég vill enn og aftur hvetja alla til að fylgjast með og til þátttöku í þeim viðburðum sem eru á vegum félagsins. Það má segja að það sé eitthvað í gangi hjá Fjölni hvern einasta dag og stuðningur við starfið er gríðarlega mikilvægur.

Það eru verkefni framundan í uppbyggingu aðstöðumála og við verðum einnig að vinna ötullega að því, að starfið hjá okkur verði sjálfbært, hvort sem það er ungmennastarf eða afreksstarf. Þetta samtal verður einfaldlega að fara í gang, núverandi staða mun ekki ganga til lengdar hjá neinu íþróttafélagi.

Kröfur til okkar eru alltaf að vaxa. Við viljum að vel menntaðir og hæfir þjálfarar vinni með börnum og afreksfólki okkar. Við höfum á að skipa gríðarlega góðum hópi starfsmanna, þjálfara og sjálfboðaliða, sem vinna mikla vinnu fyrir Fjölni. Ég hef ákveðið að bjóða fram krafta mína til formennsku fyrir næsta starfsár og ef það verður þegið þá hlakka ég til áframhaldandi samstarfs um uppbyggingu á Fjölni – #FélaginuOkkar.

Fjölnismenn og konur er glæsilegur hópur og þar að auki búum við í besta hverfinu í Reykjavík. Framtíð Fjölnis er björt – áfram FJÖLNIR.

Jón Karl Ólafsson  
formaður Fjölnis









# Fimleikadeild

Þá er enn eitt árið liðið og starf fimleikadeildar Fjölnis heldur áfram af fullum krafti. Fjöldi iðkenda hjá deildinni hefur haldist svipaður milli ára en reynt var að gæta þess að fjölga iðkendum jafnt og þétt en ekki í stórum stökkum.

Samsetning starfsmanna- og þjálfarahóps deildarinnar hefur breyst nokkuð frá síðasta ári þar sem fækkun varð í hópi þeirra þjálfara sem eru í fullu starfi hjá deildinni en bætt við lausráðum í staðinn. Engu að síður er hópurinn einstaklega samhentur og ákveðinn í að halda vel utan um iðkendur deildarinnar og skapa andrúmsloft sem einkennist af ánægju, áhuga og metnaði þar sem allir fá að njóta sín á sínum forsendum.

Iðkendur okkar náðu miklum árangri á mótum ársins og á það jafnt við um allar fimleikagreinarnar, áhaldafimleika, hóp fimleika og stökkfimi. En það eru ekki allir sem leggja stund á fimleika sem keppnisíþrótt heldur sem líkamsrækt og félagslega samveru í góðum hópi.

Vorsýning ársins var stórkostleg að vanda en að þessu sinni var farið út fyrir þægindaramman og vorum við með sífóniþema og er ekki hægt að segja annað en það hafi heppnast fullkomlega. Stemmningin á sýningunum var frábær og var nánast fullt á allar sýningarnar. Þetta er alltaf góður lokahnykkur á vetrarstarfinu og er gaman að sjá hversu samhentir allir eru sem starfa í kringum vorsýninguna. Einhvern veginn smellur þetta alltaf á endanum.

Um leið og ég þakka iðkendum, þjálfurum, stjórn og öðrum starfsmönnum fyrir þetta frábæra ár vil ég nota tækifærið og þakka sérstaklega þeim sjálfboðaliðum sem hafa lagt okkur lið við undirbúning og framkvæmd móta og vorsýningar á árinu, án ykkar væri þetta ekki hægt.

Undirritaður hefur verið í tveimur síðustu stjórnnum og tók við sem formaður í lok síðasta árs.

Ég hvet alla til að taka þátt í starfi deildarinnar því eins og áður sagði er þetta mjög gefandi starf og frábær vettvangur til að taka þátt í starfi deildarinnar með börnunum sínum. Börnin hafa mjög gaman af því að skottast í kringum foreldrana þegar verið er að vinna að málefnum deildarinnar og þá sérstaklega þegar kemur að því að vinna á mótum – hvort sem er í sjoppu – miðasölu eða verðlaunaafhendingu.

Fimleikadeild Fjölnis var formlega stofnuð í maí 2002 en hafði starfað undir almenningssdeild Fjölnis frá haustinu 2001. Fimleikadeildin er nú fjölmennasta deildin innan Fjölnis og hefur vaxið hratt undanfarin ár eins og sjá má á iðkendafjölda en hann er nú rúmlega 830.

Árangur iðkenda var glæsilegur og eignuðumst við Íslandsmeistara í hóp fimleikum. Í fyrsta skipti urðu 2. og 3. flokkur íslandsmeistarar ásamt KK yngri. Í áhaldafimleikum urðu þau Leóna Sara Pálsdóttir og Sigurður Ari Stefánsson íslandsmeistarar, en þau kepptu bæði í 1. þrepi.

Þjálfarar unnu mikið uppbyggingastarf með yngri hópa deildarinnar og verður ánægjulegt að fylgjast með þeim í framtíðinni.

## Fimleikar fyrir alla

### SUNNUDAGSHÓPAR

Sunnudagsmorgnar voru áfram tileinkaðir yngstu kynslóðinni. Bangsar, kríli, og stubbar eru krakkar á aldrinum 2 – 4 ára sem gera fjölbreyttar fimleikaæfingar með stuðningi foreldra sinna. Frábært utanumhald þjálfara með góðu skipulagi hefur skilað sér í aukinni aðsókn og ánægju foreldra með starfið fyrir þennan aldurshóp.

### BYRJENDAHOÐPAR

Áfram voru teknir inn iðkendur í svokallaða byrjendahópa. Með þessu fyrirkomulagi náum við að bjóða iðkendum 8 ára og eldri fyrir pláss hjá deildinni. Þessir iðkendur geta síðan valið sér fimleikagrein að loknu einu ári í byrjendahóp.

### ÆFINGAHOÐPAR

Áfram viljum við fjölga í æfingahópum okkar. Við teljum mikilvægt að iðkendur sem hafa ekki áhuga á því að stunda keppni hafi tækifæri til þess að njóta þess að stunda fimleika á sínum forsendum og hraða.

### PARKOUR

Áhugi fyrir parkour heldur áfram að aukast. Bodið er upp á æfingar fyrir byrjendur og þá sem eru lengra komnir sem er ánægjulegt. Þjálfararnir hafa haldi vel utan um hópana.

### FULLORÐINSFIMLEIKAR

Fimleikaæfingar fyrir fullorðna héldu áfram tvisvar sinnum í viku.

### LEIKFIMI 60+

Samstarfi við Korpúlfa var haldið áfram enda hefur það gefist mjög vel. Fjölgað hefur í hópnum og mikil ánægja er með fyrirkomulag og æfingar leikfimishópsins.

### GRUNNFIMLEIKAR

Fjölmennur hópur stúlkna og drengja stundaði æfingar í svokölluðum grunnfimleikum en það er upphaf fimleikaiðkunar. Iðkendur stunda æfingar þar í þrjú ár eða frá 5–7 ára aldri. Þar kynnast þau æfingahringjum, læra að fara eftir munnlegum og sýnilegum fyrirmælum þjálfara, auka líkamsvitund og líkamsstöður, kunna helstu heiti grunnæfinga og þekkja fimleikaáhöldin. Innan grunnfimleika eru hópar sem eru svokallaðir hraðferðarhópar en þar æfðu iðkendur sem voru tilbúin að takast á við töluvert krefjandi æfingar, lengri æfingátíma og hraðari yfirferð.

Grunnfimleikar skiptast í eftirfarandi hópa:

Grunnhópar 5–6 ára

Framhaldshópar 6–7 ára

Undirbúningshópar 7–8 ára

Hraðferð 5–8 ára

### ÁHALDAFIMLEIKAR

Stúlkur og drengir frá 8 ára aldri æfðu áhaldafimleika og kepptu eftir reglum fimleikastigans á ýmsum fimleikamótum yfir árið. Góður árangur var á síðasta ári og unnu Fjölniskrakkar til verðlauna á mörgum mótum sem tekið



var þátt í á keppnistímabilinu. Þeim árangri má þakka frábæru þjálfarateymi sem hefur unnið markvisst með hópana á tímabilinu.

### HÓPFIMLEIKAR

Stúlkur og drengir frá 8 ára aldri æfðu hóp fimleika og keppa eftir reglum code of points á ýmsum fimleikamótum yfir árið. Iðkendum fjölgaði mikið á árunum 2015 – 2018 en hefur fækkað örlítið í ár. Þjálfarhópurinn hefur breyst lítilega, inn hafa komið ungir og efnilegir þjálfarar og hefur mikil samvinna þjálfarateyma skilað mjög góðum árangri.

### SUMARÆFINGAR

Iðkendum deildarinnar í áhalda- og hóp fimleikum stóð til boða að stunda æfingar í júní og ágúst. Skráning var dræm árið 2019 en mörgum iðkendum fór fram á sumarmánudum því þá gefst oft tækifæri til þess að prófa nýjar æfingar. Þjálfarar voru duglegir að breyta hefðbundnum æfingum í skemmtilega útiveru, sundferðir og fleira.

### SUMARFRÍSTUND

Samstarf við Gufunesbæ hélt áfram og var boðið upp á heilsdagsnámskeið í frístund og fimleikum fyrir 6–8 ára börn. Frístundaheimilin voru með dagskrá fyrir hádegi og fimleikadeildin með æfingar eftir hádegi.

### AFREKASKRÁ

Iðkendur unnu til fjölda verðlauna á hinum ýmsu mótum í ár. Of langt mál yrði að telja upp öll afrekin hjá okkar glæsilegu iðkendum, en hér fyrir neðan er árangur iðkenda á Íslandsmeistaramótum á árinu:

## Íslandsmót í þrepum

Verðlaunasæti fyrir samanlagðan árangur

### STÚLKUR

#### 3. þrep kvk 11 ára og yngri

4. sæti – Lilja Katrín Gunnarsdóttir

#### 1. þrep

1. sæti – Leóna Sara Pálsdóttir

### DRENGIR

#### 3. þrep

4. sæti – Davíð Goði Jóhannsson

#### 1. þrep

1. sæti – Sigurður Ari Stefánsson

## Íþróttakona fimleikadeildar

Kristín Sara Stefánsdóttir æfir með meistaraflokki kvenna í hóp fimleikum og hefur verið lykilmáður í liðinu auk þess sem hún er fyrirliði. Hún er í úrvalshópi kvenna fyrir Evrópumótið í hóp fimleikum sem verður haldið haustið 2020 en undirbúningur hófst strax um mitt ár 2019. Kristín Sara var einnig í bronsverðlaunaliði stúlkna á Evrópumótinu í hóp fimleikum í Lissabon haustið 2018. Hún er einnig orðin öflugur þjálfari hjá deildinni og




**KK yngri**

1. sæti

**KK eldri**

3. sæti

**2. flokkur**

1. sæti

**3. flokkur**

1. sæti

**4. flokkur**

3. sæti

**5. flokkur**

2. sæti

**Íslandsmót í hóp fimleikum**


starfaði þar á undan sem aðstoðarþjálfari í mörg ár. Í lok árs 2019 var hún svo valin fimleikakona Fjölnis en Sigurður Ari fimleikakarlfjölnis 2019 er bróðir hennar.

**Íþróttamaður fimleikadeildar**

Sigurður Ari Stefánsson – Á árinu 2019 keppti hann í 1. þrepi íslenska fimleikastigans og varð Íslandsmeistari í því þrepi á Íslandsmótinu í mars 2019. Hann varð þar með fyrsti strákurinn í sögu Fjölnis til að keppa í öllum þrepum fimleikastigans upp að frjálsu þrepi. Hann var einnig valinn til að keppa fyrir hönd Íslands í drengjaflokki á Norðurlandamóti í Svíþjóð í maí, en vegna misskilnings hjá Fimleikasambandinu fékk hann ekki að keppa þar vegna aldurs. Hann var áfram í úrvalshóp og færðist yfir í úrvalshóp unglunga á haustmánuðum. Sigurður Ari er einnig yngstur karla til að keppa með flugæfingu á svifrá, en það gerði hann á þrepamóti, sem haldið var í Fjölni í október 2019. Í lok árs var hann svo valinn fimleikakarlfjölnis. Þess má geta að systir hans var á sama tíma valin fimleikakona Fjölnis.

**Fimleikasambandsmót**

Mótaskrá fimleikasambandsins var þéttskipuð af mótahaldi. Keppnistímabilið hófst að hausti og lauk með Íslandsmótum í mars, apríl og maí. Deildin átti iðkendur á flestum mótum sem stóðu sig gríðarlega vel á tímabilinu. Deildin hélt þrjú mót á árinu: bikarmót, þrepamót og haustmót sem gengu öll mjög vel. Gaman var að sjá allt okkar fremsta fimleikafólk í áhaldafimleikum keppa í húsinu okkar í Egilshöll.

## Millifélagamót

Hópar frá deildinni tóku þátt í svokölluðum millifélagamótum eða vina-mótum. Á flestum þessum mótum er lagt upp með liðakeppni og myndast góð stemmning í hópnum. Deildin átti iðkendur á Garpamóti Gerplu, Mögg-umóti í Keflavík, og Aðventumóti Ármanns.

## Innanfélagsmót

Ákveðið var að halda innanfélagsmótið 13–14. desember. Iðkendur í grunn-fimleikum og fimleikum fyrir alla tóku þátt í mótinu og fengu allir þáttöku-verðlaun. Almenn ánægja var með tímasetningu á mótinu þar sem þetta gaf foreldrum tækifæri til þess að koma og fylgjast með framförum barna sinna á haustönn.



## Vorsýning

Á hverju vori er sett upp glæsileg vorsýning þar sem allir iðkendur deildarinnar taka þátt, allt frá yngstu iðkendum sem eru 4 ára og upp í elstu iðkendur sem eru um 90 ára. Að þessu sinni var þemað símfóniur og heppnuðust allar fjórar sýningarnar frábærlega. Undirbúningur hófst í febrúar en sjálfar sýningarnar fóru fram 30. maí. Að þessu sinni voru 4 sýningar á einum degi. Sýningastjórn var í höndum Höllu Karí. Sviðsmynd, hljóð og búningar voru glæsileg að vanda og má þakka sjálfboðaliðum úr röðum foreldra fyrir þeirra starf. Gleðin skein úr hverju andliti og fóru iðkendur sælir og gladdir í sumarfrí.

## Skrifstofa og þjálfarar

Nokkrar breytingar urðu á starfsfólki á árinu. Þann 1. ágúst hætti Halla Karí störfum sem rekstrarstjóri fimleikadeildarinnar. Hún hafði unnið ötult og gott starf í 15 ár hjá deildinni. Við þökkum henni fyrir vel unnin störf og óskum henni velfarnaðar í nýju starfi. Í desember var komið að starfslokum hjá Þorgerði Ósk sem hafði einnig unnið ötult og óeigingjarnt starf fyrir deildina í 15 ár. Við þökkum henni einnig fyrir vel unnin störf og óskum henni velfarnaðar á nýjum vettvangi. Stjórn fimleikadeildarinnar tók að sér rekstur deildarinnar í góðri samvinnu við skrifstofu Fjölnis eftir að Halla Karí hætti störfum. Hefur það gengið nokkuð vel en þrátt fyrir það er stefnan tekin á að ráða nýjan rekstrarstjóra sem fyrst nú á nýju ári. Þjálfarar deildarinnar eru 26, þar af 10 fastráðnir og til viðbótar erum við með 23 aðstoðarþjálfara. Eitthvað var um þjálfaraskipti en í grunninn er þetta góður hópur sem vinnur samstillt að þeim verkefnum sem upp koma.

Að lokum viljum við í stjórn fimleikadeildarinnar þakka öllum þjálfurum, starfsfólki og ekki síst iðkendum fyrir dugnað og metnað til að ná árangri síðastliðið ár. Góð samvinna allra er lykillinn að farsælu starfi deildarinnar. Að auki þökkum við öllum sjálfboðaliðum sem komið hafa að starfinu með einum eða öðrum hætti sl. ár fyrir þeirra störf. Við viljum einnig hvetja sem flesta foreldra að taka þátt í gefandi starfi deildarinnar. Deildinni óskum við velfarnaðar á nýju ári og horfum bjartsýn fram á nýtt fimleikaár í Fjölni.

Formaður, Gunnar Bjarnason  
Áfram Fjölnir.







# Frjálsíþróttadeild

Á aðalfundi frjálsíþróttadeildarinnar 18. febrúar 2019 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- ▶ Þorgrímur H. Guðmundsson formaður
- ▶ Greta Jessen varaformaður
- ▶ Unnur Sigurðardóttir gjaldkeri
- ▶ Auður Ólafsdóttir ritari
- ▶ Hreinn Ólafsson meðstjórnandi
- ▶ Hjörvar Pétursson meðstjórnandi
- ▶ Ágúst Jónsson meðstjórnandi
- ▶ Eyrún Baldvinsdóttir meðstjórnandi

Á aðalfundinum 18. febrúar voru gerðar athugasemdir við ársreikning deildarinnar og hann ekki samþykktur á fundinum, eftir að ársreikningurinn hafði verið lagfærður var boðað til auka aðalfundar þriðjudaginn 5. mars og var reikningurinn samþykktur þar.

Þær breytingar urðu á stjórninni að í október kom Valgerður Sigurðardóttir ný inn í stjórnina, hún er boðin velkomin til starfa. Í stjórn FÍRR (Frjálsíþróttaráðs Reykjavíkur) situr formaður deildarinnar.

Starf frjálsíþróttadeildarinnar var með nokkuð hefðbundnum hætti þetta árið eins og undanfarin ár. Fyrsta verkefni ársins var að starfa við Reykjavík International Games ásamt fleiri félögum. RIG fór fram 3. febrúar og er eina alþjóðlega frjálsíþróttamót innanhúss sem haldið er hér á landi. Eins og á síðasta ári var umsjón mótsins á vegum FRÍ og fengu þeir reynsluboltann okkar Guðlaugu Baldvinsdóttur til að vera mótsstjóra. MÍ öldunga og MÍ í fjölþrautum var haldið 16.-17. febrúar og sá deildin um framkvæmd þessara móta. Gekk framkvæmd mótanna vel og var okkur Fjöl意思mönnum til sóma. Bikarkeppi FRÍ var haldin 2. mars og tókum við þátt í því mótshaldi venju samkvæmt. Fyrir yngstu íðkendurna var haldið páskamót og buðum við Aftureldingakrökkunum að koma og keppa. Voru krakkarnir mjög ánægðir að koma í Frjálsíþróttahöllina og prufa þar alvöru aðstöðu.

Fjöl意思hlaupið var haldið í 31. sinn fimmtudaginn 30. maí. Framkvæmd hlaupsins var að mestu í höndum Hlaupahóps Fjöl意思. Framkvæmd og umgjörð hlaupsins þótti takast afar vel og var deildinni til mikils sóma. Þetta var 11. árið í röð þar sem Fjöl意思hlaupið er hluti að Powerade sumarhlauparöðinni. 134 tóku þátt í 10 km hlaupinu, 84 tóku þátt í 5 km og 66 voru í skemmtiskokkinu. Var þátttakan ívið betri en árið á undan.

Þann 3. júní héldum við okkar árlega Vormót Fjöl意思 fyrir krakka á aldrinum 11–15 ára á Laugardalsvelli. Mótið var með hefðbundnu sniði og alls voru skráðir til leiks 116 keppendur.

22.-23. júní héldum við MÍ 11-14 ára í samstarfi við Ármann, Aftureldingu og KR. Samstarfið og framkvæmd mótsins tókst vel og voru 219 þátttakendur á mótinu. Bikarkeppni FRÍ utanhúss var haldin 27. júlí og tókum við þátt í því mótshaldi venju samkvæmt. Í desember var svo haldið jólamót fyrir 6-9 ára hópinn og aftur var krökkum í Aftureldingu boðið að vera með. Milli jóla og nýárs var svo Áramótið okkar þann 30. des. Góð þátttaka var á mótinu, alls mættu til leiks 114 þátttakendur. Góður árangur náðist í mörgum greinum.

Að auki kom Fjölnir að mótshaldi Reykjavíkumeistaramóta ásamt öðrum félögum í Reykjavík. Grunnskólamót í frjálsum í samstarfi við hin Reykjavíkurfélögin féll niður þetta árið.

Fjölnir og Afturelding sendu hóp á Gautaborgarleikana 26. júní - 3. júlí. Frá Fjölni fóru 9 krakkar og 12 frá Aftureldingu. Með í för voru tveir fararstjórar, Árný frá Fjölni og Unnur frá Aftureldingu. Einnig voru þrír þjálfarar og félögin skiptu með sér kostnaði fyrir þá. Keppnisdagur voru þrír og eftir mótið var varið í Liseberg, Universum og búðir. Úrval Útsýn sá um skipulag ferðarinnar en flogið var til Kaupmannahafnar með Icelandair og gist á Scandic Europa hótelinu í miðborg Gautaborgar. Heildarkostnaður fyrir hvern og einn var 174.874 kr. Allt gekk vel og krakkarnir komu gladdir og reynslunni ríkari heim.Æfingar deildarinnar voru með nokkuð hefðbundnum hætti eins og undanfarin ár.

Hópurinn 10 ára og yngri var undir umsjón Matthíasar Más Heiðarssonar og Hafðisar Rósar Jóhannesdóttur. Helga Þóra Sigurjónsdóttir, Elísa Sverrisdóttir, Signý Hjartardóttir og Daði Arnarsson aðstoðuðu við þjálfun. Hópurinn æfði tvisvar í viku í Rimaskóla fyrrihluta árs og seinni hlutann í Fjölnishöllinni og á laugardögum í Laugardalshöll.

11-14 ára hópurinn hafði aðstöðu í Rimaskóla fram á vor og í Fjölnishöllinni á haustmísserinu og í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Þjálfarar voru Matthías Már Heiðarsson og Hafðís Rós Jóhannesdóttir. Aðstoðarþjálfarar voru Helga Þóra Sigurjónsdóttir, Signý Hjartardóttir og Elísa Sverrisdóttir. Æfingar voru fjórum sinnum í viku, tvisvar í Rimaskóla/ Fjölnishöll og tvisvar í Laugardalshöll. Um sumarið fóru æfingar hópsins fram á frjálsíþróttavelli Aftureldingar í Mosfellsbæ. Á haustönninni voru æfingar aðeins 3 á viku.

Unglingaflokkur 15 ára og eldri æfir undir stjórn Óskars Hlynssonar. Um sumarið fóru æfingar hópsins fram á frjálsíþróttavelli Aftureldingar í Mosfellsbæ. Voru æfingar sameiginlegar með Aftureldingu, en þjálfari þar er Hlynur Chadwick Guðmundsson. Á veturna fara æfingar fram í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Æft er 5-6 sinnum í viku. Theódór Karlsson er tækniþjálfari á fimmtudögum á veturna. Matthías Már Heiðarsson er aðstoðarþjálfari hópsins.

Óskar Hlynsson sér um æfingar fyrir fullorðna iðkendur tvisvar til þrisvar sinnum í viku, sá hópur hefur vaxið mikið og eru iðkendur um 20 talsins.

Samningur er við ÍR um þjálfun langhlaupara deildarinnar og æfa þeir undir stjórn Mörtu Ernstdóttur.

Árangur okkar iðkenda hefur verið mjög góður á árinu 2019 og erum við mjög bjartsýn á framhaldið. Margir eru að bæta sig stórlega og vinna góða persónulega sigra og það verður mjög gaman að fylgjast með framhaldinu.

Afreksfólk deildarinnar var valið í desember. Að þessu sinni voru valin Vilhelmína Þór Óskarsdóttir fyrir góðan árangur í 400 m hlaupi og Daði Arnarson fyrir góðan árangur í 600 m hlaupi.





## Íslandsmeistarar á árinu 2019:

Katrín Tinna Pétursdóttir	2003	Kona	Hástökk
Vilhjálmína Þór Óskarsdóttir	1998	Kona	400 metra hlaup
Kjartan Óli Ágústsson	2002	Karl	800 metra og 1500 metra hlaup
Bjarni Anton Theódórsson	1998	Karl	400 metra hlaup
Helga Þóra Sigurjónsdóttir	2000	Kona	Hástökk
Sara Gunnlaugsdóttir	2005	Kona	600 metra hlaup
Kolfinna Ósk Haraldsdóttir	2004	Kona	Langstökk
Bjartur Gabríel Guðmundsson	2002	Karl	Hástökk
Daði Arnarson	1999	Karl	800 metra hlaup
Ágúst Jónsson	1973	Karl	200 metra hlaup öldunga

## Aðstöðumál:

Innanhússaðstaðan fyrir frjálsíþróttafólk í Laugardalnum er góð en sérhæfð aðstaða í hverfið fyrir frjálsariþróttir er engin. Hreyfing komst á innanhúsaðstöðumál á árinu og á haustmánuðum hófst vinna við að útbúa frjálsíþróttaaðstöðu í Egilshöll. Áætlanir gera ráð fyrir að aðstaðan verði tekin í notkun í ársbyrjun 2020. Frjálsíþróttadeildin horfir björtum augum til þessa verkefnis og erum við sannfærð um að þetta verði lyftistöng fyrir deildina og þá sérstaklega yngri íðkendurna 6–9 ára og 11–14 ára.

Á árinu 2017 átti deildin í viðræðum við ÍBR um áframhaldandi aðkomu deildarinnar að Miðnæturhlaupinu. Eins og áður hefur komið fram enduðu þær viðræður með því að ekki náðist samkomulag og þótti okkur þar halla verulega á okkar hlut. Viðræður hafa verið á milli framkvæmdastjóra Fjölnis og Ármanns við ÍBR um aðkomu félaganna að Miðnæturhlaupinu, enn sem komið er hafa þær viðræður ekki skilað árangri.

## Yfirlit yfir starfsemi Hlaupahóps Fjölnis starfsárið 2019

Æfingar eru fjórum sinnum í viku. Á mánudögum og miðvikudögum hleypur hópurinn frá Foldaskóla kl. 17:30 en hópurinn hefur aðgang að íþróttahúsi skólans efir hlaup fyrir teygjur og styrktaræfingar.

Á fimmtudögum yfir vetrartímam hittist hópurinn kl. 17:20 og hitar upp fyrir brautaræfingu í Frjálsíþróttahöllinni. Þegar höllin lokar á vorin hleypur hópurinn frá Grafarvogslaug kl. 18.

Á laugardögum eru síðan löng hlaup frá tækjunum við Gullinbrú, kl. 9:30 yfir sumartímam en kl. 10 yfir dimmstu vetrarmánuðina.

Starfsemi hlaupahóps Fjölnis var með hefðbundnu sniði. Birna Varðardóttir var þjálfari hlaupahópsins fram í september, þá óskaði hún eftir lausn frá störfum. Þakkar deildin Birnu fyrir hennar framlag til hlaupahópsins. Almenn ánægja var með störf Birnu og vonast deildin til að geta notið krafta hennar seinna. Ingvar Hjartarson tók við þjálfarastarfinu í byrjun september ásamt Gyðu Þórarinsdóttir. Ingólfur Björn Sigurðsson sá um byrjendanám-skeið hjá hópnum.

Hlauparar tóku þátt í mörgum hlaupum bæði innan og utanlands. Og luku 5 meðlimir við sexuna (Abbott worlds marathon majors) – hafa þeir því klárað heil marathon í New York, London, Boston, Berlin, Chicago og Tokyo.

Hlaupahópurinn stefnir síðan á að fara erlendis á árinu 2020 í hlaup og eru allar líkur á því að um upplifunarferð verði að ræða þar sem hlaupið verði í nokkra daga og notið, en ekki keppnishlaup eins og oft áður.



Fjölismaður ársins var að þessu sinni hjónin Lilja Björk Ólafsdóttir og Guðmundur Magni Þorsteinsson sem eru öflugir hlauparar í hlaupahópi Fjölnis. Þessi dugnaðarhjón tilheyra hópi fárra í heiminum sem klárað hafa sex stærstu maraþon í heimi. Þau eru elst íslenskra hjóna sem það hafa afrekað.

F.h. stjórnar,  
Þorgrímur H.Guðmundsson formaður











# Handknattleiksdeild

Árið 2019 var viðburðarríkt ár hjá Handknattleiksdeild Fjölnis en árið markar ákveðin tímamót þar sem þetta er fyrsta heila árið sem iðkendur okkar æfa í Fjölnishöllinni við bestu mögulegar aðstæður.

Deildin nýtti sér nýju aðstæðurnar til hins ýtrasta enda voru fjögur fjölliðamót yngri flokka haldin fyrstu mánuði ársins og eitt mót í nóvember. Einnig var haldið Fjölnircup í ágúst 2019 en það var með breyttu fyrirkomulagi að þessu sinni. Fjölliðamótin auka töluvert á tekjuöflunarmöguleika deildarinnar enda greiða liðin fyrir þátttöku og innkoma úr sjöppu hefur verið töluverð samhliða mótunum.

Samstarf Fjölnis og Fylkis jókst einnig á árinu en í dag er samstarf í fjórum flokkum eða í 5.- 3 flokki karla og í 4. flokki kvenna. Iðkendur Fylkis sem æfðu með Fjölnis iðkendum voru 28 þegar samstarfið hófst síðasta haust. Líklegra þykir að þetta samstarf haldi áfram og þróist áfram því með hverju árinu lærum við á samstarfinu. Almennt þykir samstarfið hafa gengið vel og krakkarnir ánægðir. Fleiri lið í Reykjavík hafa farið eftir sömu fyrirmynd og má þar nefna Grótta/KR sem dæmi.

Síðasta haust var farið í mikla vinnu við að auka iðkenda fjölda deildarinnar og voru 235 iðkendur (79 stelpur og 156 strákar) skráðir í deildina síðasta haust sem er töluverð aukning frá því um vorið. Við erum sérstaklega ánægð með aukningu iðkenda í yngstu flokkunum okkar en þar erum við að vera vör við fjölda sem við höfum ekki séð áður hjá deildinni.

Við erum einnig verulega stolt af þeim þjálfurum sem eru starfandi hjá deildinni en nokkrir þeirra byrjuðu að þjálfja hjá Fjölni á síðasta ári. Árangur yngri flokkanna hefur verið mismunandi en ég held að við eigum nú í dag þáttakendur í Íslandsmótinu í öllum flokkum fyrir utan 3. fl. kvk.

Í dag erum við að bjóða uppá aðstæður og umgjörð í hæsta gæðaflokki fyrir iðkendur þ.e. styrktarþjálfun frá 5. fl. og uppúr, markmannsþjálfun, góða þjálfara í öllum flokkum og frábærar aðstæður til íþróttaiðkunnar.

Við vorum með þrjá meistaraflokka í rekstri á síðasta ári eða U lið karla, aðallið karla og aðallið kvenna. U lið karla spilar í Grill 66 deildinni eftir að hafa unnið 2. deildina og aðalliðið spilar í Olísdeildinni eftir að hafa unnið Grill 66 deildina með yfirburðum.

Aðallið kvenna spilar í Grill 66 deildinni en síðustu tvö árin höfum við verið að byggja upp meistaraflokk kvenna að nýju eftir að hafa verið þátttakendur í Olísdeild kvenna veturinn 2017/2018.

Árangur meistaraflokkanna hefur verið misjafn en stefnan hefur verið að spila á uppöldum leikmönnum eftir því sem við á. Strákarnir og stelpurnar okkar hafa fengið dýrmæta reynslu síðasta árið og margir sýnt frábæra takta í vetur þó að árangurinn hafi stundum látið standa á sér. Mikil vinna hefur verið á sjálfboðaliðum deildarinnar í vetur þar sem kröfur HSÍ varðandi umgjörð leikja eykst með hverju árinu. Gaman hefur verið að sjá ný andlit sjálfboðaliða í vetur í kringum meistaraflokkana í vetur. Hins vegar

má alltaf bæta í og það er stefna okkar að auka við og reyna fá fleiri til að taka þátt með okkur í kringum leikina og meistara flokkana.

Erfiður rekstur hefur verið á deildinni undanfarin ár en margar ástæður eru fyrir því og óþarfi að dvelja við þær. Hins vegar hefur stjórn síðasta árs verið að vinna í að snúa við erfiðum rekstri. Þróun á rekstrinum er töluvert betri í ár en hefur verið undanfarin ár og vonandi er hægt að bæta um betur á árinu 2020. Helstu ástæður fyrir bættum rekstri deildarinnar í ár er lækkun á kostnaði, þá aðallega launakostnaði og hækkun á tekjum, þá aðallega styrkjum frá utanaðkomandi aðilum. Einnig hefur rekstur BUR batnað til muna en við getum sagt að flokkarnir hafi staðið undir kostnaði að mestu leyti frá síðasta hausti.

Efnahagsumhverfið hefur verið erfitt og fyrirtæki eru almennt að draga saman seglin í styrkveitingum til íþróttastarfs en það er bjart framundan hjá Handknattleiksdeild Fjölnis. Það er mikil vinna framundan og miklar áskoranir sem fylgja því að reka deild sem þessa á sem bestan og hagkvæmestan hátt. Það er ekki síður mikilvægt að fjölga sjálboðaliðum sem sjá sér fært að leggja fram vinnuframlag þannig að framþróunin verði sem hröðust og deildin styrkist sem aldrei fyrr.











# Íshokkídeild

Líkt og önnur ár þá hefur undanfarið ár verið bæði viðburðarríkt og lærdómsríkt. Þegar fráfarandi stjórn steig inn í starfið fyrir ári síðan var Björninn nýgenginn undir Ungmennafélagið Fjölni. Við tók tími samruna þar sem báðir aðilar voru að læra inn á hvorn annan og telur fráfarandi stjórn samrunann enn vera í gangi þar sem mörgu er enn ólokið. Fjölnir ýtti á Reginn að fjárfesta í nýjum Zambooni, sem hefur reyndar strítt okkur örlítið frá því að hann kom inn, sömuleiðis voru bekkir í tveimur klefum hækkaðir og nýir dúkar settir í suma klefa. Enn bíðum við þó eftir nýrri klukku.

Iðkenda fjöldi vorið 2019 var 87 og haustið 2019 vorum við með 68 skráða iðkendur. Þátttaka í sumarbúðunum fyrir iðkendur sem voru 2009 og yngri taldi 28 í heildarfjölda. Sumarbúðir fyrir eldri iðkendur taldi 44 í heildarfjölda. Við fengum Gergely Majoross, yfirþjálfara Mac Buda í Búdapest til okkar í eina viku af sumarbúðunum okkar. Við fengum fleiri gestaþjálfara til okkar á liðnu ári en Thomasz Kurzawa kíkta til okkar í lok nóvember 2019. Hann kom inn með power skating námskeið fyrir 2., 3. og 4. flokk á laugardagskvöldi og síðan kom hann inn á sunnudagsæfingar yngri flokka. Við prófuðum einnig að fá einn Spörtu til að sjá um þrekþjálfun haustið 2019 fyrir 5., 4., 3. og 2. flokk en þar voru 21 iðkandi skráður. Bjarnarbúðin hjálpaði deildinni við að greiða niður þrekið svo að kostnaður yrði sem minnstur fyrir foreldra. Stjórnin tók í lok annarinnar þá ákvörðun að halda ekki áfram með það þrek og finna þjálfara fyrir þrekið innan ræða hokkísins.

Þó nokkur alþjóðleg mót hafa verið haldin hjá okkur. Þar má nefna Coed mótið sem var í maí. Það mót féll í skaut okkar fremur snögglega og með hröðum höndum og hjálp góðra aðila þá er það mót komið til að vera og skapar það frábæra leið til fjáröflunar fyrir félagið. Kvennamótið í október átti 10 ára afmæli í síðastliðnum október og sömu helgina fengum við til okkar Rye Rangers sem 3. flokkur tók á móti og fengum við einnig SR til þátttöku á því móti. Að mynda tengsl innan hokkísins, fá inn þekkingu utan frá og eignast nýja vini hjálpar okkur sem deild og íþrótt að eflast og vaxa.

Núverandi keppnisár hófst á Lýsibikarnum þar sem meistaraflokkur karla hjá okkur stóð uppi sem sigurvegari. Velgengni karlaliðsins hélt áfram og sitja þeir nú í öðru sæti í deildinni. Róbert Freyr Pálsson var valinn íshokkímaður ársins af Íshokkísambandi Íslands og var Úlfar Jón Andrésson síðan valinn bæði íþróttamaður íshokkídeildar og sem íþróttamaður Fjölnis.

Stúlurnar í liði Reykjavíkur hafa gengið í gegnum ýmislegt á liðnu ári, þar á meðal tvenn þjálfaraskipti og slíkt veldur nokkrum óþægindum en þær hafa þó staðið allt slíkt af sér og standa eftir sem sterkt og samheldið lið. Þær stefna nú á mót erlendis í apríl og standa í ströngu við söfnun fyrir þeirri ferð. Unnur María Helgadóttir var valin íþróttakona íshokkídeildar fyrir árið 2019.

4. flokkur stóð uppi sem bikarmeistari vorið 2019 og virðast stefna í að tryggja sér þann titil á ný þetta keppnisár.



Á síðastliðnu vori var unninn samskiptarammi sem snýr að verklagi um samskipti innan deildar, milli stjórnar, þjálfara, iðkenda og foreldra. Sá samskiptarammi var unninn í samráði við Æskulýðsvettvanginn frá UMFÍ. Sömuleiðis aðstoðaði Æskulýðsvettvangurinn okkur við gerð agareglna og hefur verið stjórninni innan handar við að taka á hinum ýmsu málum sem upp hafa komið.

Sideline var tekið upp af þjálfurum til að koma tilkynningum til skila og inni í Sideline eru settar upplýsingar um æfingar, æfingatíma og fleira. Með sideline gefst foreldrum og iðkendum einnig færi á því að tilkynna forföll og veikindi. Það er von okkar að Sideline verði þar með aðal samskipta-leiðin fyrir þjálfara til iðkenda.

Starfsári fráfarandi stjórnar lýkur svo með því að Andri Freyr Magnússon var ráðinn inn sem aðstoðarþjálfari Alexanders Medvedev. Mun Andri koma til með að sjá um barnastarfið og sinna skrifstofuhlutanum sem snýr að því.

Að lokum vil ég nefna að margt hefur verið unnið innan stjórnar undan-farið ár og vann hún að þó nokkrum erfiðum og krefjandi verkefnum og málum. Það var stjórninni til styrks að hún var samheldin og skilningsrík gagnvart öðrum stjórnarmeðlimum. Allt starf sem er unnið innan stjórnar er unnið í sjálfbodaðastarfi og sömuleiðis eru fjölmargir aðilar sem þykir vænt um deildina og velferð hennar sem gefa sína vinnu, þar á meðal þær sem standa vaktina í Bjarnarbúðinni, þeir sem komu til aðstoðar við að mála vegginn undir klukkunni og þeir sem hafa unnið á hinum ýmsu mótum. Bestu þakkir til ykkar allra. Gæði deildarinnar, jákvæðni og baráttuhugur verður aldrei meiri en þeir sem standa að baki henni og íþróttinni.

Sem fráfarandi formaður óska ég þess að komandi stjórn fái að horfa fram á við, að leifar gamalla tíma fái að liggja í fortíðinni og að allir aðilar sem styðja við Björninn og æfa innan deildarinnar fái að gera einmitt það sama. Reidni, gremja, pirringur og neikvæðni eiga ekki heima í æskulýðsstarfi. Heilbrigð samskipti, skilningur, samheldni og jákvæðni ætti að einkenna komandi daga, vikur og ár.













# Karatedeild

## Inngangur

Árið 2019 leið með ágætum. Starfsemi deildarinnar var með hefðbundnu móti þar sem skiptust á æfingar og þátttaka í mótum fyrir alla aldursflokka.

Karatedeildin tók virkan þátt í mótum bæði innanlands og utan og eignaðist meðal annars Smáþjóðameistara í Hópkata sem og Íslandsmeistara í Kata, hvort tveggja afspyrnugóður árangur. Því til viðbótar unnu keppendur deildarinnar til fjölda verðlaunapeninga á hinum ýmsu mótum innanlands sem utan.

Haldnar voru æfingabúðir og beltapróf undir leiðsögn Sensei Steven Morris í mars og maí. Þetta er 14. árið í röð sem Sensei Steven kemur til að kenna og staðfesta árangur iðkenda. Við það tilefni þreyttu 10 einstaklingar svartbeltisgráðun, 4 einstaklingar fengu Shodan-Ho gráðun, 4 staðfestu Shodan gráðun og 2 þreyttu próf til Nidan gráðunar. Allir stóðust próf með sóma.

Karatekona og -maður ársins voru valin Eydís Magnea Friðriksdóttir og Gabríel Sigurður Pálmason.

Eins og fyrr var lögð áhersla á samstarf aðstandenda iðkenda og deildarinnar. Brugðið var út af vananum og haldin grillveisla í stað vorsýningar þar sem bróðurpartur yfir 90 iðkenda deildarinnar mættu og skemmtu sér ásamt aðstandendum. Jafnframt var unnið markvisst að því að fjölga í hópi eldri byrjenda, bæði með því að bjóða í *mömmu- og pabbatíma*, foreldratíma með börnum og kynningartilboðum.

Stjórn hefur unnið að þeim markmiðum sem sett voru fyrir deildina og árangri sem ætlunin er að ná fram til ársins 2020. Þessi markmið snúa að félagsstarfinu, árangri í íþróttinni og rekstri deildarinnar.

## Stjórn

Ný stjórn tók við störfum að loknum aðalfundi þann 21. febrúar 2019. Hana skipa: Þorsteinn Yngvi Guðmundsson formaður, Esther Hlíðar Jensen gjaldkeri og Valborg Guðrún Guðjónsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru Willem Cornelis Verheul yfirþjálfari deildarinnar, Friðrik Magnússon, Sif Ólafsdóttir og Sigríður Þórdís Pétursdóttir. Sigríður kemur ný til starfa, en aðrir hafa setið áður í stjórn. Sigríður er gamalkunnur afreksiðkandi, keppandi og þjálfari deildarinnar.

Megináhersla stjórnarinnar á árinu var að endurnýja og framfylgja markmiðasetningu sem unnin var árið 2018. Að jafnaði er framganga markmiða metin mánaðarlega og er þannig reynt að halda þétt utan um þá þrjá meginþætti sem lögð var áhersla á í markmiðssetningunni; Árangur í íþróttinni, félagsstarfið og rekstrarniðurstöður.

## Þjálfarar

Karatedeildin býr að reynslumiklu þjálfarateymi. Þar fer fyrir vöskum hópi yfirþjálfari er sem hefur leitt starfseminna frá stofnun deildarinnar, Willem Cornelis Verheul, 3. dan sem er ábyrgur fyrir öllu starfi í þjálfunaraðstöðu deildarinnar.

Honum til halds og trausts eru:

- ▶ Snæbjörn Willemsen Verheul, 3. dan.
- ▶ Pathipan Kristjánsson, 1. dan.
- ▶ Páll Haraldsson 2. dan.
- ▶ Guðbjörg Rún Torfadóttir, 1. dan.



Auk ofangreindra starfar lítill hópur aðstoðarþjálfara, 14–15 ára iðkendur sem eiga það sameiginlegt að hafa lokið svartbeltisgráðun. Einn hluti settra markmiða deildarinnar lýtur að því að tryggja framgang iðkenda sem áhuga hafa á að koma að þjálfun iðkenda. Þetta er gert bæði til að tryggja að deildin hafi aðgang að fólki með næga þekkingu á karatetæknilegum atriðum sem og starfinu innan deildarinnar. Þannig hafa yngri iðkendur fengið tækifæri til að leggja hönd á plóg með öðrum reynslumeiri þjálfurum.


Það hefur sýnt sig að brottfall iðkenda kemur gjarnan til um 16 ára aldurinn þegar grunnskóla lýkur og fleiri breytingar verða í umhverfi unglínganna. Þá hefur reynst deildinni ágætlega að bjóða nemendum sem vilja draga úr stífum æfingum að taka að sér þjálfun frekar en að hverfa alveg frá íþróttinni.

## Starfsárið

Starfsárið hefur verið deildinni gott. Skiptir þá ekki hvern þeirra þriggja meginþátta starfseminnar litið er á. Starfið innan deildarinnar hefur verið farsælt, þar sem unnið hefur verið í átt að settum markmiðum. Þau lúta að karatetæknilegri framþróun iðkenda, félagsstarfinu sem og rekstrarlegum niðurstöðum. Að jafnaði metur stjórnin framgöngu verkefna á mánaðarlegum fundum auk þess sem ákveðin eru skref sem stíga á næsta mánuðinn og hver ber ábyrgð á hverju þeirra.

## Þátttaka og árangur í keppnum

- ▶ Á árinu eignuðumst við Íslandsmeistara þegar Eydís Magnea Friðriksdóttir sigraði sinn flokk á Íslandsmeistaramótinu í Kata.
- ▶ Á innanlandsmótum (GrandPrix mótariðinni og Íslandsmeistaramótum) tryggði Fjölnisfólk sér samtals 1 gull, 6 silfur og 13 bronsverðlaun. Þetta dugði okkur svo til að ná einu silfri og tveimur bronsverðlaunum fyrir samanlagðan árangur á GrandPrix mótariðinni.
- ▶ Við tókum þátt í þeim fjölþjóðlegu mótum sem haldin voru á Íslandi. Á Smáþjóðaleikunum náði Fjölnisfólk einum gullverðlaunum fyrir hópkata auk þrenna bronsverðlauna. Á Reykjavík International Games (RIG) náði okkar fólk tvennum silfurverðlaunum og þrennum bronsverðlaunum.
- ▶ Einn iðkenda Fjölnis, Eydís Magnea, var hluti af landsliðinu í Karate



**Mynd 1** Þátttaka í keppnisgreinum og frammistaða á mótum árið 2019

árið 2019 og náði m.a. þeim frábæra árangri að komast á verðlaunapall á Norðurlandameistaramótinu sem haldið var í Danmörku í nóvember síðastliðinn og taka þar við bronsverðlaunum. Auk þeirra náði Eyðís í tvenn silfurverðlaun og þrenn bronsverðlaun á ferðum sínum með landsliðinu.

- ▶ Hópur íðkenda tók þátt í æfingabúðum í Grangemouth í Skotlandi. Æfingabúðirnar voru haldnar af Kobe Osaka International (KOI) – Scotland og fóru fram undir stjórn Sensei Steven Morris. Um var að ræða æfingabúðir á laugardegi auk þess sem að á sunnudegi var haldið KOI mót bæði í Kumite og Kata. Það er skemmst frá því að segja að íslensku íðkendurnir náðu frábærum árangri og komu heim með mikinn fjölda, gull, silfur og brons verðlaunapeninga.

## Félagsstarfið

- ▶ Innan deildarinnar störfuðu að jafnaði rúmlega 90 íðkendar á hverri önn.
- ▶ Karatedeildin heldur að jafnaði úti æfingum sex daga vikunnar. Æfingafyrirkomulag er þannig að byrjendur fá að jafnaði tvær kennslustundir í viku á meðan lengra komnir fá þrjár kennslustundir. Því til viðbótar fá þeir íðkendar sem eru í afrekshópi, sem rekinn er sameiginlega með Karatedeild Aftureldingar, þrjár aukaæfingar á viku.
- ▶ Aðrar æfingar utan hefðbundinnar dagskrár fóru fram til að undirbúa enn betur þá sem tóku svartbeltisgráðun á árinu. Haldnar voru aukaæfingar eftir þörfum á tímabilinu febrúar til apríl.
- ▶ Þá hlutu þeir bræður Snæbjörn og Magnús Willemsynir Verheul silfurmerki Fjölnis á aðalfundi Fjölnis. En þeir hafa verið virkir í deildinni frá árinu 2004 bæði sem afreksíþróttamenn sem unnið hafa til fjölda verðlauna og sem þjálfarar.
- ▶ Í ár var sú breyting frá því sem áður var að í stað þess að halda Varsýningu bauð deildin íðkendum og aðstandendum þeirra til grillveislu þar sem komu saman allar kynslóðir og léku sér úti í frábæru vorveðri. Vorhátíðin okkar fór fram samhliða Grafarvogsdeginum í Gufunesbæ og er óhætt að segja að það hafi verið frábær endir á vetrarstarfi deildarinnar.













**Mynd 2** Lökendur undir lok gráðunar

Í heimsóknnum Sensei Steven Morris í mars og maí hlutu eftirfarandi dangr-áðun:

- ▶ Ylfa Sól Þorsteinsdóttir, Shodan (junior)
- ▶ Eydís Magnea Friðriksdóttir, Shodan-Ho (junior)
- ▶ Jón Valur Kristjánsson, Shodan-Ho (junior)
- ▶ Ágúst Björn Jónsson, Shodan-Ho (junior)
- ▶ Gísli Valentin Bollason, Shodan-Ho (junior)
- ▶ Ívan Sær Davíðsson, Shodan (junior)
- ▶ Rán Ægisdóttir, Shodan (junior)
- ▶ Sunna Rut Guðlaugardóttir, Shodan (junior)
- ▶ Baldur Sverrisson, Nidan
- ▶ Atli Þór Barðdal Valdimarsson, Nidan

Karateíðkendur ársins voru valin þau:

**Eydís Magnea Friðriksdóttir.** Eydís hefur, þrátt fyrir ungan aldur sýnt mikinn keppnisvilja. Árið í ár var henni gott og hún sýndi sig fremsta meðal jafningja þegar hún varð Íslandsmeistari í sínum flokki í Kata og náði svo skömmu síðar silfurverðlaunum á Íslandsmeistaramóti unglunga í Kumite. Auk þessa vann Eydís til bronsverðlauna á Norðurlandameistaramótinu í Kata. Eydís starfar sem aðstoðarþjálfari hjá karatedeildinni og er meðlimur í Afrekshópi hennar. Hún er jafnframt fastur meðlimur karatelandslíðsins og var valin til að taka þátt fyrir hönd Íslands á fjölda móta erlendis þetta árið. *Metnaður* og *Virðing* eru þau gildi Fjölnis sem Eydís hefur lifað í starfi sínu innan deildarinnar.

**Gabriel Sigurður Pálmason.** Þetta árið var mjög hörð samkeppni innan deildarinnar um titilinn Karatemaður ársins. Á árinu náði Gabriel bronsi á Íslands-



**Mynd 3** Eydís Magnea Friðriksdóttir ásamt Jóni Karli

meistaramóti bæði í kata og hópkata. Auk tveggja silfurverðlauna og einna bronsverðlauna á GrandPrix mótum ársins. Hann vann jafnframt til fjölda verðlauna á Kobe Osaka mótinu í Skotlandi á seinni hluta ársins. Gabríel er upprennandi afreksíþróttamaður sem sannar að sjálfsagi og einbeiting skilar árangri. *Metnaður* og *Heilbrigði* eru þau Fjölnisgildi sem Gabríel hefur staðið fyrir í starfi sínu innan karatedeildarinnar.

## Rekstrarárangur

Rekstrarárangurinn á árinu var undir væntingum en ásættanlegur. Munar þar mestu um aukinn launakostnað bæði hjá fastráðnum starfsmönnum sem og þeim sem starfa í verktöku. Laun og verktakagreiðslur þjálfara eru stærsti útgjaldaliður deildarinnar og fór það svo að með auknum fastráðningum sem og því að hafa fleiri aðstoðarþjálfara á æfingum yngri hópa jókst sá liður um 19%. Til mótvægis auknum kostnaði varð lítilsháttar tekjuaukning. Þó ekki næg til að mæta auknum launakostnaði.

Helstu rekstrarniðurstöður ársins urðu svo (í þúsundum króna):

	2019	2018	2017
Heildartekjur	7.203	7.068	5.985
Heildarkostnaður	6.677	5.584	5.119
Heildarhagnaður	423	1.485	866

Af ofangreindu leiðir að niðurstaða í rekstri deildarinnar varð um 400 þúsund í rekstrarafgang eða um 6% af heildartekjum deildarinnar.

Sem fyrr segir hefur stjórnin sett sér markmið er lúta að fjárhagslegri afkomu deildarinnar.

Á árinu voru endurnýjaður hluti æfingavallar deildarinnar en ljóst er að meiri endurnýjun á búnaði deildarinnar liggur fyrir.

Jafnframt hyggst deildin efla enn frekar hæfni iðkenda með ákveðnum átaksverkefnum eftir því sem við á. Það er deildinni því nauðsynlegt að sníða reksturinn þannig að hún geti mætt þeim verkefnum sem framundan eru.

Stjórnin þakkar þjálfurum, iðkendum og forráðamönnum þeirra fyrir samstarfið á árinu. Sérstakar þakkir fær yfirþjálfari deildarinnar sem hefur veg og vanda af öllu er snýr að faglegu starfi deildarinnar.

Fyrir hönd stjórnar:  
Þorsteinn Yngvi Guðmundsson  
Formaðu



**Mynd 4** Gabríel Sigurður við verðlaunaafhendinguna





# Knattspyrnudeild

Meistaraflokkur karla í 2. sæti 1. deild og vann sér þar með sæti í Pepsi Max deildinni 2020.

Meistaraflokkur kvenna með viðunandi árangur í lok tímabils eftir mikið strögl nánast allt mótið, endaði í 7. sæti í 1. deild

Engar stórar leikmannasölur voru á árinu – Aron Sigurðarson seldur frá Start til Union St. Gilloise

Yngri flokka starfið gekk vel en ekkert er að fréttu af stúkumálum. Á árinu voru nýir búningasklefar teknir í notkun Egilshöll en það gerðist undir lok ársins.

Öflug stjórn BUR undir formennsku Steindórs Birgissonar en rekstur í járnnum eftir að við hækkuðum æfingagjöld lítillega

Vegna góðs árangurs meistaraflokks karla 2019 hækkar strykur frá UEFA um 3 milljónar sem koma inn í starfið 2020

Starfið einkennist áfram af miklum krafti og góðum árangri

Bikarmeistarar 3. flokkur karla

1. sæti í A riðli

2. sæti í Íslandsmóti

Íslandsmeistar 5. flokkur karla

5 c í öðru sæti

Reykjavíkarmeistarar

3. flokkur karla a, b og c

5. flokkur karla b

Fjölmarginir leikmenn valdir á úrtaksæfingar hjá KSÍ, bæði hjá strákum og stelpum

Áhersla á að allir iðkendur fái verkefni við sitt hæfi.





## Íslandsmeistarar í 5. flokki karla



## Bikarmeistarar í 3. flokki karla





## Meistaraflokkur kvenna



Tímabilið var mjög erfitt lengst af en í lokin náði liðið að tryggja sér 7. sæti

Páll Árnason þjálfari hætti eftir tímabilið

Mikill metnaður hjá stelpunum, þjálfarateyminu og meistaraflokksráði kvenna að byggja upp öflugt lið sem verður farið að spila í úrvalsdeild á næstu árum.

Nýtt meistaraflokksráð undir vaskri forystu Marinó Þór Jakobssonar

### Nýr þjálfari

Helena Ólafs (UEFA PRO – gráða, í námi)

Mikil reynsla

Þjálfað áður m.a. Val, KR, ÍA, í Noregi, þjálfari A-landslíðs kvenna

Markþjálfari

Íþróttakennari

Stýrir þáttum Pepsi Max mörk kvenna





### **Fitness coach**

Arnór Ásgeirsson

Íþróttافرæðingur úr HR

Master frá Noregi í Sports Management

Sér einnig um fitness prógram fyrir mfl kk



### **Markmannsþjálfari**

Axel Örn Sæmundsson

UEFA B þjálfaragráða

Þjálfar yngri flokka félagsins

Á þriðja tímabili með mfl kvk



### **Sjúkraþjálfari**

Ása Dóra Konráðsdóttir

Framkvæmdastjóri Hæfi

Meistaragráða í stjórnun heilbrigðisþjónustu

Yfir 20 ára reynsla

Á öðru tímabili með mfl kvk

### **Ungar og efnilegar**

Meirihluti liðsins uppaldar í Fjölni

14 af 17 leikmönnum liðsins í síðasta leik gegn Fylki

Leikmenn fá tækifæri

Þurfum að styrkja hópinn



## Meistaraflokkur karla

Gott tímabil – lengst af í efsta sæti en enduðum í öðru sæti og tryggðum okkur sæti í deild hinna bestu að nýju

Liðið komst upp um deild nokkuð sannfærandi og „reynsluboltarnar“ farnir í önnur verkefni

Skoruðum flest mörk og með langbestu markatöluna (+27, Gróttta +14)

Grunnmarkmið náðust. Ekki draumamarkmið

Ásmundur Arnarsson áfram þjálfari

Gunnar Már Guðmundsson og Gunnar Sigurðsson áfram aðstoðarþjálfarar

Framtíðin björt og frábærir árgangar að koma upp

Krefjandi verkefni framundan hjá reynslulitlu liði

### FARNIR

Albert Brynjar Ingason

Rasmus Christiansen

### KOMNIR

Torfi Tímóteus Gunnarsson

Grétar Snær Gunnarsson

Leikreynsla í efstu deild – 358 leikir

Guðmundur Karl, 29 ára, 110/11

Bergsveinn, 28 ára, 100/9

Hans Viktor, 24 ára, 63/5

Torfi, 21 árs, 45/2

Arnór Breki, 22 ára, 10/1

Ingibergur Kort, 22 ára, 10

Hallvarður 21 árs, 8

Viktor, 19 ára, 4

Jón Gísli Ström, 27 ára, 3

Jóhann Árni, 19 ára, 2

Sigurpáll, 24 ára, 2

Grétar, 23 ára, 1

Aðrir – leikir í B deild

Atli Gunnar, 27 ára, 69

Orri, 19 ára, 15

Kristófer Óskar, 20 ára, 14



Helgi Snær, 21 árs, 5  
Eysteinn, 20 ára, 2  
Vilhjálmur, 18 ára, 2  
Atli Fannar, 19 ára, 0  
Lúkas Logi, 17 ára, 0  
Sigurjón Daði, 19 ára, 0

### **Þjálfarateymi:**

Þjálfari: Ásmundur Arnarson  
Aðstoðarþjálfari: Gunnar Már Guðmundsson  
Markmannsþjálfari: Gunnar Sigurðsson  
Kit Manager: Kári – Einar – Gunni  
Fitness: Arnór  
Sjúkraþjálfari: HÆFI  
Íþróttasálfræði: Hallur Hallsson  
Formaður meistaraflokksráðs: Geir Kristinsson



Áskorun að vera á tveimur stöðum – við höfum enga stjórn á æfingatímum í Egilshöll  
Nýir klefar – bylting sem önnur lið horfa til  
Tveir 80 fm klefar  
Sérstaklega hannað fyrir meistaraflokka Fjölnis í knattspyrnu  
Pláss fyrir 25 leikmenn  
Heitur pottur  
Kaldur pottur  
Þvegið af leikmönnum  
Annað: Stutt í gym, sjúkraþjálfun, æfingasvæði, fundarherbergi o.fl.

### **Extra völlurinn**

Það er margt óheillandi. Erfitt að fá bílastæði og sumum finnst óljóst hvar á að ganga inná völlinn. Á meðan ekki er komin niðurstaða í aðstöðumál er varða aðalvöllinn hjá okkur þá verðum við með áhorfendaaðstöðu sem er engan veginn ásættanlegt. Það jákvæða við þann hluta vallarins er King Kárapallur sem er splunkunýr og hefur skapað skemmtilega stemmingu.

### **Skemmtilegasta getrauna kaffi á landinu**

Milli 60–100 manns mæta alla laugardaga kl. 10–12  
Allur ágóði rennur óskertur í meistaraflokka félagsins  
Allir velkomnir, kaffi og bakkelsi á boðstólnum  
Fáum oft góða gesti til að vera með erindi  
Formaður KSÍ  
Þjálfarar og leikmenn  
Góður vettvangur fyrir Fjölnisfólk til að hittast reglulega  
Málefni liðandi stundar rædd  
Kynning á viðburðum, sala árskorta o.s.frv.

Nýr styrktaraðili árið 2002–2022 er VITA.

Árni Hermannsson  
Formaður knattspyrnudeildar















# Körfuknattleiksdeild

Starf deildarinnar í vetur litaðist óhjákvæmilega af veru meistaraflokks karla í Dominos deildinni. Hófu þeir leik í Úrvalsdeild undir handleiðslu Fals Harðarsonar þjálfara haustið 2019, eftir nokkurra ára fjarveru. Þótti tilefni til að endurnýja keppnisbúninga og er ásýnd Fjöl意思 körfubolta nú nokkuð ferskari en áður. Björgvin Guðjónsson hannaði útlit búninganna. Meistaraflokksráð var stofnað í haust sem reynst hefur öflug aðstoð við heimaleiki meistaraflokkanna í Dalhúsum.

Þegar skýrsla þessi er rituð lítur út fyrir að strákarnir okkar taki aftur sæti í 1.deildinni næsta haust, þar sem árangur hefur verið undir væntingum í vetur. Þeir náðu þó frábærum árangri í Bikarkeppni KKÍ og komust í undanúrslit í Laugardalshöll í febrúar s.l.

Meistaraflokkur kvenna er á góðri siglingu í deildinni undir handleiðslu Halldórs Karls Þórssonar. Þær urðu deildarmeistarar í fyrra en náðu ekki að vinna úrslitakeppnina um sætið í Dominos deildinni. Önnur atlega er í fullum gangi núna, stelpurnar eru efstar í deildinni og vongóðar um að langþráður draumur um Úrvalsdeildarsæti verði að veruleika í vor.

Yngri flokka starfið hefur gengið vel þar sem iðkendur hefur fjölgað og árangur haldið áfram að vera mjög góður. Átak var gert í að fá inn nýja iðkendur á aldursbilinu 6–9 ára og ákveðið að halda æfingatímum í Egilshöll til að nýta Frístundavagninn. Reynt var að huga að æfingatímum í samræmi við stærstu íþróttagreinar Fjöl意思. Talverð aukning er í þessum aldurshópum m.v. fyrri ár en áfram er langt í land til að ná inn meiri breidd í æfingahópa og ennþá hallar á fjölgun hjá stelpum, þótt hlutfallslega sé hún meiri en hjá strákum.

Við gáfum út tímaritið Fjöl意思 Karfa í ársbyrjun 2019. Tímaritið er góð kynning á starfi deildarinnar þar sem öllum flokkum eru gerð góð skil og sagt frá uppöldu Fjöl意思fólki sem haldið hefur á önnur mið. Blaðið var borið út í öll hús í Grafarvogi, en slíkt rit kom síðast út árið 2013 og því gaman að hafa loks getað endurvakið þessa útgáfu. Kunnum við þeim Eyjólfí Jónssyni, Heiðrúnu Kristmundsdóttur og Elíasi Bjarna Guðmundssyni okkar bestu þakkir fyrir aðkomu sína að blaðinu.

## Helstu afrek ársins 2019

Margir flokkar náðu góðum árangri á árinu 2019 og ber þar helst að líta:

- ▶ Meistaraflokkur karla vann úrslitakeppni 1.deildar vorið 2019 og náði því langþráðu sæti í Dominos deildinni 2019–2020. Komust í undanúrslit bikarkeppni KKÍ í febrúar 2020.
- ▶ Meistaraflokkur kvenna varð deildarmeistari í 1.deild vorið 2019.
- ▶ 8.flokkur karla, drengir fæddir 2005, varð Íslandsmeistarar vorið 2019.
- ▶ 9.flokkur karla, drengir fæddir 2004, varð Íslandsmeistarar vorið 2019

eftir sigur í fjögurra liða úrslitum á Breiðablik og síðan Stjórnunni í úrslitaleiknum næsta dag.

- ▶ 10.flokkur karla, drengir fæddir 2003, fékk silfur í bikarúrslitum KKÍ í febrúar 2019. Drengirnir urðu deildarmeistarar en töpuðu síðan naumlega gegn Breiðablik í fjögurra liða úrslitum þar sem keppt var um Íslandsmeistaratitilinn.
- ▶ Drengjaflokkur, drengir fæddir 2001–2002, fékk silfur í bikarúrslitum KKÍ í febrúar 2019. Drengirnir fengu einnig silfurverðlaun á Íslands-mótinu eftir að hafa unnið Stjórnuna í fjögurra liða úrslitum, en biðu lægri hlut gegn Þór Akureyri um Íslandsmeistaratitilinn eftir fram-lengdan leik.
- ▶ Unglingaflokkur, drengir fæddir 1998–2000, fór einnig í fjögurra liða úrslit líkt og 9., 10. og Drengjaflokkur en þeir biðu lægri hlut á móti toppliði Njarðvíkur í undanúrslitum um Íslandsmeistaratitilinn.

## Landsliðshópar

Fjölnir býr yfir mörgum hæfileikaríkum leikmönnum sem valdir hafa verið í landsliðshópa síðustu ára. Í byrjun árs 2019 voru 16 iðkendur okkar í æfingahópum yngri landsliða. Vorið 2019 voru síðan þrír drengir valdir til að keppa með U15 ára landsliðinu, tveir drengir með U16 ára, ein stúlka með U18 ára og þrír drengir með U20 ára. Keppendur frá Fjölni í U15 voru þeir Daníel Ágúst Halldórsson, Guðmundur Aron Jóhannesson og Karl Ísak Birgisson og fóru þeir til Danmerkur að keppa. Í U16 voru þeir Ólafur Ingi Styrmisson og Sófus Máni Bender og kepptu þeir á Norðurlandamótinu í Finnlandi og Evrópumótinu í Svartfjallalandi. Fanndís María keppti með U18 ára stúlkunum á Norðurlandamótinu og Evrópumótinu. Egill Októsson, Hlynur Logi Ingólfsson og Rafn Kristjánsson kepptu með U20 ára drengjunum á Evrópumótinu.

Í vali í æfingahópa landsliða í lok árs 2019, fyrir verkefni ársins 2020, áttum við 18 iðkendur í æfingahópum yngri landsliða. Fjölnir er þar, ásamt Keflavík, með langflesta iðkendur í U15, U16 og U18. Auk þeirra voru síðan þau Fanndís María og Daníel Bjarki valin í æfingahópa U20.

## Þjálfarar

Þjálfarateymi Fjölnis er öflugt og mikill fjársjóður fyrir félagið að hafa svo öflugan hóp á bakvið iðkendur okkar. Vorið 2019 fór fram greiningargóð og mikil vinna við ráðningar þjálfara en þónokkrir þjálfarar fóru frá deildinni síðasta vor og nýir komu inn í haust. Þjálfarar okkar voru duglegir að sækja þjálfaranámskeið KKÍ og ÍSÍ á árinu. Auk þess starfa margir þeirra sem landsliðþjálfarar yngri iðkenda, sem telst mikill heiður fyrir félagið okkar. Margir iðkendur Fjölnis í 9., 10. og Drengja-/Stúlknaflökka starfa sem aðstoðarþjálfarar hjá deildinni og sjáum við þar framtíðarþjálfara Fjölnis. Haldinn var fyrirlestur fyrir þjálfara deildarinnar í ársbyrjun 2020, með Pálmari Ragnarssyni, um hvernig auka megi þátttöku yngstu iðkenda.

Halldór Karl Þórsson kom inn sem yfirþjálfari deildarinnar en sú staða hafði ekki verið mönnuð nokkur árin þar á undan. Það er mikill akkur í að hafa yfirþjálfara við deildina sem hefur yfirsýn yfir faglegar þjálfunaraðferðir yngri flokka deildarinnar.



## Yngri flokka starfið

Áhersla hefur verið lögð á markaðssetningu yngri flokka með aðstoð Heiðrúnar Kristmundsdóttur markaðsfulltrúa. Iðkenda fjöldi telur nú yfir 300, sem er gott veganesti inn í framtíðina og aukning frá fyrra ári. Það að fá Heiðrúnu að starfi deildarinnar var tilraunaverkefni á árinu 2019 en deildin hefur ekki áður haft starfsmann innan Fjölnis til að sinna markaðssetningu yngri flokka. Áður voru verkefnið unnin af stjórnarmönnum deildarinnar.

Gunnar Jónatansson hefur séð um að halda uppi starfi deildarinnar með auglýsingum og ljósmyndum á Facebook, Instagram og heimasíðu Fjölnis og á hann svo sannarlega hrós skilið fyrir að koma deildinni okkar á framfæri.

Starf yngri flokka gekk heilt yfir vel á árinu. Við höldum ýmis námskeið. Sumarnámskeiðin okkar, Körfuboltaþúðir Fjölnis skiluðu auknum tekjum inn í deildina ásamt því að nýir iðkendur bættust við í vetur í kjölfarið. Við höldum árlegt Grunnskólámót 6.bekkinga í september. Boðið var upp á æfingar með atvinnuönnum okkar í vetrarfríum grunnskólanna í október. Jóláæfingar með einum af erlenda leikmanni meistaraflokks karla voru vinsælar og jólasveinninn mætti inn á æfingu fyrir lok jólafrísins með góð körfuboltaskilaboð til iðkenda. Boðið var upp á styrktarþjálfunarnámskeið yngri flokka í samstarfi við Team Dalhús. Við höldum dómarnámskeið fyrir iðkendur 10.flokks og eldri, ásamt forráðamönnum þeirra. Þar er um að ræða grunnnámskeið í dómgæslu með KKÍ dómara sem leiðbeinanda, en nauðsynlegt er fyrir körfuna á Íslandi að fjölga dómurum og auka þekkingu. Tuttugasta og annað Sambíómót Fjölnis fór svo fram 2.–3. nóvember. Um 700 börn tóku þátt í ár, fædd 2008 og síðar. Alls tóku þátt 139 lið frá 14 félögum. Mótið fór fram í Egilshöll, Dalhúsum og Rimaskóla. Mótið er mikilvæg fjáröflun fyrir starf deildarinnar og færir stjórnin öllum sjálfboðaliðum, iðkendum og forráðamönnum þeirra, bestu þakki fyrir aðkomuna að mótinu. Til viðbótar við Sambíómótið höldum við þrjú fjölíðamót í minnibolta árið 2019 þar sem hátt í 50 lið keppa um sæti á Íslandsmóti KKÍ í hvert sinn.

## Starf körfuknattleiksdeildar Fjölnis

Körfuknattleiksdeild Fjölnis býður upp á körfubolta fyrir allan aldur allt frá íþróttaskóla frá 3ja ára aldri og upp í bumbubolta. Fyrir utan meistaraflokk kvenna og karla þá erum við einnig með meistaraflokk karla b-lið sem keppir í 2. deild karla.

Iðkendur á aldrinum 6–9 ára æfa í s.k. Minnibolta hópum (MB6–7 ára og MB8–9 ára) og er æfingum skipt eftir kynjum. Minnibolta hópunum er boðið að taka þátt í mótum sem félögin halda hjá sér og er yfirleitt stefnt á að fara á a.m.k. 2 mót fyrir áramót og 2 eftir áramót. Í þessum mótum er ekki keppt til sigurs, heldur er það gleðin sem ræður ríkjum.

Iðkendur á aldrinum 10–11 ára æfa í MB10 ára og MB11 ára hópum og er kynjaskipt. Þessi hópur er mitt á milli félagamótanna og Íslandsmótanna. Þeim er boðið að taka þátt á mótum félaga, en feta einnig sín fyrstu skref í að keppa á Íslandsmóti þar sem getuskipt er í lið og keppt í riðlum eftir styrkleika. Íslandsmót MB10 ára samanstendur af 4 mótum og á lokamótinu eru krýndir Íslandsmeistarar. Sama á við um MB11 ára nema þar er keppt á 5 mótum yfir tímabilið.

Iðkendur í 7. bekk (7.flokki) og eldri keppa á Íslandsmótum þar sem keppt er í 4–5 fjölíðamótum yfir árið. Fjölíðamótin eru riðlaskipt þar sem A-riðill



er efstur. Keppt er um Íslandsmeistaratitil í hverjum árgangi og einungis þau lið sem eru í A-riðli geta keppt um titilinn. Reyndar breytist keppnisfyrirkomulagið í deildarfyrirkomulag þegar komið er upp í 10.flokk (10. bekk). Í 9. flokki bætist einnig við Bikarkeppni KKÍ, sem er virkilega skemmtileg viðbót við keppnistímabilið og þá er lokamarkmiðið að keppa um bikarmeistaratitilinn í Laugardalshöll við frábæra umgjörð KKÍ.

Fjölnir státar sig af því tefla fram liðum í öllum árgöngum hjá stelpum jafnt sem strákum.

Þjálfarar sjá um að halda skemmtun fyrir iðkendur að hausti og að vori og fá þá foreldraráð hvers flokks í samstarf með það. Eldri flokkar kjósa gjarnan að fara í keppnisferðir eða æfingaferðir erlendis. Nokkrir flokkar frá okkur hafa t.a.m. farið til Svíþjóðar að keppa á sterku körfuboltamóti þar. Í fyrra fóru drengir fæddir 2003 og nú í vor fara drengir fæddir 2004. Einnig hafa ýmsir flokkar farið í æfingabúðir ýmist til Evrópu eða Bandaríkjanna.

### **Staða yngri flokka þegar yfirstandandi tímabil er rúmlega hálfnað**

- ▶ Unglingaflokkur undir handleiðslu Halldórs Karls Þórssonar. A-liðið er sem stendur í 2.sæti í deildinni og B-liðið í 3ja sæti í 2.deild. Margir leikmenn þar spila auk þess með meistaraflokki og tekur starf þar því óhjákvæmilega nokkuð mið af því.
- ▶ Drengjaflokkur undir handleiðslu Ara Gunnarssonar. A-liðið er í 2.sæti í deildinni og B-liðið í 5.sæti í 2.deild. Hópurinn býr yfir mörgum öflugum leikmönnum sem taka þátt í æfingahópum yngri landsliða.
- ▶ Stúlknaflokkur spilar með samsettum hóp úr Fjölni og Val og kalla þær sig Fjöllur. Þær eru sem stendur efstar í 2.deild og þjálfar þær Margrét Ósk Einarsdóttir og Helena Sverrisdóttir flokkinn sameiginlega.
- ▶ 10.flokkur kk (2004) undir handleiðslu Halldórs Karls Þórssonar. Eru sem stendur í 2.sæti í deildinni. Hafa marga leikmenn yngri landsliða innanborðs og því mikill efniviður þar.
- ▶ 10.flokkur kvk (2004) spilar með samsettum hóp úr KR undir stjórn Berglindar Karenar Ingvarsdóttur. Þær eru sem stendur efstar í 2.deild.
- ▶ 9.flokkur kk (2005) undir stjórn Halldórs Karls Þórssonar. Strákarnir eru mjög öflugir, spila í A-riðli þar sem þeir sitja taplausir á toppnum. Þeir urðu auk þess bikarmeistarar í sínum aldursflokki í febrúar s.l.
- ▶ 9.flokkur kvk (2005) undir stjórn Margrétar Ósk Einarsdóttur, spila í B-riðli. Unnu sig upp í A-riðil í vetur en duttu aftur í B.
- ▶ 8.flokkur kk (2006) undir stjórn Margrétar Ósk Einarsdóttur. A-liðið er á siglingu, vann sig upp úr B-riðli í A-riðil og B-liðið spilar í F-riðli.
- ▶ 8.flokkur kvk (2006) æfir undir handleiðslu Heiðu Hlínar Björnsdóttur. Stelpurnar eru á hægri siglingu og spila í B-riðli.
- ▶ 7.flokkur kk (2007) æfa undir handleiðslu Kjalars Þórs Jóhannssonar. A-liðið spilar í B-riðli og hafa haldið sér þar nokkuð stöðugt. Nýstofnað B-lið spilar í G-riðli.
- ▶ 7.flokkur kvk (2007) æfa undir handleiðslu Berglindar Karenar Ingvarsdóttur. Stelpurnar spila í A-riðli og hafa verið stöðugar þar.
- ▶ MB11 kk (2008) æfa undir handleiðslu Einars Hansberg Árnasonar. Nokkur fjölgun iðkenda og keppa þeir nú með fjórum liðum í riðlum A, C og D.
- ▶ MB11 kvk (2008) æfa undir handleiðslu Andreu Bjartar Ólafsdóttur. A-liðið spilar í B-riðli og B-liðið í D-riðli.



- ▶ MB 10 kvk (2009) æfa undir handleiðslu Andreu Bjartar Ólafsdóttur. Hópurinn er stór og flottur þar sem gefst kostur á að getuskipta í lið í samræmi við reglur KKÍ. Þrjú lið hafa verði skráð til keppni sem spila í A-riðli, B- og D-riðli. Stelpurnar í A riðli eru taplausar eftir tvö fjölleikdamót í A-riðli.
- ▶ MB10 kk (2009) æfa undir handleiðslu Sófusar Mána Bender og Halldórs Karls Þórssonar. Hópurinn er fámennur en strákarnir eru öflugir og taplausir líkt og stelpurnar eftir tvö fjölleikdamót í A-riðli.
- ▶ MB hóparnir okkar eru 6,7,8 og 9 ára og æfa þau undir handleiðslu Laurynas Siaulys, Berglindar Karenar Ingvarsdóttur auk öflugra aðstoðarþjálfara sem eru eldri iðkendur okkar. Þessir hópar keppa á opnum mótum félaganna, þar sem krakkarnir taka sín fyrstu skref í keppni, allir eru sigurvegarar og leikgleðin ræður ríkjum.

## Meistaraflokkar

Eins og fram hefur komið er góður gangur hjá meistaraflokki kvenna. Um vorið hömpuðu stelpurnar deildarmeistaratitli 1. deildar kvenna og í kjölfarið hófst úrslitakeppni. Stelpurnar lutu í lægra haldi fyrir Grindavík í úrslitakeppninni um sæti í Dominos deild kvenna. Bæði lið voru með erlendan leikmann innan sinna raða. Við lok tímabilsins hófust viðræður við Halldór Karl Þórsson þjálfara um áframhald með meistaraflokk kvenna og flestir leikmenn endurnýjðu samninga sína. Í júnímánuði hófust æfingar og í ágúst mánuði hófst undirbúningstímabil með styrkarþjálfara. Þrír leikmenn komu inn í liðið á venlasamningum. Tímabilið fór rólega af stað um haustið en hefur farið stigvaxandi og er liðið í efsta sæti deildarinnar þegar skýrsla þessi er skrifuð og ljóst er að stelpurnar eru að fara inn í úrslitakeppnina um sæti í Dominos deild kvenna. Erlendur leikmaður kom inn í liðið í janúar sem styrkir liðið enn frekar.

Meistaraflokkur karla hóf árið í mikilli baráttu í 1. deild karla haustið 2018 en keppni efstu liða var býsna jöfn þennan veturinn. Í byrjun tapaði Fjölnir leikjum sínum á móti efstu liðum deildarinnar en þegar leið á veturinn virtist hópurinn slípast saman jafnt og þétt. Í ársbyrjun 2019 var ákveðið að skipta um bandarískan leikmann og náði liðið í kjölfarið að sigra öll liðin sem voru í toppbaráttunni á síðari hlutanum. Liðið náði þó ekki að komast beina leið upp í efstu deild, endaði í 2. sæti deildarinnar og þurfti því að fara Krísuvíkurléiðina með því að spila á móti Vestra og Hamri í úrslitakeppninni. Óhætt er að segja að liðið hafi toppað á hárréttum tíma með 3:0 sigri á Vestra og 3:1 sigri á Hamri og sæti í Úrvalsdeild því staðreynd, en langt er síðan liðið keppti á meðal þeirra bestu. Í kjölfarið var ákveðið að endursemla við Fal Hardarson um þjálfun liðsins og Halldór Karl Þórsson um aðstoðarþjálfun. Haustið 2019 hóf liðið leik í Dominos deildinni með þrjá erlenda leikmenn, einn bandarískan og tvo evrópska. Óhætt er að segja að tímabilið hafi verið furðulegt á margan hátt hingað til, þar sem liðið hefur verið inni í nánast öllum leikjum, hvort sem það er á móti bestu eða slökustu liðum deildarinnar, en aðeins tekist að sigra í einum deildarleik í allan vetur. Liðið er fallið aftur niður í 1. deild og árangurinn því miður undir væntingum enda var markmiðið að halda sér uppi í deildinni. Góður árangur í bikarkeppninni er þó það sem stendur upp úr hjá liðinu á yfirstandandi tímabili, þegar liðið sló stjörnum prýtt lið Keflavíkur út í 8 liða úrslitum. Mikilvægt er að halda því til haga, þrátt fyrir vonbrigði vetrarins, að Fjölnir á marga



unga og efnilega leikmenn sem geta tekið við keflinu og gert harða atögu að því að komast aftur á meðal þeirra bestu sem fyrst.

Stjórn Korfuknattleiksdeildar Fjölnis þakkar sjálfboðaliðum, foreldrum/ forráðamönnum og starfsmönnum Fjölnis fyrir frábært samstarf í vetur. Áfram Fjölnir.

Guðlaug Karlsdóttir  
Olga Björney Gísladóttir  
Styrmir Freyr Böðvarsson  
Magnús Ingi Björnsson  
Jón Pétur Zimsen











# Listhlaupadeild

Fyrsta starfsári listhlaupadeildar undir merkjum Fjölnis er nú lokið og nær þessi skýrsla yfir tímabilið janúar til desember 2019. Þó nokkrar breytingar áttu sér stað á liðnu ári, ekki bara þjálfarabreytingar heldur líka að koma rekstrinum af stað í samstarfi við Fjölni.

Fyrst ber að nefna að Christina og Gennady sögðu samningum sínum lausum í byrjun júní sem var óvænt og mikið högg fyrir deildina. Það var út af fjölskylduástæðum sem þau tóku þessa ákvörðun og þau héldu áfram að vinna fyrir deildina fram á haustið. Þau aðstoðuðu okkur einnig við að finna nýjan þjálfara, hana Svetlónu. Hún hafði lært af sama skóla og Gennady og var þegar búsett og hafði starfað á Íslandi. Hún hóf störf við deildina í ágúst.

Ný heimasíða var tekin í notkun á árinu og hefur hún reynst vel. Þar inná er búið að setja allar helstu upplýsingar og það má endilega koma með ábendingar ef eitthvað vantar eða betur mætti fara. Skráningar fara líka fram í gegnum heimasíðuna. Skrifstofa Fjölnis hefur svo aðstoðað með skráningar og tekur við fyrirspurnum vegna þeirra eða ef það er eitthvað varðandi greiðslur.

Deildin hefur lagt áherslu á að styrkja þjálfara á námskeið. Núna seinast á sérgreinanámskeið hjá ÍSS í október. Menntun og þjálfun þjálfara er mikilvæg fyrir deildina og reynum við að styðja við það þegar hægt er.

Bikarmótaráð ÍSS hófst haustið 2019. Haustmót, Vetrarmót og Vormót eru hluti af Bikarmótaráðinni og verða Bikarmeistarar krýndir í lok Vormóts. Eins og staðan er í dag, þegar aðeins eitt mót er eftir, er SA í fyrsta sæti, Fjölnir í öðru sæti og SR í þriðja sæti.

Á liðnu ári kom upp mikilvæg og þörf umfjöllun um ofbeldishegðun innan íþróttar. Öllum iðkendum á að líða vel á æfingum og mikilvægt að öll samskipti, hvort sem það er við þjálfara, aðra iðkendum, foreldra, stjórnar meðlimi eða sjálfboðaliða á mótum/sýningum eiga að vera á góðum nótum. Það eru því góðar fréttir að ný lög samskiptaráðgjafa íþróttar og æskulýðsstarfs hafa verið sett. Samskiptaráðgjafanum er m.a. ætlað að leiðbeina einstaklingum sem til hans leita vegna atvika eða misgerða sem orðið hafa í skipulögðu íþróttar- og æskulýðsstarfi sem varða t.d. einelti, ofbeldi eða kynbundna eða kynferðislega áreitni. Þá mun ráðgjafinn einnig veita íþróttar- og æskulýðsfélögum og -samtökum fræðslu og ráðgjöf. Domus Mentis – Geðheilsu- stöð mun annast þessa ráðgjöf.

Ekki hefur verið mikið um fjáraflanir hjá okkur en það þarf að breytast þannig að ekki þurfi að hækka æfingagjöldin. Reksturinn var þungur á síðasta ári, m.a. vegna fækkunar iðkenda á haustönn 2019 og því mikilvægt að reyna brúa bilið. Eina reglulega fjáröflunin hefur verið miðasala á jóla- og vorsýningu deildarinnar. Í haust var einnig haldið grímuball. Allar hugmyndir um fjáraflanir og aðstoð foreldra eru vel þegnar.

Vidhorfskönnun var send út eftir haustönn 2019 og var hún gagnleg fyrir stjórnina til að sjá hvað betur mætti fara. Svarhlutfall hefði samt mátt verið



betra en út frá þessari könnun var t.d. afísaðstaða í Skautaskóla bætt en erfiðlega hefur gengið að fá aðgang að söllum í húsinu fyrir afís. Það horfir þó til betri vegar á nýju ári. Einnig var farið yfir afís æfingar framhaldshópanna þar sem niðurstöður könnunarinnar sýndu að æfingarnar þóttu fremur einhæfar. Í framhaldinu hittust þjálfarar og fóru yfir skipulag og áherslur æfinganna. Þetta ætti nú þegar að hafa skilað sér í fjölbreyttari og markvissari afís æfingum.

Júlía Sylvía Gunnarsdóttir var valin íþróttakona listhlaupadeildar árið 2019. Hún tók virkan þátt í mótum á liðnu ári, m.a. í fyrsta sinn á Norðurlandamóti í febrúar og hefur tekið miklum framförum á árinu. Júlía Sylvía er metnaðargjarn iðkandi, leggur hart að sér og hefur sýnt framúrskarandi ástundun. Hún er yngri iðkendum góð fyrirmynd og deildinni til mikilla sóma.

Erfiðlega hefur gengið að fá sjálfbóðaliða til að vera á mótum og sýningum en deildin hélt áfram að raða fólki niður á viðburði. Það er mikilvægt að allir taki þátt og hjálpi til, svo verkin lendi ekki alltaf á sama fólkinu.

Í stjórn Listhlaupadeildar sátu frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2019.

*Kristel Björk Þórisdóttir, formaður*

*Ingibjörg G. Jónsdóttir, ritari*

*Kristín Hjálmarsdóttir, gjaldkeri*

*Dagrún Þórný Marínardóttir, meðstjórnandi*

*Laufey Haflína Finnsdóttir, mótstjóri*

*Sigrún Guðný Erlingsdóttir, varamaður*

Öllum stjórnarmönnum og öðrum sjálfbóðaliðum er þakkað gott starf í þágu deildarinnar á liðnu ári.

F.h. stjórnar Listhlaupadeildar Fjölnis  
Kristel Björk Þórisdóttir, formaður

## Fjármál

Rekstur ársins 2019 gekk erfiðlega. Það var mikil fækkun iðkenda sem að var okkur erfitt ásamt þjálfaraskiptum sem er alltaf aukakostnaður. Deildin rekur sig að stærstum hluta af iðkendagjöldum, ásamt styrkjum. Uppgjör fyrir árið 2019 er nú lagt fram til samþykktar á þessum aðalfundi.

Deildin er rekin með 2.356.423 kr tapi og neikvætt eigið fé upp á 1.946.423 kr.

## Iðkendar, þjálfarar og keppnistímabilið

Alls voru 173 iðkendar á vorönn 2019 (159 iðkendar + 14 í fullorðins/unglingahóp). Á haustönn 2019 var heldur mikil fækkun, 109 iðkendar (100 iðkendar + 9 í fullorðins/unglingahóp). Ekki liggur ljóst fyrir hvað veldur þessari fækkun en hún nær ekki bara til okkar, heldur líka hinna félaganna.



## Skautþjálfarar deildarinnar janúar-deseember 2019

**Gennady Kaskov, yfirþjálfari listskautadeildar (jan-sept)**, sem hefur 25 ára reynslu sem skautþjálfari og hefur starfað lengst af í Kanada. Hann hefur þjálfað skautara á ýmsum stigum, allt frá áhugaskauturum til atvinnuskautara. Hann er tækniérfræðingur og er með þjálfararéttindi frá Kanada. Hann er með BA gráðu í íþróttasálfræði og meistaraþáttu í hreyfingarfræði (kinesiology). Gennady hefur unnið til ýmissa verðlauna, meðal annars var hann heimsmeistari 1987, World University meistari 1990, tvöfaldur Basel Cup meistari en einnig hefur hann unnið yfir 20 verðlaun á ISU mótum. Hann var í landsliði Sovétríkjanna í 12 ár.

**Christina Phipps, þjálfari og skautastjóri (jan-sept)**, byrjaði að æfa skauta árið 1986 og æfði með bandarískum og rússneskum ólympíuförum og -þjálfurum. Hún æfði af kappi þar til hún varð fyrir bakmeiðslum árið 1998 og varð að hætta keppni. Þá hóf hún störf sem skautþjálfari og hefur 20 ára reynslu sem slíkur. Hún hefur þjálfað skautara á öllum aldri og unnið að uppsetningu umfangsmikilla skautasýninga. Hún er með þjálfararéttindi frá Bandaríkjunum og er einnig menntaður einkaþjálfari. Christina hefur unnið til ýmissa verðlauna, meðal annars er hún tvöfaldur USFS gullhafi.

**Eva Björg Bjarnadóttir, yfirþjálfari Skautaskólans**, hefur verið þjálfari hjá Listskautadeild Bjarnarins síðan haustið 2011 og tók við sem yfirþjálfari Skautaskólans haustið 2016. Hún hefur mikið kennt í Skautaskólanum og einnig þjálfað lengra komna iðkendur. Hún er fyrrum skautari frá Birninum og skautaði einnig með synchro liði Bjarnarins. Eva Björg hefur lokið 1., 2., og 3. stigi þjálfararéttinda frá ÍSÍ og einnig hlutum 1a, 1b og 1c frá Skautasambandi Íslands. Ásamt kennslunni stundar hún nám í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík. Hún lauk störfum fyrir deildina eftir vorönn 2019.

**Svetlana Akhmerova** hóf störf sem yfirþjálfari framhaldshópa deildarinnar í ágúst. Hún kemur frá Rússlandi og hefur 18 ára reynslu sem skautþjálfari. Svetlana hefur starfað sem skautþjálfari og yfirþjálfari og unnið með skauturum á ýmsu getustigi, allt frá byrjendum að lengra komnum skauturum. Hún hefur víðtæka reynslu sem skautþjálfari og hefur starfað í Svíþjóð, Rússlandi, Suður Afríku, Indlandi og Íslandi. Svetlana er með skautþjálfaramenntun frá Rússlandi. Hún tók þátt á ýmsum innlendum og alþjóðlegum mótum, var í landsliði Rússlands frá 1994–1996 og var nokkrum sinnum St. Petersburg meistari. Eftir að hún hætti keppni þá tók hún þátt í íssýningum í fjögur ár áður en hún snéri sér alfarið að skautþjálfun.

**Sif Stefánsdóttir** var yfirþjálfari Skautaskólans á haustönn 2019. Hún var skautþjálfari hjá Öspinni veturinn 2018/2019 og sumarið 2019 þjálfði hún í sumarbúðum Skautaskólans. Sif æfði skauta þegar hún var yngri og um tvítugt byrjaði hún aftur að æfa skauta eftir hlé. Hún hefur lokið almennu þjálfaranámskeiði hjá ÍSÍ, skyndihjálparnámskeiði Rauða Krossins og stundar jógakennaranám hjá Eden Yoga ásamt því að stunda nám við Myndlistaskólann í Reykjavík.

**Sólbrún Erna Víkingsdóttir**, yfirþjálfari Skautaskólans frá janúar 2020, hefur æft skauta hjá deildinni í 15 ár, tekið þátt á mótum og æfingabúðum hér heima og erlendis. Hún var íþróttakona deildarinnar árið 2018. Sólbrún hefur þjálfararéttindi 1 og 1A í sérgreinahluta. Hún hefur þjálfað í Skautaskólanum og yngri iðkendum í framhaldshópum deildarinnar í nokkur ár samhliða háskólanámi og æfingum.

## Afispjálfarar deildarinnar janúar-desember 2019

**Kamila Melo**, þjálfari og danshöfundur frá Póllandi. Hún er meðlimur í Félagi íslenskra listdansara og var áður yfir deild nútímadans við Klassíska Listdanskólann 2009–2011. Árið 2004 sýndi hún "Cut-Out" við XIII International Presentation of Contemporary Dance Forms í Póllandi. Dansinn hennar vann fyrstu verðlaun í "Creating Realism on Stage" og hlaut Kamila einnig verðlaun fyrir "Stage Distinct Personality". Hún hefur m.a. unnið við dans í Indlandi og tekið þátt í verkefnum á Indlandi, í Þýskalandi og Póllandi. Kamila útskrifaðist frá Háskólanum Zielona Gora (Póllandi) með MA gráðu í uppeldisfræðum með sérhæfingu í "Sovio-Cultural Animation/Dance". Hún sérhæfir sig í mismunandi dönsum og hjá Fjölni blandar hún saman m.a. nútímadansi, ballett, hip-hop og salsa, ásamt spuna. Hún leggur áherslu á gæði hreyfinganna og líkamsstöðu í öllum sínum æfingum. Á ís aðstoðar hún skautara við líkamsstöður og vinnur einnig með túlkun og framkvæmd prógrama.

**Alexander Medvedev**, aðalþjálfari íshökkídeildar Fjölnis. Alex hefur séð um þrekþjálfun hjá hópum 1–3. Hann leggur áherslu á þol og styrk með margvíslegum æfingum

## Gestþjálfarar frá janúar - desember 2019

**Kevin Curtis**, danshöfundur og þjálfari, kom eina viku í sumarþúðunum. Hann er kunnur gestur fyrir iðkendur okkar og aðstoðaði við gerð nýrra prógrama. Hann er US National Technical Specialist og hefur unnið með Ólympíukeppendum og þátttakendum í heimsmeistaramótum.

**Yulia Liptniskaya**, kom sem gestþjálfari í tvær vikur í sumarþúðunum. Hún var aðeins 15 ára gömul þegar hún tók þátt á Ólympíuleikunum í Socchi árið 2014 og keppti þá með rússneska liðinu sem vann til gullverðlauna á mótinu.

**Vladislav Tarasenko**, kom sem gestþjálfari í tvær vikur í sumarþúðunum. Hann varð í 9. sæti á ISU Junior Grand Prix 2015 í einstaklingskeppni karla.

## Þátttaka í innlendum mótum janúar - desember 2019

**Reykjavíkurlaikarnir (RIG)** voru haldnir í Laugardal 1.-3. febrúar. Fjölnir átti 20 keppendur á mótinu í öllum keppnisflokkunum átta. Hildur Bjarkadóttir, Berglind Óðinsdóttir og Sólbrún Erna Víkingsdóttir voru í 1., 2., og 3. sæti í Intermediate Ladies.

**Reykjavíkurmótið** var haldið í Egilshöll 2.-3. mars. Fjölnir átti 18 keppendur á mótinu í 7 keppnisflokkum. Tanja Rut var í 3. sæti í Basic Novice, Lena Rut Ásgeirsdóttir og Harpa Karin Hermannsdóttir í 1. og 2. sæti í Intermediate Novice, Hildur Bjarkadóttir, Sólbrún Erna Víkingsdóttir og Hildur Hilmarsdóttir í 1., 2., og 3. sæti í Intermediate Ladies, Aníta Núr Magnúsdóttir og Júlía Sýlvía Gunnarsdóttir í 1. og 2. sæti í Advanced Novice og Herdís Birna Hjaltalín í 1. sæti í Junior.

**Vormót ÍSS** var haldið í Laugardal 26.-28. apríl. Fjölnir var með 7 keppendur á mótinu í þrem keppnisflokkum, Chicks, Cubs og Basic Novice.

**Haustmót ÍSS** var haldið í Laugardal helgina 6.-8. september. Fjölnir var með 12 keppendur á mótinu í 5 keppnisflokkum. Herdís Birna Hjaltalín var í 3. sæti í Junior, Júlía Sýlvía Gunnarsdóttir var í 3. sæti í flokki Advanced Novice og þær Tanja Rut Guðmundsdóttir, Lena Rut Ásgeirsdóttir og Rákel Sara Kristinsdóttir voru í 1., 2., og 3. sæti í Intermediate Novice.

**Vetrarmót ÍSS** var haldið í Egilshöll 1.-3. nóvember. Fjölnir átti 15 keppendur á mótinu í 5 keppnisflokkum. Lena Rut Ásgeirsdóttir, Tanja Rut Guðmunds-







dóttir og Raket Sara Kristinsdóttir voru í 1., 2., og 3. sæti í flokki Intermediate Novice og Júlía Sýlvía Gunnarsdóttir var í 3. sæti í flokki Advanced Novice. **Íslandsmótið** var haldið í Laugardal 29. nóvember – 1. desember í Laugardal. Fjölntir átti 13 keppendur á mótinu í 5 keppnisflokkum. Lena Rut Ásgeirsdóttir og Tanja Rut Guðmundsdóttir voru í 1. og 2. sæti í flokki Intermediate Novice og Herdís Birna Hjaltalín var í 3. sæti í Junior.

## Félagalínunót

**Vinamótið** var haldið á Akureyri 16. mars. Fjölntir átti 32 keppendur í 6 keppnishópum á mótinu. Kolbrún Klara Lárusdóttir, Vigdís Björg Einarsdóttir og Birta María Þórðardóttir voru í 1., 2., og 3. sæti í 17 ára og yngri. **Kristalsmótið** var haldið í Egilshöll laugardaginn 19. október. Fjölntir átti 16 keppendur á mótinu. Íris María Ragnarsdóttir var í 2. sæti í flokki 12 ára og yngri og þær Vigdís Björg Einarsdóttir og Ylfa Rán Hjaltadóttir voru í 1. og 2. sæti í flokki 17 ára og yngri.

## Þátttaka í mótum erlendis janúar 2019-desember 2019.

### NORÐURLANDAMÓT 2019 Í LYNKÖPING Í SVÍÞJÓÐ

Í flokknum Advanced Novice keppti Júlía Sýlvía Gunnarsdóttir. Þetta var hennar fyrsta Norðurlandamót og fékk hún 66,50 stig og var í 18. sæti.

Í flokknum Junior kepptu Herdís Birna Hjaltalín og Helga Karen Pedersen. Herdís Birna fékk samtals 80.87 stig og var í 18. sæti. Helga Karen fékk samtals 63.84 stig og var í 19. sæti.

Eva Dögg Sæmundsdóttir var eini keppandinn fyrir hönd Íslands í Senior flokki, hún fékk samtals 72.75 stig og var í 15. sæti.

### HÁSKÓLALEIKARNIR 2019

Eva Dögg Sæmundsdóttir tók þátt í Háskólaleikunum 2019 í Krasnoyarsk, Síberíu. Háskólaleikarnir eru fjölíþróttaleikar sem eru einungis opnir háskólastúdentum. Þetta var í fyrsta skipti sem Íslendingur fór á þessa leika og var Eva Dögg eini fulltrúi Íslands á leikunum. Óhætt er að segja að þetta hafi verið mikil reynsla fyrir Evu, en umgjörð þessa leika var öll hin glæsilegasta.

## Æfingabúðir 2019

### SUMARÆFINGABÚÐIR Í JÚNÍ

Í júní voru haldnar sumaræfingabúðir sem stóðu í þrjár vikur. Christina og Gennady voru fyrstu tvær vikurnar og Yulia og Vlad sáu um seinni tvær vikurnar. Kevin Curtis kom einnig fyrstu vikuna eins og hann hefur gert áður. Gestafyrirlestrar komu þar sem fjallað var m.a. um næringu og sjálfsmynd. Yngri hópar fengu svo fræðslu um fyrstu hjálpu. Afísþjálfun var fjölbreytt með þreki, þol og spinning tímum.

### TAMPA – FLÓRÍDA.

Níu iðkendur deildarinnar fóru í æfingabúðir í Tampa, Flórída í júlí. Þar voru samankomnir skautarar alls staðar að úr heiminum. Fjölbreytt æfingaprogramm var í búðunum þar sem æfingar fóru fram á svelli, í tækjasal, á gólfi, það var dansað og stundað jóga og teygjur. Aðalþjálfararnir í búðunum voru Gennady Kaskov, Christina Phipps og Mr. Michin.



### Framundan

Eitt mót er eftir á þessu tímabili, en það er Vormót ÍSS sem verður haldið á Akureyri 27.-29. mars. Samhliða því verður Vinamótið, en það auðveldar skipulag og vinnu að hafa ÍSS mót og félagalínunót sömu helgina.

Aukagrunnpróf verða haldin núna 16. febrúar næstkomandi og ÍSS áætla að halda grunnpróf helgina 6.-8. mars.

Stefnt er á að hafa sameiginlega vorsýningu Skautaskólans og hópa 1-3 þann 2. maí næstkomandi.

Sumarbúðir 2020 verða haldnar 8.-26. júní. Nánari upplýsingar um þær koma síðar.









# Skákdeild

Í stjórn skákdeildar Fjölnis árið 2019 voru kjörin Helgi Árnason formaður, Erlingur Þorsteinsson varaformaður, Margrét Cela ritari, Vignir Bjarnason gjaldkeri og Gunnlaugur Egilsson meðstjórnandi. Varamaður stjórnar var kjörinn Aneta Kamila Klimaszweska.

Virkir félagar deildarinnar eru 106. Engin félagsgjöld eru innheimt.

Skákdeildin hélt reglulega æfingar fyrir börn og unglunga á fimmtudögum kl. 16.30–18:30 í janúar – maí og í september – desember. Æfingararnar voru skipulagðar með þeim hætti að leiðbeinendur tóku að sér litla hópa í skákþjálfun en umsjónarmaður sá um 5–6 umferða skákmót. Veitt voru 10–17 verðlaun og happadrættisvinningar fyrir frammistöðu á skákmótunum og undantekningarlaust var börnunum boðið upp á veitingar á miðri æfingu, gómsæta skúffuköku og nóg af köldu vatni. Yngri þátttakendur skiptu æfingatímanum að hálfu í skákmót og skákkennslu.

Á hverja æfingu mættu 30–40 börn og unglunga, nokkuð jafnt drengir og stúlkur og hefur þátttakan verið jöfn og góð allt frá stofnun skákdeildar árið 2004. Æfingarnar eru ókeypiss og einstaklega skemmtilegar. Þær höfða til allra aldurshópa. Áberandi er hversu margir þátttakendur á skákæfingum finna sig betur í skákinni en í hefðbundnum íþróttum. "Skák fyrir alla" er höfuðmarkmið skákdeildar Fjölnis. Umburðarlyndi og þolinmæði er mikilvægt gagnvart öllum sem mæta enda margir "óþekktarangar" í skóla fastagestir á skákæfingum, að gera góða hluti við taflborðið, oft ólíkt því sem gerist í skóla. Umsjón með skákæfingum Fjölnis árið 2019 hafði Helgi Árnason formaður skákdeildar sem hefur sinnt því verkefni allt frá stofnun deildarinnar. Að skákþjálfun komu auk Helga þau Jóhann Arnar Finnsson, Bragi Kristjánsson, Joshua Davíðsson, Arnór Gunnlaugsson og Anton Breki Óskarsson. Aron Örn Hlynsson 5. bekk Rimaskóla var kjörin æfingameistari vetrarins fyrir góða æfingasókn og árangur á skákmótum æfingatímabilsins. Joshua Davíðsson í 8. bekk Rimaskóla var kjörin afreksmaður skákdeildarinnar veturinn 2017–2018 fyrir góða frammistöðu á þeim skákmótum sem hann tók þátt í bæði innan lands og erlendis.

Góð þátttaka var á TORG skákmóti Fjölnis sem deildin hélt á Skákdegi Íslands 26. janúar, afmælisdegi Friðriks Ólafssonar stórmeistara. Það voru 80 grunnskólanemendur sem streymdu á þetta áhugaverða mót. Heiðursgestur mótsins var Valgerður Sigurðardóttir borgarfulltrúi og íbúi í Grafarvogi sem lék fyrsta leik mótsins. Teflt var í þremur flokkum. Sigurvegarar urðu þau Kristján Dagur Jónsson, Sara Sólveig Lis og Bjartur Þórisson. Það voru Hagkaup, Emmessís og fyrirtækin á Torginu í Grafarvogi sem að styrktu þetta mót með því að gefa 40 vinninga og veitingar.

Íslandsmóti skákfélaga 2018–2019 lauk dagana 1.–3. mars, þegar tefldar voru 6.–9. umferðir mótsins. Teflt var í Rimaskóla líkt og í fyrri hlutanum. Eftir fyrri hluta mótsins í október 2019 hafði Fjölnissveitin forystu í 1. deild, sem var alveg ný staða í sögu skákdeildarinnar. Fjölnir hafnaði síðan fjórða



árið í röð í 3. sæti mótsins en að þessu sinni með fleiri vinninga en áður eða 50 af 72. Verðlaunasæti gaf Fjölismönnum þátttökurétt á EM skákfélaga. Í A-sveitinni tefldu Thomas Henrichs, Pontus Carlsson sem halut 7 vinninga af 9, frábær árnagur á 2. borði, Robert Ris, Davíð Kjartansson sem náði lokaáfangi IM titils, Dagur Ragnarsson, Sigurbjörn Björnsson, Oliver Aron Jóhannesson, og Jón Trausti Harðarson. Allir tefldu þeir skákirnar fjórar sem er þægilegt fyrir liðsstjóra. Samstaða og einstaklega góður liðsandi einkennir þátttökuna hjá okkur í Skákdeild Fjölris og árangurinn yfirleitt mun betri en von er á í upphafi Íslandsmóts.

B sveit Fjölris hélt sæti sínu í 2. deild og það í fyrsta sinn. Með sveitinni tefldu sterkir skákmenn, reynsluboltarnir Tómas Björnsson, Jón Árni Halldórsson og Erlingur Þorsteinsson. Uppalín Fjölrisungmennirnir fá þarna tækifæri á að tefla við sterka andstæðinga í hverri umferð og nýta tækifærið vel. Jóhann Arnar Finnsson (18) yngsti liðsmaður B sveitarinnar kom taplaus frá mótinu og hlaut 5 vinninga af 7 sem er mjög góður árangur í þessari sterku deild.

Skáksveitir C og D tefldu í 4. deild. Liðsmenn eru að mestu áhugasamir grunnskólanemendur sem öðlast dýrmæta reynslu. Arnór Gunnlaugsson í 8. bekk Rimaskóla tefldi 6 skákir með C sveit Fjölris og vann þær allar.

Miðgarðsmótið í Grafarvogi var haldið fjórtánda árið í röð í hátíðarsal Rimaskóla. Mótið er sveitakeppni, skákkeppni á milli grunnskólanna í Grafarvogi. Skákdeild Fjölris heldur utan um framkvæmd mótsins í samstarfi við Fjölskylduþjónustuna Miðgarð. Góð þátttaka var á mótinu, 13 skáksveitir, 6 krakkar í hverri sveit, eða alls um 80 keppendur. Rimaskóli mætti með 5 skáksveitir og vann sveit 8. bekkjar skólans Miðgarðsmótið þriðja árið í röð. Skáksveitir Rimaskóla voru nokkuð í sérflokki að þessu sinni og hrepptu 1., 2., 3. og 5. sæti mótsins. Landsbankinn gaf vegleg verðlaun til mótsins sem 5 efstu skáksveitirnar hrepptu. Skákstjórar voru þau Helgi Árnason formaður skákdeildarinnar og Sara Ósk Rodríguez frá Miðgarði.

Dagana 9.–17. apríl var 34. alþjóðlega Reykjavíkurskákímótið haldið í





tónlistarhúsinu Hörpunni. Þátttakendur voru alls 238. Fimm félagar frá skákdeild Fjölnis tefldu á mótinu. Dagur Ragnarsson og Sigurbjörn Björnsson náðu bestum árangri, 5,5 vinninga af 10 mögulegum. Taflmennska Dags var sérlega glæsileg og reis hæst þegar hann vann franska stórmeistarann Matthien Cornetto (2556) í 6. umferð sem tyllti honum upp í 18. sæti mótsins. Aðrir þátttakendur Fjölnis á mótinu voru Jón Árni Halldórsson, Tómas Björnsson og Jóhann Arnar Finnsson.

Skákdeildin stóð fyrir fjölmennri undankeppni Barna-Blitz mótsins um laus sæti á Barna Blitz mótinu í Hörpunni, hliðarviðburði Reykjavíkurskák-mótsins. Undankeppnin var hluti af skákæfingu Fjölnis 4. apríl. Aron Örn Hlynsson var fulltrúi Skákdeildar Fjölnis á úrslitamótinu í Hörpunni 14. apríl. Páskaskákæfing skákdeildarinnar var líka afskaplega fjölmenn og þar voru áhugaverðir vinningar í boði, allt páskaegg, auk þess sem allir þátttakendur fengu skúffuköku og páskaegg nr. 1.

Sumarskák-mót Fjölnis var haldið í 15. skipti laugardaginn 11. maí. Aðsóknin var mjög góð á þessu síðasta grunnskólamáti skákársins. 57 grunnskólakrakkar tefldu 6 umferðir. Mótið var haldið í Rimaskóla og að vanda var teft um mörg áhugaverð verðlaun, pítsur, bíomiða og 66°N húfur. Í skákhléi var þátttakendum boðið upp á drykk og Prins póló. Rótaryklúbburinn Reykjavík-Grafarvogur gaf að vanda sigurvegurum verðlaunabikara. Vignir Vatnar Stefánsson 10. bekk Hörðuvallaskóla vann mótið þriðja árið í röð, hlaut 6 vinninga eða fullt hús. Markús Orri Jóhannsson vann yngri flokkinn og Batel Haile Goitom stúlknaflokkinn. Skákstjórar voru þeir Helgi Árnason og Páll Sigurðsson.

Á þjóðhátíðardaginn 17. júní 2019 tók Helgi Árnason formaður Skákdeildar Fjölnis við Fálkaorðunni úr hendi forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannesarsonar fyrir störf á vettvangi skóla og skáklistar ungmenna. Helgi gengdi starfi skólustjóra Rimaskóla frá stofnun árið 1993 til loka júlí 2019 og hefur



eins og áður hefur komið fram verið formaður Skákdeildar Fjölnis allt frá stofnun 2004.

Fjölnismenn héldu utan um Hraðskákmót skákfélaga þriðja árið í röð og fór mótið fram laugardaginn 31. ágúst í hátíðarsal Rimaskóla. Þrettán sexmanna skáksveitir tóku þátt í mótinu sem reyndist bæði skemmtilegt og spennandi allt til loka. Það var A sveit TR sem stóð uppi sem sigurvegari, Hraðskákmeistari skákfélaga 2019. Líkt og árið 2018 urðu Skáksveit Breiðabliks, Bolungavíkur og SR í 2. sæti og heimamenn í A sveit Fjölnis í 3. sæti. TR hlaut einnig verðlaun fyrir bestu B sveitina. Ekkert skákfélag mætti með C sveit. Þeir Sigurbjörn Björnsson og Helgi Árnason höfðu veg og vanda með framkvæmd keppinnar.

Sex skákkrakkar í liði Fjölnis, allt nemendur í 6. og 7. bekk Rimaskóla, fóru í frábært skákferðalag til Færeyja á vegum skákdeildarinnar og færeyska skáksambandsins. Styrkur fékkst frá Vestnorræna höfuðborgarsjóðnum til ferðarinnar sem ætluð var þátttakendum að heimsækja jafnaldra sína í Færeyjum og að koma á skáksamstarfi. Hópurinn naut höfðinglegrar gestrisni Færeyinga dagana 20.–23. sept. Fjölbreytt dagskrá var þessa daga undir stjórn Finnbjörns Vang, forseta færeyska skáksambandsins. Fararstjórar voru þeir Helgi Árnason formaður Skákdeildar Fjölnis og Björn Ívar Karlsson skákkennari.

Fjölniskrakkarnir tóku þátt í tveimur skákmótum í Færeyjum, annars vegar einstaklingsmóti og hins vegar landskeppni á milli færeyskra skákkraffa og Fjölnis. Sara Sólveig Lis í 7. bekk sigraði á einstaklingsmótinu og lið Fjölnis bar sigur í landskeppninni 20–14. Tíminn í Færeyjum var líka vel nýttur til skákæfinga sem Björn Ívar hélt utan um. Heimsóknin vakti áhuga stjórnarmanna í Skáksambandi Færeyja. Stjórnin boðaði til fundar á meðan á heimsókninni stóð þar sem Björn Ívar flutti áhugavert erindi um skáksstarfið í Rimaskóla og skákkennslu sína og aðferðir sem nýst hafa honum vel sl. áratug. Krakkarnir sem boðið var til Færeyja voru: Sara Sólveig Lis,





Aðalbjörn Þór Kjartansson, Aron Örn Hlynsson, Daníel Tal Mikaelsson, Arnar Gauti Helgason og Arnar Gauti Helgason.

Fyrri hluti Íslandsmóts skákfélaga 2019–2020 fór fram í Rimaskóla dagana 3.–6. október. Fjölningur sendi til keppninnar fjórar skáksveitir í 1., 2. og 4. deild. Einkennandi fyrir okkar sveitir er að liðsmenn eru flestir Fjölnismenn allt frá upphafi eða í langan tíma. Aðeins einn nýliði í ár, landsliðskonan Tinna Kristín Finnbogadóttir sem naut sín vel í nýjum félagsskap og þrýðir sannarlega okkar glæsilega ungmennahóp. Til að standa undir nafni ungmennafélagsandans þá reynast allir liðsmenn ungir í anda hvort sem um er að ræða okkar ástsæla Finn Kr. Finnsson 84 ára eða Emilíu Emblu B. Berglindardóttur 7 ára skákprinsessu. Á þremur efstu borðum skáksveitar Fjölningur í 2. deild röðuðust þrjár ungar konur sem héldu merki B sveitarinnar á lofti. Sveitin skilaði 5. sæti eftir fyrri hlutann í stað þess 8. eins og spáð var fyrirfram og það alls ekki út í loftið.

Á fyrsta borði í A sveit tefldi Eistlendingurinn Kaido Külaots, sterkasti skákmaður Eistlands. Hann tefldi af miklu öryggi og tapaði aðeins einni skák með afleik í jafnteflislegri stöðu. Stjarna okkar Fjölnismanna og mótsins að mínu mati var hinn tvítugi og fv. Evrópumeistari Jesper Thybo sem skilaði 4,5 vinningum án mikillar fyrirhafnar. Sigurbjörn J. Björnsson er okkar Aron Einar og átti góða seríu í 5 baráttuskákum.

Tommi Björns heldur áfram að verja 8. borðið taplaus og annar reynslubolti Jón Árni Halldórsson hækkaði mest allra A sveitar manna í þessari lotu.

Á Íslandsmótinu gafst grunnskólakrökkum allt frá 7 ára aldri gott tækifæri á að tefla langar keppnisskákir við verðuga andstæðinga.

Áttunda árið í röð bauð Skákdeild Fjölnis ungum og efnilegum skákmönnum deildarinnar að taka þátt í alþjóðlegu helgarskáknoti í Svíþjóð, þeim að kostnaðarlausu. Að þessu sinni fóru 10 skákmenn á aldrinum 14–28 ára og tefldu á Hasselbacken Open 2019 sem fram fór á samnefndu hóteli á Grönlundsvæðinu í Stokkhólmi. Mótið stóð yfir frá 1.–3. nóvember. Á



Þessum átta árum hefur þátttaka Fjölnis ávallt vakið athygli Svianna fyrir góða þátttöku og árangur. Nansý Davíðsdóttir skráði sig á spjöld sögu Västeråsraismótanna árið 2012 þegar hún aðeins 10 ára gömul vann mótið undir 1600 með öruggum og taplausum sigri. Í fyrra var það Dagur Ragnarsson (2249) sem kom, sá og sigraði Västerås mótið með frábærri frammistöðu. Á Hasselbacken skákmótinu tefldu sex í hópnum í opna flokknum og fjórir fjórtán ára drengir í undir 1600 flokknum. Skemmst er frá því að segja að yngstu strákarnir gerðu sig gildandi á efstu borðunum allar átta umferðirnar.

Þar fór fremstur í flokki Kristján Dagur Jónsson með sinni 4. þátttöku í sænskum helgarskákmótum. Kristján Dagur náði forystu strax eftir þrjár umferðir af átta og leit ekki til baka eftir það. Hann vann sex fyrstu skákirnar, gerði jafntefli í þeirri sjöundu og vann í spennandi lokaumferð. Kristján Dagur kom því að landi í 1. sæti með 7,5 vinninga af 8 mögulegum sem verður að teljast afar góður árangur. Þar með fylgdi hann eftir árangri Nansýjar og Dags með sigri á alþjóðlegu sænsku stórmóti. Alls voru 85 þátttakendur í stigalægri flokknum. Strákarnir allir í Fjölnishópnum sem tefldu í yngri flokki voru að standa sig afar vel og unnu þrjár þeirra til verðlauna. Auk Kristjáns sem vann sér inn 3000 kr sænskar þá hlaut Joshua Davíðsson verðlaun fyrir 5. sætið á mótinu og Arnór Gunnlaugsson verðlaun fyrir efsta sætið í „ratings“ hóp. Sá fjórði Anton Breki Óskarsson hækkaði vel á stigum eða um heil 54 ELO, litlu minna en Kristján Dagur sem hækkaði um 58 stig. Í opna flokknum voru það A og B sveitar ungmenni Fjölnis sem tefldu. Oliver Aron Jóhannesson, Jón Trausti Harðarson, Tinna Kristín Finnbogadóttir, Hrund Hauksdóttir, Sigríður Björg Helgadóttir og Jóhann Arnar Finnsson. Í flokknum tefldu 164 þátttakendur og meðalstig rúmlega 2000. Flesta vinninga hlaut Jón Trausti Harðarson, alls 5 af 8 mögulegum og hækkaði hann um 14 stig. Skákdrottningin okkar Hrund Hauksdóttir var þó ábyggilega með bestu frammistöðuna því hún hlaut 4,5 vinninga sem er hækkan upp á 42 ELO í fjórum skákum. Hrund varð í 3. sæti kvenna á mótinu og vann „ratings“ verðlaun. Af Fjölnishópnum voru sex af tíu að hækka sig á skákstigum á þessu velheppnaða skákmóti sem er afar ánægjulegt þegar um er að ræða svo þétt og sterkt skákmót.

Skákdeild Fjölnis hefur notið velvildar og stuðnings sænskra skákfrömuða og sænsk-íslenska menningarsjóðnum sem hafa greitt leið ungra Fjölnisskákanna á sænskri grund í Stokkhólmi, Västerås og Uppsala. Vonandi verður framhald á, því þessar heimsóknir hafa þétt og sameinað hópinn okkar enn frekar. Allir gera sitt besta til að njóta ferðarinnar við frábærar aðstæður og taka þátt í áhugaverðu skákmóti og skákæfingum. Íslandsbanki og Skáksamband Íslands studdu einnig með verðugum hætti ferðina til Svíþjóðar sem ber að þakka. Fararstjóri var að venju Helgi Árnason formaður skákdeildar Fjölnis sem hefur tengst þessum krökkum allt frá upphafi skólagöngu.

Í lok ársins, voru þau Dagur Ragnarsson og Hrund Hauksdóttir heiðruð af aðalstjórn Umf. Fjölnis sem afreksfólk skákdeildar árið 2019. Þetta var tilkynnt á fjölmennri verðlaunahátíð Fjölnis í Egilshöll 27. des. Dagur Ragnarsson byrjaði skákárið 2019 með sigri á IM flokki á skákmóti í Kanada. Sigurinn vakti athygli Kanadamanna enda ungur og öflugur skákmaður þarna á ferðinni sem með frammistöðu sinni raut 2400 skákstiga múrinn, árangur sem þarf að ná til að öðlast titil alþjóðlegs skákmeistara.

Dagur átti fínt mót á Alþjóðlega skákmótinu Reykjavík Open 2019 eins og fram kom fyrr í ársskýrslunni. Hápunktur skákársins hjá Degi var þegar



hann sl. haust var valinn í íslenska skáklandsliðið yngstur liðsmanna. Landsliðið tefldi á EM skáklandsliða í Batuni í Georgíu.

Hrund Hauksdóttir hefur teflt ákaflega vel á haustmisseri 2019. Engin íslensk skákkona hefur hækkað eins mikið á skákstigum sem hún. Glæsilegur sigur á U2000 skákmóti Taflfélags Reykjavíkur í opnum flokki frábær árangur á alþjóðlega skákmótinu í Hasselbacken í Stokkhólmi í byrjun nóvember sýndi vel hversu góð skákkona Hrund er.

Fundir í stjórn skákdeildar Fjölnis voru fáir árið 2019. Stjórnarmeðlimir komu að einstaka verkefnum skákdeildarinnar. Skákdeildin fékk rekstrarstyrk frá ÍTR fyrir árið sem er deildinni nauðsynlegur við uppbyggingu barna og unglíngastarfs og til þátttöku á Íslandsmóti skákfélaga. Stjórn ÍTR fær sérstakar þakkir fyrir stuðninginn sem leiddi af sér enn eitt árangurs- og viðburðarríka skákárið. Skákdeild Fjölnis vill einnig þakka starfsfólki og aðalstjórn Fjölnis fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Loks ber að þakka húsverði Rimaskóla, Ragnari Bjarnþóri Fjeldsted, og skólaliðanum Skarpheðni Jóhannssyni fyrir aðstoð við undirbúning skákæfinga og skákmóta í skólanum.

Reykjavík, 8. febrúar 2020  
Helgi Árnason  
formaður skákdeildar Fjölnis







# Sunddeild

Árið 2019 var annað starfsár Jacky Pellerin og má segja að árangur ráðningar hans hafi komið í ljós. Sunddeildin breyttist frá því að vera minnsta sunddeild Reykjavíkur í þá stærstu. Uppsetning æfinga hjá Jacky eru þannig uppbyggðar að ekki er um stöðugar bætingar að ræða heldur koma framfarirnar í stökkum sem hann miðar við að komi fram fyrir ÍM25 að hausti og ÍM50 að vori. Það var ótrúlegt að sjá framfarir sundfólksins okkar á síðasta ári sem endaði með því að við urðum Reykjavíkurmeistarar núna í janúar.

Eftir þó nokkra eftirgrennslan þá höfum við komist að þeirri niðurstöðu að þetta er í fyrsta sinn í sögu Sunddeildar Fjölnis sem það gerist. Elstu sundmenn og foreldrar muna alla vega ekki eftir þessu og ekkert finnst í bókum félagsins, þannig að við fullyrðum að þetta sé í fyrsta sinn. Bikarinn sem deildin vann er núna til sýnis í Grafarvogslaug.

Þjálfarar deildarinnar voru þeir sömu og voru síðasta ár þau Gabriela Rut Vale, Elfa Ingvadóttir, Birkir Snær Helgason og Jacky Pellerin. Gabriela sá um innilaugina og sumarnámskeiðin. Elfa sá um útilaugina í Grafarvogi og Birkir og Jacky sáu um þjálfun afrekssundmanna í Laugardalslaug.

Innilaugin í Grafarvogslaug hefur verið þéttsetin síðastliðið ár. Stöðug aukning er í fjölda barna sem þar synda og gerðar hafa verið tilfæringar til að fjölga hópum. Gabriela hefur fengið að ráða unga krakka til að aðstoða sig og þannig hefur hún náð að láta allan hópinn ná sama árangri. Það er mjög gaman að sjá hvað krakkarnir ná að vera samstíga í sínum framförum.

Útilaug Grafarvogi hefur notið þess hve vel gengur að kenna í innilauginn en ekki hefur náðst að halda iðkendum eins vel þar og vonir stóðu til. Þar hafa foreldrar talað um að of mikið er um einhæfar æfingar og tengingar milli iðkenda nást ekki. Síðustu tvö ár höfum við skipulagt ferðir til Vestmannaeyja en svo höfum við þurft að fella þær niður. Í haust gekk illa að halda æfingabúðir en tókst loks í janúar á þessu ári. Þetta félagslíf auk annarra viðburða er mikilvægt fyrir krakkana til þess að mynda tengsl utan sundlaugarinnar. Þarna þurfum við að standa okkur betur. Einnig hefur komið í ljós að áhugi sundmanna í Grafarvogslaug hefur ekki verið mikill á því að halda áfram í Laugardalslaug og er það áhyggjuefni.

Í Laugardalslaug fer fram afreksstarfið. Krakkarnir eru á 6 til 11 æfingum í viku enda er talað um að æfingaálag í sundinu sé með því mesta sem þekkist. Það er því mikilvægt að við fáum sundmenn til að viðhalda þessu starfi. Yngri sundmenn mikla fyrir sér það að ferðast í Laugardalinn en hér áður fyrr sameinuðust foreldrar á að skutla börnunum. Ég hef reynt að koma slíku á en ekki orðið ágengt í vetur. En eins og áður sagði, þá erum við að gera mjög góða hluti í Laugardalnum og árangur krakkanna er mikill. Kristinn og Eygló leiða mikinn metnað í hópnum og það smitast til hinna. Ýmislegt hefur verið gert og þarf að gera til að auðvelda þessum sundmönnum til að hafa sund sem lífsstíl. Síðasta haust bættust tveir eldri sundmenn í hópinn, Baldur frá Akureyri og Ingunn frá Danmörku.

## Sundafrek ársins eru margvísleg.

- ▶ Í janúar. Kristinn og Eygló stigahæst sundmanna á Reykjavíkur-meistaramótinu
- ▶ Maí, Prag, Ingvar Orri, viðleitni hjá SSÍ til að höfða til eldri sundmanna
- ▶ 1.–2. júní, Smájóðaleikarnir í Svartfjallalandi. Eygló og Kristinn kepptu.
- ▶ 8.–10. júní, æfingaferð til Canet með stóran hóp yngri sundmanna, keppnisferð fyrir Kristinn, Eygló, Bjart og Ingibjörgu
- ▶ 25. júní, AMÍ þar sem keppt var sem Lið Reykjavíkur með Ármanni og KR
- ▶ 15. júlí, HM50, Kristinn og Eygló
- ▶ 18. Júlí, NÆM, Ingvar Orri
- ▶ 9.–10. Nóvember ÍM25, stórbæting sundmanna og gaman að sjá árangur Jóhanna Gerða, Kristján Gylfi og Hólmsteinn náðu inn á Norðurlandamótið. Kristinn og Eygló náðu inn á Evrópska meistaramótið
- ▶ 27. des. Íþróttafólk ársins, Eygló sundmaður ársins hjá SSÍ og íþróttamaður ársins hjá Fjölni

Á síðasta ári þá tókst okkur að fá kennara til að bjóða upp á ungbarnasund í Grafarvogi en því miður þá tókust ekki samningar um áframhald starfsemi vegna þess hve laugarpláss var lítið og því erfitt að byggja upp öflugt starf á þessum vettvangi. Wim-Hof námskeiðahald var reynt í Laugardalslaug en það tókst ekki að fá nægilega þátttakendur sem er skrytið vegna þess að köld böð eru vinsæl.

Þríprautarstarf er á mörgum stöðum unnið í samstarfi við sunddeildir og á síðasta ári reyndum við að starta slíku starfi. Í stuttu máli þá er kominn góður hópur af stað í því, Jacky sér um stutt námskeið til að kenna verðandi þríprautarköppum langsund. Sunddeildin á að styðja þetta starf þar sem þetta gæti verið kostur fyrir yngri sundmenn sem ekki vilja leggja fyrir sig keppnissund. Við þurfum að geta boðið yngri sundmönnum okkar upp á val til þess að viðhalda þessum sund lífsstíl. Þess vegna var það gleðilegt að Sunddeildin ásamt Frjálsíþróttadeildinni og Fótboltadeildinni skyldu hafa byrjað á Fjölnis-jaxlinum síðastliðið haust og náð að hitta á góða tímasetningu. Félagið hefur fengið áskoranir um að halda þessa keppni áfram þar sem þetta þykir verra gott start á æfingar eftir sumarið.

Einnig höfum við boðið upp á sýningu í listsundi og björgunarsundi og litlu munandi að Póló lið hefði verið stofnað innan deildarinnar.

Eins og í fyrra er mikill fjöldi iðkenda í yngri aldurshópum sem jafnt og þétt eiga eftir að skila okkur en fleiri öflugum sundmönnum upp í eldri flokka. Á haustmánuðum 2021 verður tekin í notkun Grafarholtslaug og enn sem komið er þá lítur út fyrir að við fáum þar auka sundpláss. Öflugt starf í þessum laugum verður því ætíð grunnurinn að sterkri Sunddeild Fjölnis. Við 13–14 ára aldursmarkið kemur síðan stórt og mikilvægt skref er sundmenn sem geta náð lámörkum og komist upp í úrvalshóp í Laugardalnum, þar sem þau fá tækifæri á að þjálfast við bestu aðstæður og öflugs þjálfara-teymis. Er það von okkar að með þessu fyrirkomulagi eflum við þróttmikið starf okkar, höldum elstu sundmönnum lengur við æfingar og eflum framgang sundíþróttarinnar í Reykjavík.

Samstarf við Ármann og KR á að hafa það að markmiði að halda lengur í okkar sundmenn og auka félagsleg tengsl. Á síðasta ári tókst að fá Sundfélagið Óðinn til samstarfs við okkur. Á haustmóti okkar dvöldu sundmenn



Óðins í Dalhúsum og á móti mun Óðinn taka vel á móti okkur. Þarna er tækifæri til þess að ferðast á einfaldan hátt og gera starfið skemmtilegra.

Sundmótin okkar eru svo undirstaða undir starfsemi deildarinnar og þessu þarf að koma til skila til foreldra yngri sundmanna. Þarna eru tækifæri sem hægt er að nýta betur og skapa meiri tekjur en ekki síður meiri upplifun af sundmótunum.

Eftirfarandi fjáraflanir var farið í á síðasta ári:

- ▶ Dósasöfnun
- ▶ Kjötpakkar frá Kjöthúsinu
- ▶ Jóladaatal fjölskyldunnar
- ▶ Endurvinnslan
- ▶ Reykjavíkur Marathon
- ▶ Tína upp rusl
- ▶ UMFÍ leitaði að fólki til að mála á Laugarvatni
- ▶ Blái Naglinn auglýsti eftir fólki

En við megum ekki gleyma okkur sjálfum, okkur foreldrunum. Foreldrastarfið á að vera skemmtilegt og gefandi. Árið byrjaði með Þorrablótinu 2019 þar sem nokkrum fyrrverandi foreldrum var boðið. Sunddeildin býr svo vel að enn eru foreldrar að vinna fyrir deildina þó svo að börnin séu löngu hætt að æfa. Til að sýna þakklæti í verki þá var þeim boðið á Þorrablót. Þetta var ekki gert í ár en við megum ekki gleyma okkur sjálfum og verðum að klappa okkur sjálfum á bakið fyrir vel unnin störf. Það gerir það enginn annar.

Mikil endurnýjun verður nú á stjórn deildarinnar. Síðasta ár var svolítið sérstakt að því leiti að stjórnarmenn sögðu sig fljótlega úr stjórn og eftir sat formaðurinn, ég, einn að störfum. Það tókst að halda úti starfinu og nokkrir foreldrafundir voru haldnir. Á síðasta foreldrafundi var ákveðið að finna tvo foreldra úr hverjum hópi frá Sæljónum og til A hóps. Eftir smá umræður þá var ákveðið að þessi hópur yrðu fulltrúar í stjórn. Það lítur því vel út með stjórnun deildarinnar á næsta ári.

Jóhannes H. Steingrímsson







# Tennisdeild



## Stjórnun

Á síðasta aðalfundi voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Óskar Knudsen, formaður, knudsenoskar@gmail.com

Carola Frank, brazilian\_2001@hotmail.com

Sigríður Sigurðardóttir, siggasig@gmail.com

Hrólfur Sigurðsson, hrolfur@matis.is

Reynir Eyvindarson, formaður bygginganefndar, reynire@vodafone.is

Sindri Snær Svanbergsson, sindrisn21@gmail.com

## Fjármál

Eins og undanfarin ár fara nokkurn veginn allar tekjur tennisdeildarinnar sem koma frá æfingagjöldum í að greiða laun þjálfaranna. Gjöld sem greidd eru af æfingahúsnæði eru greidd af Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

## Aðstöðumál

Starfsemi Tennisdeildarinnar fer að mestu leiti fram í Tennishöllinni í Kópavogi, þar sem í upphafi árs voru þrjú teppalagðir vellir, á haustmisseri bættust við tveir vellir með hörðu undirlagi. Reynt var að hafa tennisæfingar á völlum við Egilshöll síðasta sumar, þær æfingar voru fljólega fluttar á velli Þróttar í Laugardal sem hentudu betur. Byggingamál tennisdeilda í Reykjavík eru enn í ólestri. Þó virðist einhver hreyfing vera á þeirri lausn að byggja sameiginlegt hús fyrir allan tennis í borginni í Laugardal. Vonandi fara menn að gera alvöru úr þessu. Bent var á á fundinum að nóg pláss er fyrir tennishús í Grafarvogi, t.d. við Egilshöll.

## Æfingar

Eins og síðastliðinn áratug er Carola Frank aðalþjáfari deildarinnar, ásamt henni er Hinrik Helgason og Alana Elín Steinarsdóttir stjórnar þrek æfingum.

## Keppni

Íslandsmót utanhúss: Hera Björk Brynjarsdóttir er Íslandsmeistari í tvíliða í meistaraflokki og hafnaði í 2. sæti í einliðaleik.

Eygló Dís Ármannsdóttir varð Íslandsmeistari í tvíliðaleik í U-14, 2. sæti í U-16 í einliðaleik og 2. sæti í B keppni meistaraflokks.

Paul Martin Cheron lenti í 2. sæti í U-14 tvíliðaleik og 2. sæti í U-14 í einliðaleik.

Helgi Espel Lopez lenti í 2. sæti í U-14 tvíliðaleik.

Saule Zukauskaité lenti 3. sæti í U-14 einliðaleik.

Daniel Pozo lenti í 3. sæti í U-12 einliðaleik.

Carola Frank og Óskar Knudsen urðu Íslandsmeistarar í tvenndarleik í flokki 30 +.

Íslandsmót innanhúss: Saule Zukauskaité var í 2. sæti, bæði í U12 og í U14

Á stórmóti TSÍ í vor vann Eygló Dís Ármannsdóttir í einliðaleik í U-14 og tvíliða með Saule Zukauskaite, en síðarnefnda varð í 2.sæti í einliðaleik.

Eygló lenti einnig í 2.sæti í einliða í U-16. Helgi Espel Lopez vann í einliða í U-14 og lenti í 2.sæti í tvíliða með Paul Cheron.

Að lokum varð Fjölnir í 2.sæti í meistaraflokki kvenna.

Á opna Reykjavíkurmótinu unnu Egill G. Egilsson og Ólafur Helgi Jónsson liðakeppni meistaraflokks og einnig 30 ára og eldri.

Eygló Dís Ármannsdóttir vann í einliða í U-14 og tvíliða með Saule Zukauskaite, en síðarnefnda varð í 2.sæti í einliða.

Eygló lenti einnig í 2.sæti í einliða í U-16.

Helgi Espel Lopez vann í einliða í U-14 og lenti í 2.sæti í tvíliða með Paul Cheron.

Á Íslandsmótinu í liðakeppni varð Fjölnir í 2.sæti í meistaraflokki kvenna.

ITF (International Tennis Federation) Icelandic Senior Championships var haldið nú í sumar en þetta er þriðja árið sem mótið er haldið hérlandis. Um er að ræða mót sem gefur stig á alþjóðlegum stigalista ITF og er eingöngu fyrir leikmenn 35 ára og eldri. Teitur Ólafur Marshall sigraði í einliðaleik og vann þar sinn 3. ITF titil. Carola Frank og Sigríður Sigurðardóttir sigruðu í tvíliðaleik.

Hera Björk Brynjarsdóttir tók þátt á Smáþjóðaleikunum sem fóru fram í Svartfjallalandi dagana 27.maí til 1.júní.

Á stórmóti TSÍ í haust lenti Eygló Dís Ármannsdóttir í 1. sæti í einliðaleik U14, og Saule Zukauskaite í 1. sæti í einliðaleik U12 og 2. sæti einliða U14.

Á jólabikarmótinu lenti Saule í 1. sæti einliða U12, 1. sæti tvíliða U14 og 1. sæti einliða U-14. Eygló Dís lenti í 1. sæti í einliðaleik U16 og 2. sæti í einliðaleik U14.

## Framtíðarhorfur

Nú á stendur yfir umræða á vegum ÍBR um hvernig hægt er að koma því til leiðar að sköpuð verði aðstaða til tennisæfinga og keppni í Reykjavík. Tennisfólk í Reykjavík hefur ekki aðgang að Reykjavíkurlaikum vegna þess að ekki er tennishús í borginni. Borgin verður að bæta úr þessum aðstöðuskorti hið allra fyrsta.

Óskar Knudsen





# Gildin

## Virðing

Við berum virðingu fyrir félaginu okkar, iðkendum hjá félaginu, samherjum sem og mótherjum. Við berum virðingu fyrir starfi allra deilda innan okkar raða, búningum félagsins og eigum.

Að sjálfsögðu berum við almennt virðingu fyrir umhverfi okkar. Við erum einnig stolt af félaginu okkar og við erum stolt af þeim afrekum sem allar deildir eru að vinna. Við erum stoltir meðlimir UMFÍ.

## Heilbrigði

Við viljum hvetja alla féлага í Fjölni til heilbrigðs lífarnis. Við berjumst gegn misnotkun allra skaðnautna, tóbaks, áfengis og eiturflyfja.

Við viljum hvetja alla féлага í Fjölni og þá sem tengjast félaginu til holls mataræðis og aukinnar almennrar íþróttaiðkunar.

## Samkennd

Við viljum auka samkennd og samvinnu innan félagsins. Nýtum stærð okkar á réttan hátt og lærum af afrekum og vandamálum hvers annars. Höfum gaman að því sem við erum að gera, það einfaldar allt starf og leiðir til betri afreka.

Félagsstarf verður að vera mikilvægt öllum þeim, sem að félaginu komu.

## Metnaður

Við höfum mikinn metnað fyrir framgangi félagsins og stefnum að því að gera Fjölni að enn frekara stórveldi í íþróttastarfi.

Við höfum metnað fyrir afrekum allra iðkenda í öllum deildum félagsins.

# Fjölismaður ársins 2019

.....



Jón Karl Ólafsson, formaður Fjölnis ásamt Fjölismönnum ársins 2019, Lilju Björk Ólafsdóttur og Guðmundi Magna Þorsteinssyni.

# Íþróttafólk ársins 2019

.....



Íþróttafólk ársins 2019: Eygló Ósk Gústafsdóttir SDF og Úlfar Jón Andrésson ÍDF.







# Grafarvogur

Grafarvogur er stórt hverfi bæði hvað varðar íbúafjölda en einnig landsvæði og eru íbúar um 18.112 manns á 6.216 heimilum. Í hverfinu er mikil hverfisvitund og líta margir íbúar á Grafarvog sem einskonar bæ innan borgarmarkanna.

Það sem einkennir hverfið er mikil nánd við náttúruna. Þar ber helst að nefna svæði eins og Gufunesið, Grafarvoginn og ánnu Korpu. Hverfið markast einnig af langri og fallegri sjávarsíðu sem umlykur hverfið að stórum hluta. Íbúarnir nýta sér óspart þessar náttúruperlur til útivistar og íþróttaiðkunar.

## Ströndin og hæðirnar eru einkenni Grafarvogs

Sú staðreynd að umdæmið hefur langa strandlengju skilgreinir eðli allra nággranna innan Grafarvogs. Önnur einkenni eru hæðirnar, sem gerðu allt svæðið fullkomið fyrir einbýlishús. Í suðurhlutanum er útsýn yfir Reykjavík og gömlu borgina frá flestum húsum. Þó að íbúarþróun Grafarvogs hafi þróað sterkt hverfi, var næstum eins og héraðinu tiltekið sveitarfélag. Ein af ástæðunum gæti verið stærð og samsetning viðskipta- og íbúðarhverfa sem miðlar tilfinningu að þetta er ekki bara úthverfi heldur einnig samfélag með sjálfsmynd þess.

## Frábær bær í Reykjavík með hverfum sem hafa góða aðgang að útivist

Í Grafarvogi eru frábær tækifæri til útivistar. Gönguleiðir meðfram ströndinni eru fallegar og er frábært útsýni yfir gamla bæinn í Reykjavík og nærliggjandi fjöll. Í Grafarvogi finnur þú einnig krefjandi golfvöll sem staðsettur er við gamla bæinn á Korpúlfsstöðum. Bærinn er mikilvægur staður í sögu Íslands vegna mikils mjólkurbús sem var byggt þar snemma á síðustu öld af einum af frumkvöðlum Íslands, Þór Jenssen. Aðalbyggingin stendur ennþá, og hýsir nú Golfklúbb Reykjavíkur og vinnustofur fyrir listamenn.

## Upplýsingar um hverfið

<https://reykjavik.is/skrifstofaogsvið/grafarvogur>

### TIL GRAFARVOGSHVERFIS TELJAST

Hamrar,	Spöng,
Foldir,	Staðir,
Hús,	Höfðar,
Rimar,	Bryggjuhverfi,
Borgir,	Geirsnef,
Víkur,	Gufunes og
Engi,	Geldinganes.



# BRYGGJUHVERFI II ÁFANGI



Haustið 2016

Mynd: Sigosig

# MÓAVEGUR 2-4



156 íbúðir

Félagsbústaðir með 20% íbúða

Áætlað upphaf framkvæmda: Janúar 2018

Áætluð fyrsta afhending: Maí 2019

Áætluð framkvæmdalok: Desember 2019

Mynd: Yrki Arkitektar



# ELLIDAÁRVOGUR



Mynd: Sigosig

# KELDUR



480 íbúðir

Mynd: Sigosig







# GUFUNES

Skipulag hafið við fyrsta áfangann

350 íbúðir í blandaðri byggð

Mynd: Ivantspijker

# GUFUNES

Mynd: Ivantspijker







# Umf. Fjölur

Ársreikningur samstæðu

2019



## Efnisyfirlit

Áritun um aðstoð við gerð ársreiknings	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sundurliðun eftir deildum 2019	6-7
Sundurliðun eftir deildum 2018	8-9
Skýringar	10-13



## Áritun um aðstoð við gerð ársreiknings

---

Til stjórnar og félagsmanna í Ungmennafélaginu Fjölni.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Ungmennafélagsins Fjölnis vegna ársins 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, um gerð óendurskoðaðra reikningsskila með það að markmiði að aðstoða Ungmennafélagið Fjölni við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir ársreikningnum.

Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Kópavogur, 9. mars 2020

**Deloitte ehf.**

Jónas Gestur Jónasson  
endurskoðandi





## Skýrsla stjórnar

---

Ársreikningur UMF Fjöl意思 árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og deilda þess, sem voru 12 í lok ársins.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 854 millj.kr. á árinu. Tap af rekstrinum nam 27,6 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 195 millj.kr. í lok ársins 2019. Eigið fé í lok ársins nam 86,7 millj.kr.

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Ungmennafélagsins Fjöl意思 koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Ungmennafélagsins Fjöl意思 staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 9. mars 2020

### Í stjórn

Jón Karl Ólafsson (sign)  
formaður

Ásta Björk Matthíasdóttir (sign)  
varaformaður

Styrmir Freyr Böðvarsson (sign)  
ritari

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir (sign)  
meðstjórnandi

Elísa Kristmannsdóttir (sign)  
meðstjórnandi

Hreinn Ólafsson (sign)  
meðstjórnandi

Jósep Grímsson (sign)  
meðstjórnandi

### Framkvæmdastjóri

Guðmundur L. Gunnarsson (sign)

## Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	Samstæða		Aðalsjóður	
		2019	2018	2019	2018
<b>Rekstrartekjur</b>					
Framlög og styrkir .....		423.061	363.159	370.735	307.722
Tekjur af mótum .....		42.197	48.724	785	2.132
Æfingagjöld .....		250.456	206.061	1.615	0
Aðrar tekjur .....		122.343	128.770	32.257	21.816
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		<b>838.058</b>	<b>746.714</b>	<b>405.392</b>	<b>331.670</b>
<b>Rekstrargjöld</b>					
Laun og verktakagreiðslur .....	3	(392.710)	(360.575)	(73.684)	(62.336)
Styrkir til deilda .....		0	0	(34.951)	(19.055)
Þáttaka í mótum .....		(95.155)	(97.011)	(2.301)	(2.145)
Mannvirkjakostnaður .....		(275.548)	(215.287)	(267.271)	(210.201)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(12.431)	(10.698)	(8.282)	(6.892)
Annar rekstrarkostnaður .....		(83.692)	(80.096)	(33.518)	(27.009)
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<b>(859.535)</b>	<b>(763.668)</b>	<b>(420.006)</b>	<b>(327.639)</b>
<b>Rekstrarhagnaður (tap)</b>		<b>(21.478)</b>	<b>(16.955)</b>	<b>(14.614)</b>	<b>4.031</b>
<b>Fjármunatekjur</b>					
Fjármunatekjur .....	4	224	641	36	280
Fjármagnsgjöld .....	4	(6.431)	(6.170)	(2.612)	(2.128)
		(6.207)	(5.528)	(2.575)	(1.848)
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>		<b>(27.685)</b>	<b>(22.483)</b>	<b>(17.190)</b>	<b>2.183</b>



## Efnahagsreikningur 31.12.2019

Eignir	Skýr.	Samstæða		Aðalsjóður	
		31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	5	131.212	126.905	128.574	124.433
Aðrar óefnislegar eignir .....	6	4.300	4.600	0	0
Áhættufjármunir og langtímakröfur .....		100	100	100	100
		<u>135.612</u>	<u>131.605</u>	<u>128.674</u>	<u>124.533</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
Skammtímakröfur .....	7	39.818	36.149	40.670	8.008
Handbært fé .....	7	19.642	1.787	19.642	22.559
		<u>59.460</u>	<u>37.935</u>	<u>60.312</u>	<u>30.567</u>
<b>Eignir</b>		<u>195.072</u>	<u>169.540</u>	<u>188.985</u>	<u>155.100</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>					
<b>Eigið fé</b>					
Óráðstafað eigið fé .....	8	86.730	112.941	120.750	137.590
Eigið fé		<u>86.730</u>	<u>112.941</u>	<u>120.750</u>	<u>137.590</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir .....	9	88.906	56.599	48.799	17.510
Skuldir við lánastofnanir .....	9	19.436	0	19.436	0
		<u>108.342</u>	<u>56.599</u>	<u>68.235</u>	<u>17.510</u>
Skuldir		<u>108.342</u>	<u>56.599</u>	<u>68.235</u>	<u>17.510</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>195.072</u>	<u>169.540</u>	<u>188.985</u>	<u>155.100</u>



## Yfirlit deilda

	Aðal- sjóður	Knatt- spyrnu- deild	Sund- deild	Fimleika- deild	Hand- knattleiks- deild	Frjáls- íþróttá- deild	Karate- deild
<b>Rekstrartekjur</b>							
Framlög og styrkir .....	361.717	27.576	1.938	651	7.780	1.868	0
Aðalstyrktaraðilar / úthlutað til deilda .....	9.018	25.100	0	300	3.000	0	0
Félags- og æfingagjöld .....	1.615	55.712	14.735	97.011	13.824	7.513	6.087
Húsaleiga á íþróttamannvirki .....	0	0	0	0	0	0	0
Mótatekjur .....	785	11.777	1.794	7.106	5.819	791	100
Lottó og getraunir .....	0	1.157	0	0	0	0	0
Fjárafllanir .....	0	42.222	4.339	6.129	6.957	599	976
Tekjur af félagaskiptum .....	0	3.236	0	0	0	0	0
Aðrar tekjur .....	32.257	0	0	0	0	1.171	0
	<u>405.392</u>	<u>166.780</u>	<u>22.807</u>	<u>111.196</u>	<u>37.380</u>	<u>11.941</u>	<u>7.163</u>
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun, orlof, dagpeningar .....	59.792	8.922	3.642	76.561	5.368	6.110	1.888
Ökutækjastyrkir .....	656	0	0	2.048	180	0	720
Launatengd gjöld .....	12.837	1.694	715	16.441	926	1.139	406
Verktakagreiðslur .....	399	82.279	13.780	1.648	19.628	466	1.788
Kostnaður vegna keppenda og þjálfara .....	0	5.663	0	0	758	0	0
Greiðslur vegna félagaskipta .....	0	2.971	0	0	245	0	0
Leikja/mótakostnaður og sérsambönd .....	311	20.076	2.053	7.356	6.601	595	788
Ferðakostnaður .....	1.990	23.695	2.932	50	5.025	827	100
Búningar og merkingar .....	162	2.611	330	1.138	787	410	278
Áhöld og tæki .....	548	578	45	240	665	93	17
Styrkir til deilda .....	34.951	0	1.615	0	100	0	0
Rekstur húsnæðis og valla .....	267.271	0	0	0	0	0	0
Sjoppa á leikvöllum .....	0	850	0	311	241	0	0
Sími, prentun og skrifstofukostnaður .....	8.282	1.935	124	558	249	0	0
Kostnaður vegna fjáröflunar .....	18.269	7.532	555	2.636	1.480	63	3
Námskeið og annar kostnaður .....	14.539	1.349	303	1.414	344	2	689
	<u>420.006</u>	<u>160.154</u>	<u>26.094</u>	<u>110.400</u>	<u>42.598</u>	<u>9.705</u>	<u>6.677</u>
<b>Hagnaður fyrir fjármagnsliði</b>	(14.614)	6.625,334	(3.287)	796	(5.218)	2.237	486
Vaxtatekjur .....	36	65	12	4	50	34	1
Vaxtagjöld .....	(2.612)	(1.288)	(214)	(122)	(257)	(181)	(104)
<b>Afkoma ársins</b> .....	<u>(17.190)</u>	<u>5.402</u>	<u>(3.489)</u>	<u>677</u>	<u>(5.424)</u>	<u>2.090</u>	<u>383</u>



# árið 2019

Tennis- deild	ÍAF- deild	Skák- deild	Körfu- knattleiks- deild	Hokki- deild	Listskauta- deild	Samtals	Milli- færslur	Samtals
0	0	2.330	4.992	4.358	733	413.942	0	413.942
0	0	0	3.000	2.000	3.582	46.000	(36.881)	9.119
3.224	0	0	18.483	9.651	22.600	250.456	0	250.456
6.147	0	0	0	0	0	6.147	0	6.147
0	0	190	10.591	851	2.394	42.197	0	42.197
0	0	0	0	0	0	1.157	0	1.157
0	0	0	12.018	3.777	838	77.856	0	77.856
0	0	0	0	0	0	3.236	0	3.236
0	0	98	0	421	0	33.947	0	33.947
<b>9.371</b>	<b>0</b>	<b>2.618</b>	<b>49.083</b>	<b>21.059</b>	<b>30.147</b>	<b>874.938</b>	<b>(36.881)</b>	<b>838.058</b>
0	0	0	1.929	6.714	18.419	189.345	0	189.345
0	0	0	0	748	147	4.499	0	4.499
0	0	0	564	1.412	3.907	40.041	0	40.041
2.846	0	0	28.748	2.671	4.573	158.825	0	158.825
0	0	0	1.027	1.023	770	9.241	0	9.241
0	0	0	1.303	175	0	4.694	0	4.694
0	0	1.712	6.086	1.743	1.299	48.621	0	48.621
0	0	333	4.888	4.859	1.836	46.534	0	46.534
0	0	0	1.949	753	0	8.419	0	8.419
32	0	237	24	0	8	2.485	0	2.485
0	0	15	0	0	200	36.881	(36.881)	0
6.147	0	0	2.130	0	0	275.548	0	275.548
0	0	97	513	55	0	2.067	0	2.067
0	0	0	320	420	545	12.431	0	12.431
0	0	0	4.302	1.828	5	36.673	0	36.673
11	316	0	957	92	95	20.110	0	20.110
<b>9.036</b>	<b>316</b>	<b>2.394</b>	<b>54.739</b>	<b>22.493</b>	<b>31.804</b>	<b>896.416</b>	<b>(36.881)</b>	<b>859.535</b>
336	(316)	225	(5.656)	(1.435)	(1.657)	(21.478)	0	(21.478)
0	1	3	16	1	2	224	0	224
(234)	(0)	(4)	(709)	(266)	(439)	(6.431)	0	(6.431)
<b>101</b>	<b>(316)</b>	<b>224</b>	<b>(6.349)</b>	<b>(1.700)</b>	<b>(2.094)</b>	<b>(27.685)</b>	<b>0</b>	<b>(27.685)</b>

## Yfirlit deilda

	Aðal- sjóður	Knatt- spyrnu- deild	Sund- deild	Fimleika- deild	Hand- knattleiks- deild	Frjáls- íþróttá- deild	Karate- deild
<b>Eignir</b>							
Fastafjármunir .....	128.574	661	0	1.977	0	0	0
Óefnislegar eignir .....	0	4.300	0	0	0	0	0
Eignarhlutur í öðrum félögum .....	100	0	0	0	0	0	0
Viðskiptakröfur .....	4.095	12.003	1.799	7.285	4.776	568	218
Kröfur á aðrar deildir .....	35.956	16.000	3.620	15.154	0	5.980	3.851
Kortakröfur .....	9	285	97	161	214	0	0
Aðrar skammtímaskröfur .....	610	0	0	1.007	0	0	0
Bankainnstæður .....	19.642	0	0	0	0	0	0
	<u>188.985</u>	<u>33.249</u>	<u>5.517</u>	<u>25.584</u>	<u>4.990</u>	<u>6.548</u>	<u>4.069</u>
<b>Skuldir og eigið fé</b>							
Eigið fé .....	120.750	356	4.760	9.673	(38.140)	5.717	3.755
Skuldir við lánastofnanir .....	19.436	0	0	0	0	0	0
Skuldir við aðrar deildir .....	16.000	13.281	0	0	35.440	0	0
Viðskiptaskuldir .....	12.016	6.182	498	5.511	5.039	390	178
Ýmsar skammtímaskuldir .....	20.782	13.430	258	10.400	2.651	441	135
	<u>188.985</u>	<u>33.249</u>	<u>5.517</u>	<u>25.584</u>	<u>4.990</u>	<u>6.548</u>	<u>4.069</u>





## árið 2019

Tennis- deild	ÍAF- deild	Skák- deild	Körfu- knattleiks- deild	Hokki- deild	Listskauta- deild	Samtals	Milli- færslur	Samtals
0	0	0	0	0	0	131.212	0	131.212
0	0	0	0	0	0	4.300	0	4.300
0	0	0	0	0	0	100	0	100
40	0	0	4.919	324	469	36.496	0	36.496
0	339	2.100	0	1.572	0	84.571	(84.571)	0
0	0	0	558	0	0	1.324	0	1.324
0	0	0	0	0	380	1.997	0	1.997
0	0	0	0	0	0	19.642	0	19.642
40	339	2.100	5.478	1.896	849	279.643	(84.571)	195.072
(72)	339	2.100	(21.332)	506	(1.684)	86.730		86.730
0	0	0	0	0		19.436	0	19.436
112	0	0	18.512	0	977	84.321	(84.321)	0
0	0	0	4.661	1.007	443	35.925	(250)	35.675
0	0	0	3.637	383	1.113	53.231	0	53.231
40	339	2.100	5.478	1.896	849	279.643	(84.571)	195.072

## Yfirlit deilda

	Aðal- sjóður	Knatt- spyrnu- deild	Sund- deild	Fimleika- deild	Hand- knattleiks- deild	Frjáls- íþróttá- deild
<b>Rekstrartekjur</b>						
Framlög og styrkir .....	294.814	39.997	1.507	277	6.711	955
Aðalstyrktaraðilar / úthlutað til deilda .....	12.908	13.153	0	150	3.000	150
Félags- og æfingagjöld .....	0	53.109	15.015	93.965	13.003	6.744
Húsaleiga á íþróttamannvirki .....	0	0	0	0	0	0
Mótatekjur .....	2.132	24.954	1.089	7.649	3.795	933
Lottó og getraunir .....	0	1.548	0	0	0	0
Fjárafilanir .....	0	44.703	2.736	15.558	9.094	1.112
Tekjur af félagaskiptum .....	0	16.625	0	0	0	0
Aðrar tekjur .....	21.816	0	0	0	0	196
	<u>331.670</u>	<u>194.090</u>	<u>20.347</u>	<u>117.600</u>	<u>35.602</u>	<u>10.090</u>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun, orlof, dagpeningar .....	49.007	22.134	8.338	78.761	15.429	6.337
Ókutækjastyrkur .....	525	185	0	1.619	742	0
Launatengd gjöld .....	10.211	4.439	1.476	16.368	2.878	1.146
Verktakagreiðslur .....	2.593	91.146	4.630	1.882	12.234	120
Kostnaður vegna keppenda og hjálfa .....	0	13.739	0	1.150	993	148
Greiðslur vegna félagaskipta .....	0	2.616	0	0	88	0
Leikja/mótakostnaður og sérsambönd .....	350	18.079	2.664	8.722	4.730	1.044
Ferðakostnaður .....	1.795	29.719	1.267	8.501	7.506	14
Búningar og merkingar .....	185	2.364	163	2.726	227	0
Áhöld og tæki .....	1.468	701	0	179	899	0
Styrkir til deilda .....	19.055	0	0	0	0	0
Rekstur húsnæðis og valla .....	210.201	0	0	0	0	0
Sjoppa á leikvöllum .....	0	2.710	0	77	169	0
Sími, prentun og skrifstofukostnaður .....	6.892	2.142	82	517	1.066	0
Kostnaður vegna fjáröflunar .....	10.450	6.182	220	3.376	386	954
Námskeið og annar kostnaður .....	14.906	524	318	765	589	4
	<u>327.639</u>	<u>196.681</u>	<u>19.158</u>	<u>124.643</u>	<u>47.935</u>	<u>9.767</u>
<b>Hagnaður fyrir fjármagnsliði</b>	4.031	(2.590,519)	1.189	(7.044)	(12.332)	324
Vaxtatekjur .....	280	24	13	293	4	11
Vaxtagjöld .....	(2.128)	(1.199)	(260)	(1.311)	(550)	(113)
	<u>2.183</u>	<u>(3.766)</u>	<u>942</u>	<u>(8.061)</u>	<u>(12.879)</u>	<u>222</u>



# árið 2018

Karate- deild	Tennis- deild	ÍAF- deild	Skák- deild	Körfu- knattleiks- deild	Samtals	Milli- færslur	Samtals
0	0	280	2.884	2.277	349.703	0	349.703
150	0	0	0	3.000	32.511	(19.055)	13.456
5.701	1.908	578	0	16.038	206.061	0	206.061
0	5.086	0	0	0	5.086	0	5.086
33	0	0	0	8.139	48.724	0	48.724
0	0	0	0	0	1.548	0	1.548
543	0	0	50	9.062	82.858	0	82.858
0	0	0	0	0	16.625	0	16.625
641	0	0	0	0	22.652	0	22.652
<b>7.068</b>	<b>6.994</b>	<b>858</b>	<b>2.934</b>	<b>38.515</b>	<b>765.769</b>	<b>(19.055)</b>	<b>746.714</b>
1.296	0	0	0	0	181.301	0	181.301
480	0	0	0	0	3.551	0	3.551
274	0	0	0	0	36.791	0	36.791
1.921	2.351	1.102	10	20.944	138.932	0	138.932
36	0	0	190	3.290	19.545	0	19.545
0	0	0	0	605	3.309	0	3.309
1.125	0	0	1.819	4.899	43.433	0	43.433
100	0	0	300	4.377	53.578	0	53.578
197	80	0	0	1.298	7.241	0	7.241
108	29	0	0	256	3.640	0	3.640
0	0	0	0	0	19.055	(19.055)	0
0	5.086	0	0	0	215.287	0	215.287
0	0	0	0	303	3.260	0	3.260
0	0	0	0	0	10.698	0	10.698
0	0	0	0	4.015	25.583	0	25.583
47	0	0	0	364	17.518	0	17.518
<b>5.584</b>	<b>7.546</b>	<b>1.102</b>	<b>2.319</b>	<b>40.351</b>	<b>782.723</b>	<b>(19.055)</b>	<b>763.668</b>
1.484	(552)	(244)	615	(1.836)	(16.955)	0	(16.955)
4	4	1	2	4	641	0	641
(2)	(143)	(14)	(2)	(446)	(6.170)	0	(6.170)
<b>1.485</b>	<b>(691)</b>	<b>(256)</b>	<b>616</b>	<b>(2.277)</b>	<b>(22.483)</b>	<b>0</b>	<b>(22.483)</b>



## Yfirlit deilda

	Aðal- sjóður	Knatt- spyrnu- deild	Sund- deild	Fimleika- deild	Hand- knattleiks- deild	Frjáls- íþróttá- deild
<b>Eignir</b>						
Fastafjármunir .....	124.433	0	0	2.472	0	0
Óefnislegar eignir .....	0	4.600	0	0	0	0
Eignarhlutur í öðrum félögum .....	100	0	0	0	0	0
Viðskiptakröfur .....	6.450	9.023	1.339	7.092	4.326	989
Kortakröfur .....	378	296	46	281	90	0
Aðrar skammtímakröfur .....	1.180	300	0	872	0	0
Bankainnstæður .....	22.559	0	7.658	8.845	0	4.057
	<u>155.100</u>	<u>14.219</u>	<u>9.043</u>	<u>19.562</u>	<u>4.416</u>	<u>5.046</u>
<b>Skuldir og eigið fé</b>						
Eigið fé .....	137.590	(4.722)	8.249	10.166	(32.716)	3.627
Skuldir við lánastofnanir .....	0	4.634	0	0	31.984	0
Viðskiptaskuldir .....	2.343	4.808	394	3.495	2.699	620
Ýmsar skammtímaskuldir .....	15.167	9.498	400	5.901	2.449	799
	<u>155.100</u>	<u>14.219</u>	<u>9.043</u>	<u>19.562</u>	<u>4.416</u>	<u>5.046</u>



## árið 2018

Karate- deild	Tennis- deild	ÍAF- deild	Skák- deild	Körfu- knattleiks- deild	Samtals	Milli- færslur	Samtals
0	0	0	0	0	126.905	0	126.905
0	0	0	0	0	4.600	0	4.600
0	0	0	0	0	100	0	100
104	35	36	200	2.905	32.499	0	32.499
0	0	0	0	207	1.297	0	1.297
0	0	0	0	0	2.352	0	2.352
3.369	0	619	1.676	0	48.782	(46.996)	1.787
3.473	35	655	1.876	3.112	216.536	(46.996)	169.540
3.372	(173)	655	1.876	(14.983)	112.941	0	112.941
0	208	0	0	10.169	46.996	(46.996)	0
0	0	0	0	5.641	19.999	0	19.999
100	0	0	0	2.285	36.599	0	36.599
3.473	35	655	1.876	3.112	216.536	(46.996)	169.540

## Skýringar

---

### 1. Starfsemi

Ungmennafélagið Fjölnir er íþrótt- og æskulýðsfélag í Grafarvogi, Reykjavík, með starfsemi í 12 deildum. Félagið skiptist í aðalsjóð, fimleikadeild, frjálsíþróttadeild, handknattleiksdeild, karatedeild, knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, skákdeild, sunddeild, tennisdeild hokkídeild og listskautadeild.

### 2. Reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Ungmennafélagsins Fjölnis fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

#### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

#### Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings aðalsjóðs og ársreikninga deilda sem eru undir stjórn aðalstjórnar.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

#### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

#### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.





## Skýringar

### 2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

#### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna eru eignir vegna viðskiptasamninga, einkaleyfa og hugbúnaðar. Eignir þessar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning.

#### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

#### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### 3. Laun og verktakagreiðslur

	Samstæða		Aðalsjóður	
	2019	2018	2019	2018
Laun og bifreiðastyrkur .....	193.844	184.853	60.448	49.532
Launatengd gjöld .....	40.041	36.791	12.837	10.211
Verktakagreiðslur .....	158.825	138.932	399	2.593
	<u>392.710</u>	<u>360.575</u>	<u>73.684</u>	<u>62.336</u>

### 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

	Samstæða		Aðalsjóður	
	2019	2018	2019	2018
Vaxtatekjur .....	224	641	36	280
	<u>224</u>	<u>641</u>	<u>36</u>	<u>280</u>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vextir og dráttarvextir .....	(6.431)	(6.170)	(2.612)	(2.128)
	<u>(6.431)</u>	<u>(6.170)</u>	<u>(2.612)</u>	<u>(2.128)</u>
	<u>(6.207)</u>	<u>(5.528)</u>	<u>(2.575)</u>	<u>(1.848)</u>

## Skýringar

### 5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Samstæða	Mannvirki	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>			
Staða í ársbyrjun .....	118.111	17.590	135.701
Eignfært á árinu .....	0	6.886	6.886
Staða í árslok .....	118.111	24.476	142.587
<b>Afskriftir</b>			
Staða í ársbyrjun .....	0	8.796	8.796
Afskrift ársins .....	0	2.579	2.579
Staða í árslok .....	0	11.375	11.374.809
<b>Bókfært verð</b>			
Bókfært verð í ársbyrjun .....	118.111	8.794	126.905
Bókfært verð í árslok .....	118.111	13.101	131.212

### 6. Aðrar óefnislegar eignir

Samstæða	Eignfærð leikmannakaup	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>		
Staða í ársbyrjun .....	4.600	4.600
Afskrifað á árinu .....	(300)	(300)
Staða í árslok .....	4.300	4.300
<b>Bókfært verð</b>		
Bókfært verð í ársbyrjun .....	4.600	4.600
Bókfært verð í árslok .....	4.300	4.300

### 7. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	Samstæða		Aðalsjóður	
	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
Innlendar viðskiptakröfur .....	36.496	32.499	4.095	6.450
Greiðslukortakröfur .....	1.324	1.297	9	378
Aðrar kröfur .....	1.998	2.352	610	1.180
Kröfur á aðrar deildir .....			35.956	0
	39.818	36.149	40.670	8.008



## Skýringar

### 7. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

#### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	Samstæða		Aðalsjóður	
	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	19.642	1.787	19.642	22.559
	<u>19.642</u>	<u>1.787</u>	<u>19.642</u>	<u>22.559</u>

### 8. Eigið fé

Samstæða	Endurmats reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1. 2018 .....	9.700	127.370	137.070
Endurmat leikmanna .....	(800)	0	(800)
Aðrar breytingar .....	(2.100)	1.255	(845)
Hagnaður ársins .....	0	(22.484)	(22.484)
Eigið fé 1.1. 2019 .....	6.800	106.141	112.941
Endurmat leikmanna .....	(300)	0	(300)
Aðrar breytingar .....	0	1.774	1.774
Tap ársins .....	0	(27.685)	(27.685)
Eigið fé 31.12. 2019 .....	<u>6.500</u>	<u>80.230</u>	<u>86.730</u>

### 9. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	Samstæða		Aðalsjóður	
	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
Viðskiptaskuldir .....	35.675	19.999	12.016	2.343
Ýmsar skammtímaskuldir .....	53.231	36.599	36.782	15.167
Skuldir við lánastofnanir .....	19.436	0	19.436	0
	<u>108.342</u>	<u>56.599</u>	<u>68.235</u>	<u>17.510</u>

### 10. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 9. mars 2020